4



Hrossa- og folaldakjöt selt til Japan

28-29



Bruggmenning á Íslandi opnar á möguleika fyrir nýja afþreyingu

30



Sauðfé er fljótt að læra og skynsamt

# Bændablaðið

3. tölublað 2017 • Fimmtudagur 9. febrúar • Blað nr. 484 • 23. árg. • Upplag 32.000



Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson, ábúendur að Kaldbak á ofanverðum Rangárvöllum, með snævi þakta Heklu í bakgrunninum. – Sjá umfjöllun um afar sérstaka nafnahefð á sauðfé á bænum á bls. 24 til 26.

Mynd / VH

# Íslensk mjaltaþjónabú setja nýtt heimsmet

## – Hvergi í heiminum er hlutfallslega eins mikið mjólkað með mjaltaþjónum og hér á landi og er hlutfall búa komið í 41,8%

**Nú liggur fyrir uppgjör ársins 2016 um mjólkurframleiðslu kúabúa með mjaltaþjóna en uppgjör sem þetta hefur hingað til verið gert annað hvert ár. Nú hefur verið gerð sú breyting á að uppgjörið er gert árlega þar sem útbreiðsla mjaltaþjóna er orðin mjög mikil á Íslandi.**

Alls voru um áramótin 150 kúabú með mjaltaþjóna í notkun, en árið 2015 voru þau 135 og voru þessi 150 kúabú með alls 188 mjaltaþjóna sem er fjölgun um 23 mjaltaþjóna á einu ári. Enn einu sinni var sett nýtt met þegar horft er til innvigtunar mjólkur frá mjaltaþjónabúum en hlutfallið fór úr 37,2% árið 2015 í 41,8% árið 2016 og er þetta hlutfall það hæsta sem vitað er um í heiminum en Ísland hefur setið á þessu heimsmeti nú í tvö ár í röð. Á nýliðnu ári voru þrjár tegundir mjaltaþjóna í notkun hér á landi, þ.e. GEA, Lely og DeLaval.

Þetta kemur m.a. fram í umfjöllun Snorra Sigurðssonar á bls. 42 og 43 í blaðinu í dag. Snorri er sviðsstjóri mjólkurgæðasviðs dýralækninga- og gæðadeildar SEGES í Danmörku og hefur verið pistlahöfundur Bændablaðsins um árabil.

### *Hæsta hlutfall í heimi*

Snorri segir að undanfarin ár hafi hlutfall mjólkur frá mjaltaþjónabúum aukist jafnt og þétt hér á landi. Á síðasta ári nam innvigtun frá þessum búum alls 62,8 milljónum lítra. Það ár var heildarinnvigtunin hér á landi 150,3 milljónir lítra og stóðu mjaltaþjónabúin því undir 41,8% allrar innveginnar mjólkur hér á landi. Þetta hlutfall er einnig það hæsta sem vitað er um í heiminum. Aukningin á innvigtuninni frá mjaltaþjónabúum landsins var alls 6,5 milljónir lítra á síðasta ári, eða sem nemur 15,7% á einu ári.

Telur Snorri að hægt ætti að vera að auka nýtingu þeirra mjaltaþjóna sem nú eru í notkun. Hún er nú að meðaltali um 64,4% sé horft til afurðasemi þess mjaltaþjóns sem mestu skilar á landinu öllu. Þetta hlutfall gæti mögulega farið í um 70% að mati Snorra.

### *Hvert bú með 418 þúsund lítra að jafnaði*

Að jafnaði var hvert mjaltaþjónabú að leggja inn 418 þúsund lítra á síðasta ári en til samanburðar má geta þess að önnur bú á landinu lögðu inn að jafnaði 181 þúsund lítra. Munurinn eru 238 þúsund lítrar sem er töluverð aukning á milli ára.

Bilið í bústærð er því að aukast töluvert og eru mjaltaþjónabúin nú að jafnaði 2,3 sinnum stærri en bú sem nota hefðbundna mjaltatækni. Árið 2015 var þessi munur minni, en þá lögðu mjaltaþjónabúin inn að jafnaði 403 þúsund lítra og önnur bú 190 þúsund lítra.

Árið 2016 var hvert mjaltaþjónabú með að meðaltali 1,25 mjaltaþjóna (118 bú með 1 mjaltaþjón, 27 bú með 2 mjaltaþjóna, 4 bú með 3 mjaltaþjóna og 1 bú með 4 mjaltaþjóna).

Innvigtunin frá hverjum mjaltaþjóni var að jafnaði 334 þúsund lítrar á síðasta ári sem er aukning á milli ára um 5 þúsund lítra. Þrátt fyrir þessa aukningu telur Snorri dagljóst að nýtingu mjaltaþjóna hér á landi megi stórbæta. Enda sé afar mikill munur á milli búanna þegar horft er til innvigtunar frá hverjum mjaltaþjóni að jafnaði. /*HKr.*



**Hof á Akureyri.** Mynd / Auðunn Níelsson

## Ársfundur BÍ í Hofi:
# Búskapur morgundagsins

**Föstudaginn 3. mars verður ársfundur Bændasamtakanna haldinn í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Þetta er í fyrsta sinn sem samtökin halda ársfund en Búnaðarþing er nú haldið á tveggja ára fresti.**

Ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum verður haldin opin ráðstefna þar sem framtíð íslensks landbúnaðar verður til umfjöllunar undir kjörorðinu „Búskapur morgundagsins". Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra ávarpar ráðstefnuna en síðan taka við fjölbreytt erindi og umræður. Meðal fyrirlesara eru Ari Trausti Guðmundsson alþingismaður sem fjallar um nýsköpun, sjálfbærni og kolefnislausnir í landbúnaði og Auður Magnúsdóttir, hjá LbhÍ sem fjallar um sjálfbærni og tækifæri til aukinnar hagsældar. Þá mun Oddný Anna Björnsdóttir, sem starfar hjá Krónunni, fjalla um strauma og stefnur í versluninni.

Tækniáhugamenn fá eitthvað fyrir sinn snúð því Finnbogi Magnússon landbúnaðartæknifræðingur mun fjalla um nýjustu tækni í landbúnaðartækjum og orkunotkun. Bessi Freyr Vésteinsson, vélaverktaki og bóndi í Hofsstaðaseli, segir frá reynslu sinni af vélaverktöku og ræðir tæknilausnir og hagkvæmni í þeim efnum. Í lokin mun Brynjar Már Karlsson, sem starfar við nýsköpun og þróun hjá Marel, segja frá tækni við úrvinnslu búvara, meðal annars m.t.t. rekjanleika og upplýsingagjafar til neytenda. Ráðstefnan er öllum opin.

*Bændahátíð um kvöldið*

Um kvöldið verður haldin bændahátíð í Hofi þar sem bændum landsins og velunnurum landbúnaðarins gefst kostur á að gera sér glaðan dag. Miðaverð er einungis 7.500 kr. fyrir félagsmenn BÍ. Fullt verð er 8.900 kr. Nánari upplýsingar um kvöldskemmtunina, skemmtiatriði og matseðil, er að finna á www.bondi.is og í auglýsingu hér í blaðinu á bls. 33. Miðapantanir er hægt að gera í síma 563-0300 og á bondi.is til 28. febrúar. */TB*



# Atvinnuleysi 2,5% í árslok 2016

**Á fjórða ársfjórðungi 2016 voru að jafnaði 196.700 manns á aldrinum 16 til 74 ára á vinnumarkaði. Af þeim voru 191.700 starfandi og 5.000 án vinnu og í atvinnuleit.**

Atvinnuþátttaka mældist 83%, hlutfall starfandi mældist 80,9% og atvinnuleysi var 2,5%. Frá fjórða ársfjórðungi 2015 fjölgaði starfandi fólki um 8.400 og hlutfallið jókst um 1,9 prósentustig. Atvinnulausum fækkaði á sama tíma um 900 manns og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli lækkaði um 0,6 prósentustig. Atvinnulausar konur voru 2.500 og var atvinnuleysi á meðal kvenna 2,7%. Atvinnulausir karlar voru 2.500 eða 2,4%. Atvinnuleysi var 2,8% á höfuðborgarsvæðinu og 2% utan þess. */VH*

## Breytingar verða á úthlutun tollkvóta og nýir tollasamningar taka gildi á árinu:
# Áhrifin geta orðið umtalsverð

**Fljótlega eftir að ný ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum var ljóst að stefnt yrði að breytingum í úthlutun á tollkvótum búvara á nýju ári. Það kom fram í stjórnarsáttmála að endurskoða þyrfti ráðstöfun innflutningskvóta og var síðan ítrekað af Benedikt Jóhannessyni fjármálaráðherra og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**



**Björgvin Jón Bjarnason, formaður svínabænda.** Mynd / HKr.



**„Lækkun tekna og hækkun útgjalda er að jafnaði ekki skynsamlegur kokkteill, en upp á þetta er boðið í þessu samspili tollasamninga og fjárfestinga við að uppfylla aðbúnaðarreglugerð."** Mynd / smh

*Dýrir tollkvótar geta leitt til hærra matvöruverðs*

Breytingarnar á úthlutunum hafa ekki verið útfærðar en Benedikt sagði á Alþingi, við umræður um stefnuræðu forsætisráðherra, að dýrir tollkvótar mættu ekki verða til þess að hækka matvöruverð til neytenda óeðlilega mikið. Eins og fyrirkomulagið hefur verið fram að þessu hefur verið boðið í þessa kvóta, ef eftirspurn er umfram framboð. Sá sem býður hæst hverju sinni fær kvótann, en sé engin umfram eftirspurn er ekkert greitt fyrir hann. Aðrar mögulegar leiðir gætu til dæmis falist í úthlutun með hlutkesti eða að þeir fái úthlutun sem fyrstir sækja um.

Tilgangur boðaðra breytinga er því að koma í veg fyrir að verð á þessum búvörunum til neytenda hækki of mikið.

Líklegt er að áhrifin verði enn meiri í kjölfar gildistöku tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins (ESB), sem var undirritaður síðastliðið haust um gagnkvæma niðurfellingu á tollum. Ísland hefur þegar fullgilt samninginn en ESB hefur ekki lokið því sín megin.

*Tekur líklega gildi seint á árinu*

Endurskoðuð tollalög tóku gildi um síðustu áramót og þar með er innflutningur hingað til lands orðinn að mestu tollfrjáls, nema á tilteknum landbúnaðarvörum. Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að eftir standi einkum tollar á þeim landbúnaðarvörum sem einnig eru framleiddar hér á landi. „Nánar tiltekið megum við leggja tolla á rúman þriðjung (37,4 prósent) þeirra tollnúmera sem ná yfir landbúnaðarvörur í tollskrá. Eins og fyrir liggur hafa flestar landbúnaðarvörur verið fluttar inn hér án tolla lengi; svo sem allar kornvörur, allir ávextir og mest af grænmeti – sem sumt ber þó tolla þegar íslensk framleiðsla er í boði. Athugið að hérna er ég að tala um almenna tolla. Innflutningur frá einstökum svæðum eins og ESB er rýmri. Sambandið telur sjálft að með gildistöku nýs tollasamnings þá verði hægt að flytja 90 prósent þeirra landbúnaðarvara sem framleiddar eru innan ESB, tollfrjálst til Íslands.

Tollasamningurinn milli Íslands og Evrópusambandsins var fullgiltur af Íslandi síðastliðið haust en ekki ESB. Dagsetning gildistöku hans liggur ekki fyrir. Samningurinn þarf að fara fyrir Evrópuþingið og við vitum ekki hvenær afgreiðslu þess lýkur. Nú stendur yfir umfjöllun í þingnefnd. Að fengnu samþykki þingsins þá er endanleg staðfesting í höndum ráðherraráðsins. Eftir að báðir aðilar hafa lokið öllum formsatriðum og skipst á bréfum þess efnis þá er gildistakan sjálf 6 mánuðum síðar.

Fram að gildistöku getur hvorugur nýtt sér samninginn hvorki til að flytja vörur inn eða út. Samningur sem gerður var samhliða um gagnkvæma viðurkenningu afurðaheita hangir saman við tollasamninginn þannig að hann tekur gildi samhliða. Miðað við að málið er ekki komið lengra en raun ber vitni finnst mér ekki líklegt að samningurinn taki gildi fyrr en undir lok þessa árs," segir Sigurður.

*Þrengir að svína- og kjúklingabændum*

Í samningunum við ESB felst að tollar verða felldir niður á yfir 340 tollskrárnúmerum gagnkvæmt milli samningsaðila, auk þess sem lækkun verður á yfir tuttugu öðrum.

Ekki báru allar vörur á þessum númerum tolla á Íslandi og því er um að ræða raunverulega niðurfellingu tolla á yfir 100 tollskrárnúmerum sem áður báru tolla.

Evrópusambandið fellir niður tolla á 8.800 tonnum af íslenskum búvörum. Á móti fellir Ísland niður toll á 3.812 tonnum. Tollfrjáls kvóti af svínakjöti inn á Íslandsmarkað er nú 200 tonn, en verður 700 tonn eftir breytingarnar. Kvóti fyrir alifuglakjöt var einnig 200 tonn en verður 856. Þá er verulega bætt í kvóta fyrir nautakjöt, sem fer úr 100 tonnum í 696 tonn.

Líklegt er að einhverjir íslenskir svína- og kjúklingabændur muni fara illa út úr þessum tollabreytingunum. Það sem snýr að þeim kemur til framkvæmda á fyrstu tveimur árum samningsins.

Samkeppnisumhverfi þessara bænda mun harðna og samhliða þurfa takast þeir á við breytingar á húsakosti sínum til að mæta hertum aðbúnaðarkröfum.

*Mun reyna á þolrif íslenskra svínabænda*

Björgvin Jón Bjarnason, formaður svínabænda, segir stöðuna sem blasir við svínabændum frekar óvenjulega. „Við sjáum í fyrsta sinn í innflutningstölum fyrir nóvember 2016 að innflutt magn af svínakjöti er um 85 prósent af innlendri framleiðslu mánaðarins, sé miðað við dýr á fæti. Nokkra mánuði á undan hafði innflutningur numið um 40-50 prósent af innlendri framleiðslu. Þessar tölur boða nýjan veruleika fyrir okkar stétt," segir Björgvin. Hann telur að óvissa sé með afleiðingarnar á greinina af hinum nýja tollasamningi. „Það er ekki gott að segja til um áhrifin á markaðinn. Það sem er erfiðast fyrir markaðinn er að ekki er hægt að sjá fyrir um framboðið. Ein af meginforsendum svínaræktar er að losna við gripi til slátrunar á réttum tíma. Miklar sveiflur í innflutningi geta valdið jafnt skorti og offramboði á ákveðnum vöruliðum. Hvorugur kosturinn er góður fyrir markaðinn, til lengri tíma litið. Svín eru haldin á nálægt 20 búum á landinu. Gangi forsendur sérfræðiskýrslna eftir, sem voru unnar fyrir okkur vegna kostnaðar við aðbúnaðarreglugerð sem og áhrif tollasamnings, mun reyna mjög á þolrif íslenskra svínabænda á næstu misserum. Lækkun tekna og hækkun útgjalda er að jafnaði ekki skynsamlegur kokkteill, en upp á þetta er boðið í þessu samspili tollasamninga og fjárfestinga við að uppfylla aðbúnaðarreglugerð. Í flestum nágrannalöndum okkar eru þessar fjárfestingar styrktar býsna myndarlega, enda er þetta átak í dýravelferð skilgreint sem samfélagsverkefni en ekki einkamál hvers bónda. Þessi skilningur hefur því miður ekki verið ríkjandi hér á landi.

Þá er einnig fremur grátbroslegt að horfa upp á að engin tilraun virðist vera gerð í að afla upplýsinga um hvort þær afurðir sem fluttar eru inn séu af dýrum sem hafa hlotið svipaða meðferð og áskilin er hérlendis. Það er reyndar ljóst í veigamiklum atriðum, að svo er ekki.

Langkostnaðarsömustu breytingar sem þarf að gera á íslenskum svínabúum snúa að gyltuhaldi. Samkvæmt aðbúnaðarreglugerð þarf annaðhvort að breikka bása verulega eða að halda gyltur í lausagöngu. Þessi breyting kallar á heilmiklar framkvæmdir og fjárfestingar í innréttingum, breytingar á fóðurkerfum og fleira. Seinna mun einnig þurfa að skipta út öllum gotbásum svínabúanna. Breytingar vegna eldisgrísa eru flestar einfaldari.

Aukin rýmisþörf á hverja gyltu mun draga úr innlendri framleiðslu svínakjöts, nema að menn fjárfesti í nýjum gyltubúum."

*Ósanngjörn samkeppni*

Ingimundur Bergmann, formaður kjúklingabænda, segir að hans félagsmenn hafi mótmælt samningnum frá því hann var fyrst kynntur til sögunnar haustið 2015. „Samkeppni af þessu tagi er að okkar mati ósanngjörn vegna þess að kröfur sem gerðar eru til framleiðenda á Íslandi annars vegar og í ESB-löndum hins vegar eru ólíkar. Líka þarf að hafa í huga að stuðningur við framleiðsluna er ólíkur milli landa, til dæmis var farin sú leið í Evrópusambandslöndunum við innleiðingu nýrra velferðarreglugerða að bændum var veittur stuðningur af hálfu ríkisvaldsins til að þeir gætu uppfyllt hin nýju skilyrði," segir Ingimundur.



**Ingimundur Bergmann, formaður kjúklingabænda.**

*Velferðarreglugerðin góður vegvísir*

Ingimundur tekur fram að velferðarreglugerðin íslenska, sem gefin var út í ársbyrjun 2015, sé að flestu leyti góður vegvísir til framtíðar um framleiðsluhætti og fleira að mati íslenskra kjúklingabænda, en tollasamningurinn við Evrópusambandið sé annað mál.

Með reglugerðinni sé framleiðslugeta íslenskra kjúklingabúa þó skert og við því þurfi að bregðast með ýmsum kostnaðarsömum aðgerðum. „Við þurfum að ráðast í endurbætur á húsnæði og byggingu nýrra húsa til að mæta framleiðsluskerðingunni sem af reglugerðinni hlýst. Enginn aðlögunartími var gefinn til þeirra hluta.

Kostnaðarsamastar eru nýbyggingarnar, en einnig getur þurft að ráðast í lagfæringar og breytingar á eldri húsum sem vissulega kosta sitt meðal annars vegna framleiðslustöðvunar á framkvæmdatíma auk annars kostnaðar.

Á sama tíma og greinin þarf að takast á við breytingarnar í aðbúnaðarreglugerð var gerður nýr tollasamningur við ESB sem felur í sér aukinn innflutning á alifuglakjöti og svínakjöti auk ýmissa annarra landbúnaðarafurða. Það er ekki séð til þess samhliða, að þær vörur sem til stendur að fluttar verði inn til Íslands séu framleiddar við sambærilegan skilyrði og krafist er hérlendis. Hvorki hvað varðar hreinleika né aðbúnað. Þessu höfum við kjúklingabændur mótmælt frá byrjun og kannski er það að bera árangur, því nú er farið að gilta í reglugerð sem tekur á þeim málum, það er á þann veg að hægt verður að krefjast þess að upplýst verði hvaðan varan sem verið er að flytja inn til Íslands sé raunverulega komin, en ekki bara frá hvaða landi hún kom til Íslands," segir Ingimundur.

*Verðfall á kjöttegund getur skert möguleika annarrar*

Áhrif þessa innflutnings á íslenskan kjötmarkað gætu orðið skaðleg. Innflutningur til landsins á afgangsframleiðslu annarra landa, hefur augljóslega þær afleiðingar að skerða möguleika íslenskra bænda. Líta verður á kjötmarkaðinn sem eina heild og verðfall á einni kjöttegund getur skert markaðsmöguleika annarra kjöttegunda. Því er það, að það sem hugsanlega var gert til að liðka til fyrir markaði fyrir lambakjöt (til ESB-landa), getur haft þau áhrif að verðfall verði á innlendum kjötmarkaði vegna innflutnings til landsins á erlendu afgangskjöti af öðrum tegundum – sem vegna tollasamningsins er alifugla, svína og nautakjöt aðallega. Engin greining var unnin af hálfu íslenskra stjórnvalda á afleiðingum tollasamningsins á íslenskan landbúnað.

Samkvæmt minni félagaskrá eru kjúklingabændur í Félagi kjúklingabænda rúmlega 20. Þá eru ótaldir kjúklingabændur sem tengjast „Matfugli ehf.", þannig að talan gæti verið upp undir 30. Hvort allir eða hversu margir munu þola þessar breytingar, sem af velferðarreglugerðinni og tollasamningnum hljótast, get ég ekki sagt um.

Kjúklingabændur vonast eftir góðu samstarfi við nýja ríkisstjórn og vona að hún verði farsæl í störfum sínum," segir Ingimundur. */smh*

# Yara áburður:

# Dreifigæði áburðar

## Þegar gæði og kostnaður skipta máli

Áburðardreifarar hafa þróast á undanförnum áratugum í takt við auknar kröfur um hagkvæmni í búrekstri. Rannsóknir sýna að einkorna Yara áburði má dreifa í allt að 36 metra dreifibreidd án þess að það komi niður á gæðum og þekju áburðarefna. Með notkun á einkorna Yara áburði er kostnaður lágmarkaður við áburðardreifinguna og gæði uppskerunnar tryggð.




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

## Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

Fréttir

## Útflutningur á matvælum:

# Hrossa- og folaldakjöt selt til Japan

**Frá því í október á síðasta ári hafa verið flutt út um 600 kíló af hrossakjöti til Japan. Hrátt hrossakjöt þykir mikið lostæti í landinu og verðið sem fæst fyrir kjötið er það hæsta sem fæst fyrir kjöt sem flutt er út frá Íslandi.**

Erlendur Á. Garðarsson, framkvæmdastjóri IM ehf., markaðs-, þjónustu- og útflutningsfyrirtæki sem þjónustar búgreinar og sláturleyfishafa, og Sveinn Steinarsson, Formaður félags hrossabænda, segja upphafið lofa góðu og vonast til að útflutningurinn eigi eftir að aukast þegar líður á árið.

Erlendur segir forsögu þess að farið var að leita markaðar fyrir hrossa- og folaldakjöt í Japan hafi verið gott og árangursríkt starf í Rússlandi. „Starfið í Rússlandi var vel á veg komið þegar Rússar settu innflutningsbann á matvæli frá Evrópu í kjölfar ágreiningsins um Úkraínu. Innflutningsbannið kom sér verulega illa fyrir okkur þar sem Rússland var orðið eitt stærsta viðskiptaland okkar þegar kom að útflutningi á hross- og ærkjöti auk þess sem innflutningur þeirra á dilkakjöti hafi aukist talsvert.“



Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda og Erlendur Á. Garðarsson, framkvæmdastjóri IM ehf., markaðs-, þjónustu- og útflutningsfyrirtæki sem þjónustar búgreinar og sláturleyfishafa. Mynd / HKr.

*Japan er stór markaður*

„Með tilkomu innflutningsbannsins hófst, í samvinnu við atvinnuvega- og utanríkisráðuneytið, athugun á því hvort hægt væri að flytja hrossakjöt til Japan.

Markaðurinn í Japan er gríðarlega stór á okkar mælikvarða en þar búa ríflega 120 milljón manns. Japanir neyta um 15 þúsund tonna af hrossakjöti á ári og af þeim eru um 8 þúsund tonn flutt inn. Fyrr á árum fluttu Íslendingar talsvert af fitusprengdum hrossavöðvum til Japan á mjög góðu verði.

Verkefnið sem nú er í gangi hófst í fyrravetur þegar sendar voru út nokkrar tilraunasendingar,“ segir Erlendur.

*Japanir borða hrossakjöt hrátt*

Sveinn segir að Japanir borði hrossakjötið hrátt og því sé um mjög viðkvæma vöru að ræða. „Hrossakjöt er eina kjötið sem leyfilegt er að bera fram hrátt á veitingastöðum eða flytja inn til hráneyslu í Japan. Það gilda því mjög strangar reglur um meðferð á hráu hrossakjöti í Japan og eftirlit með vinnslu á því strangt. Kröfur um hreinlæti eru miklar og krafist er góðrar kælingar og hraðra flutningsleiða. Kjötið er því allt flutt til Japan með flugi.



Japanir borða hrossakjöt hrátt og því um viðkvæma vöru að ræða. Kröfur um hreinlæti eru miklar og krafist er góðrar kælingar og hraðra flutningsleiða.

Vörurnar sem við erum nú að semja um sölu til Japan eru aðallega þrír fitusprengdir vöðvar. Japanarnir hafa einnig áhuga á allri lifur sem til fellur sem þeir borða líka hráa og tungum sem þeir léttsteikja í ákveðna rétti. Hrossafita er einnig eftirsótt í snyrtivörugerð í Japan og þá aðallega smyrsl.

Ef af líkum lætur og verðið er þokkalegt erum við að vonast til að geta selt alla hrossafitu til Japan í náinni framtíð.“

*Dýrasta kjötið sem flutt er frá landinu*

Erlendur segir að verðið sem fáist fyrir hrossakjötið sé mjög gott og að í dag sé það dýrasta kjöt sem Íslendingar flytji út. „Samstarfið við sláturleyfishafa hér heima og flutningsaðila er mjög gott og ein af forsendunum fyrir því að við erum að fá gott verð fyrir afurðirnar.“

*Hrossakjöt illa nýtt*

Sveinn segir að eiginleg hrossakjötsframleiðsla sé ekki stunduð sem slík á landinu. „Aftur á móti fellur alltaf eitthvað til af kjöti af hrossum sem er verið að afsetja eða hrossum sem passa ekki inn á lífhrossamarkaðinn. Þeim hrossum þurfum við að finna farveg og um leið að hámarka virði hvers grips og nýta hann eins og hægt er.

Það hefur lengi farið fyrir brjóstið á okkur hversu lítill hluti hrossa er nýttur, nánast fáeinir vöðvar og restinni að mestu fargað. Sem stendur erum við að senda út um 600 kíló á viku en vonumst til að það magn eigi eftir að aukast í tvö og hálft til þrjú tonn á viku þegar líða fer á árið.“

*Sendiráð Íslands í Japan unnið mikið starf*

Erlendur og Sveinn segja að samstarf milli hrossabænda, afurðastöðva og útflutningsaðila hafi verið mjög gott.

„Samstarfið við utanríkisþjónustuna og atvinnuvegaráðuneytið hefur eins verið mjög gott. Starfsmenn íslenska sendiráðsins í Japan hafa einnig verið allir af vilja gerðir til að aðstoða okkur og ólíklegt að við hefðum náð þeim árangri sem náðst hefur án aðkomu þeirra.

Landssamtök sauðfjárbænda og atvinnuvegaráðuneytið hafa einnig komið að þessu máli og verið okkur samstiga í því,“ segir Erlendur. */VH*

## Vörslusvipting Matvælastofnunar í Eyjafirði:

# Almennt umhirðuleysi og endurtekin brot

## – ábúendur hafa skamman tíma til að koma skikki á búskapinn

**Matvælastofnun tilkynnti um það 26. janúar síðastliðinn að gripið hefði verið til þess úrræðis að svipta bónda nautgripum sínum vegna óviðunandi aðbúnaðar og umhirðu.**

Síðar kom fram í fjölmiðlum að um var að ræða kúabúið Brimnes við utanverðan Eyjafjörð. Lagt var hald á 215 nautgripi, 45 voru fluttir í sláturhús, en 170 urðu eftir á bænum í vörslu Matvælastofnunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í tilkynningu Matvælastofnunar kom fram að ástæður þess að gripið hefði verið til þessa úrræðis hefðu verið þær að gripunum hefði ekki verið tryggður fullnægjandi aðgangur að drykkjarhæfu vatni og fóðri hefði verið spillt með ágangi gripa og óhreinindunum í fóðurganginum. Þá var þéttleiki í smákálfastíum of mikill og laus naut haldin innan um bundnar kýr. Eigin eftirliti var ábótavant og hefur slösuðum gripum ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti með því að leita lækninga. Hafi þurft að aflífa gripi af þessum sökum. Lögbundnar skráningar voru heldur ekki í lagi.



Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun.

Um endurtekin brot var að ræða og voru á haustmánuðum lagðar dagsektir á ábúendur til að knýja fram úrbætur.

Fullnægjandi úrbætur voru ekki gerðar og því nýtti Matvælastofnun heimildir í lögum um velferð dýra til vörslusviptingar.

*Almennt viðvarandi hirðuleysi*




Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að gripirnir verði áfram í umsjá ábúendanna á Brimnesi með ákveðnum skilyrðum. „Eitt af þeim var að ábúendur legðu fram samning við bústjóra, sem yrði þeim til aðstoðar. Það hafa þeir gert og um reyndan bónda er að ræða. Við frestum nú aðgerðum í skamman tíma og endurskoðum stöðuna að tilteknum tíma liðnum, en áfram verður samt fylgst með búinu. Þeir hafa því svigrúm til að koma skikki á búskapinn og umhirðuna,“ segir Sigurborg. Hún segir að vörslusviptingin hafi ekki komið til vegna ástands gripanna, sem slíkra. „Við þurftum hins vegar að senda þessa 45 gripi í sláturhús til að fækka gripunum í samræmi við það sem búið ber,“ segir Sigurborg. Spurð um hver beri kostnaðinn við aðgerðina segir hún að hann falli allur á bændurna.

Í umfjöllun í Fréttablaðinu um málið kom fram að bændurnir á Brimnesi hefðu ekki verið sáttir við starf Matvælastofnunar, að ekki hefði verið hlustað á þeirra útskýringar. Sigurborg vísar þessum ummælum á bug. „Það liggur allt fyrir í eftirlitsskýrslum um það hvernig ástandið var. Þetta voru endurtekin brot þar sem almennt umhirðuleysi var viðvarandi ástand um nokkurra missera skeið, en misalvarlegt þó. Dýr voru heldur ekki stærðarflokkuð; litlir kálfar voru innan um stærri gripi og litlar kvígur innan um graðnaut, til dæmis.“ */smh*

# HVAÐ ERT ÞÚ TILBÚIN(N) AÐ BORGA FYRIR ALVÖRU JEPPA?




## GERÐU SAMANBURÐ Á VERÐI OG BÚNAÐI!

**Sjá samanburð á benni.is**

**Rexton frá: 4.990.000 kr.**

SSANGYONG

1975 | Bílabúð Benna | 2015

**Verið velkomin í reynsluakstur!** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefsíða blaðsins:** **www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Erfitt að skilja

**Það verður að segjast eins og er að það er stundum erfitt að skilja hvernig menn ætla sér að reka þetta þjóðfélag.**

Forgangsröðun er mjög svo ofnotað tískuorð pólitíkusa og eitt er víst að forgangsmál sumra alþingismanna virðast vera ansi undarleg. Allir þykjast sammála um að það vanti gríðarlega mikla fjármuni til að reka heilbrigðis- og tryggingakerfið. Það er samt eitthvað mikið að í allri þeirri háværu umræðu.

Lítið heyrist t.d. talað um hvort ekki sé hægt að reka einn hluta heilbrigðiskerfisins, þ.e. Landspítalann, á skilvirkari hátt en gert er. Langir biðlistar eru sagðir viðvarandi vandamál og forstjórinn er duglegur við að fá fjölmiðla til að birta myndir af löngum göngum, þéttsetnum, eða öllu heldur þéttlegnum af sjúklingum. Hátt er hrópað á nýjar byggingar með enn lengri göngum, en enginn talar um hvort hann verði í raun skilvirkari og léttari í rekstri en sá gamli.

Ekki er heldur haft hátt um hversu margt fagfólk þarf til að manna alla þá ganga sem byggja á og hvað slíkt kostar. Svo ekki sé talað um hvernig leysa á aðgengisvandann að spítalanum sem staðsettur er í yfirfullum bílabotnlanga á nesi sem hefur fáar útgönguleiðir sem allar eru yfirfullar af bifreiðum lungann úr deginum.

Umferðarvandi höfuðborgarinnar er athyglisverður í ljósi þess að Íslendingar hafa sótt það fast að fá fleiri ferðamenn til að heimsækja landið. Því hljóta samgöngur og vegakerfið að eiga að vera í forgangi ef dæmið á að ganga upp. Talað er um að bíleigendur séu nú þegar að greiða um 70 þúsund milljónir á ári í alls konar gjöld til ríkisins sem upphaflega voru öll eyrnamerkt vegagerð. Aðeins brot af þessu hefur verið nýtt til vegagerðar og viðhalds vegakerfisins. Það hlýtur að vera krafa greiðenda að peningarnir séu notaðir eins og upphaflega var ætlast til.

Í samanburði við önnur ferðamannalönd eru Íslendingar hreinir molbúar. Vegakerfið er allt meira og minna að grotna niður. Brotið slitlag, rásir í vegi, einbreiðar brýr og fleira og fleira hafa leitt til ótölulegs fjölda óafsakanlegra slysa. Þessi slys hafa kostað spítalavist og mannslíf og þau auka líka álag á heilbrigðiskerfið til mikilla muna. Af hverju í fjáranum slá menn þá ekki tvær flugur í einu höggi og byrja á að leysa vandann þar sem uppruninn er og létta um leið álaginu af sjúkrastofnunum?

Hægt er að nefna fjölmörg dæmi til samanburðar. Eitt þeirra þekkja margir Íslendingar mjög vel. Það er spænska eyjan Gran Canaria sem er með tæplega 850 þúsund íbúa. Í höfuðborginni Las Palmas búa rúmlega 380.000 manns. Til þessarar eyju komu vel yfir 6 milljónir ferðamanna í fyrra og um tvöfalt fleiri fóru þar um eina flugvöll eyjunnar, flestir vegna tengiflugs. Það væri útilokað fyrir eyjarskeggja að taka við öllum þessum ferðamönnum ef vegakerfið væri ekki í fullkomnu lagi.

Las Palmas státar af gömlum og merkum byggingum með mjög þéttum byggðakjarna. Þar mun eldri og þéttari kjarni en í Reykjavík. Samt gátu menn leyst umferðarmálin til og frá borginni með glæsibrag. Þar skynjuðu ráðamenn að eina leiðin var að gera öflugar hraðbrautir með tengingum inn í borgina með slaufum og fjölda jarðganga. Þess vegna sér maður gríðarmikla umferð á aðalleiðum í gegnum borgina aldrei tefjast vegna umferðaljósa. Það er þveröfugt við Reykjavík, sem er ekki einu sinni hálfdrættingur hvað íbúafjölda varðar. Samt virðist ekkert eiga að gera hér til að leysa málin. Margs konar gæluverkefni, sem helst eru til þess fallin að auka á vandann, eins og þrengingar gatna, eru greinilega miklu framar í hinni fínu forgangsröð. /HKr.

## Tímar breytinga




**Sigurður Eyþórsson**
frkv.stj. Bændasamtaka Íslands
sigey@bondi.is


**Landbúnaðurinn er lifandi atvinnugrein, enda byggir hann á því að vinna með lifandi verur, bæði úr plöntu- og dýraríkinu. Það er enginn dagur eins í sveitinni og í því liggur einmitt aðdráttarafl hennar fyrir marga. Þróunin í íslenskum landbúnaði hefur verið mikil síðustu áratugina.**

Afurðir á hvern grip í búfjárræktinni hafa aukist verulega, jafnvel meira en nokkur hefði trúað fyrir fáum árum. Samhliða endurskipulagningu mjólkuriðnaðarins frá grunni hefur búum í nautgriparækt fækkað mikið og þau stækkað. Af því hefur orðið mikil hagræðing sem hefur skilað sér til neytenda og bænda. Miklar breytingar hafa einnig orðið hjá öðrum afurðastöðvum.

Fyrir fáum áratugum voru sauðfjársláturhús um 50 en eru núna 8. Framleiðendum í garðyrkju hefur líka fækkað verulega en á sama tíma hefur þeim tekist að auka virði afurða sinna með skýrri upprunatengingu „þú veist hvaðan það kemur". Sama hefur gerst í öðrum búgreinum. Öll þessi hagræðing hefur skilað sér í lægra verði til neytenda, en hún hefur ekki verið sársaukalaus. Störfum hefur fækkað og innviðir sumra samfélaga í dreifbýlinu hafa veikst. Þrýstingur hefur um langt árabil verið á sífellt lægra verð og meiri hagræðingu og svo er enn.

### *Tvær stuðningsstoðir*

Stuðningur við landbúnað hérlendis er eins og kunnugt er byggður upp á tveimur stoðum. Annars vegar er um að ræða beina styrki sem kveðið er á um búvörusamningum og hins vegar tollvernd sem kveðið er á um í lögum. Báðar eru mikilvægar undirstöður og önnur verður ekki felld niður án þess að það hafi áhrif á hina.

### *90% landbúnaðarafurða ESB-tollfrjálsar*

Tollvernd hefur tekið töluverðum breytingum á liðnum árum. Oft hefur tollverndin verið fest í ákveðinni krónutölu sem síðan rýrnar að verðgildi eftir því sem árin líða. Líklega myndu flestir taka því fegins hendi gæfist þeim kostur á að kaupa vörur á verði frá 1995. Að auki hefur tollvernd almennt minnkað og nýjasta breytingin er tollasamningur sem stjórnvöld gerðu við Evrópusambandið 2015 og tekur sennilega gildi síðar á þessu ári. Með honum verða 90% landbúnaðarafurða ESB fluttar hingað inn tollfrjálst. Þetta er samkvæmt mati sambandsins sjálfs og kemur fram í gögnum sem liggja fyrir nefnd Evrópuþingsins sem núna hefur samninginn til skoðunar.

### *Óvissa um endurskoðun búvörusamninga*

Breytingar eru líka verulegar í nýju búvörusamningunum sem tóku gildi um áramótin. Þar eru margar áherslubreytingar, m.a. verið að gera stuðninginn almennari en um leið verið að styðja við fjölbreyttari verkefni. Innleiðing samninganna stendur núna yfir og mun gera fram eftir árinu. Þeir sem halda að þetta séu ekki breytingasamningar hafa sennilega ekki lesið þá eða að minnsta kosti ekki þá samninga sem á undan komu.

Gagnrýni á samningana var vissulega veruleg, en hún kom úr tveimur ólíkum áttum, annars vegar frá þeim sem töldu þá breyta of miklu og hins vegar frá þeim sem töldu þá breyta of litlu. Milli þessara fylkinga er erfitt að ná samstöðu en forvitnilegt verður að fylgjast með því hvernig öllum þeim ólíku öflum sem búið er að kalla að endurskoðun samninganna gengur að komast að niðurstöðu. Um það er óvissa, til viðbótar við möguleg áhrif þeirra lítt mótuðu áherslna í landbúnaðarmálum sem finna má í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Við útfærslu þeirra þarf rödd bænda að heyrast með sterkum og ákveðnum hætti.

### *Þarf að svara eftirspurn betur*

Það er erfitt að spá og sérstaklega um framtíðina var eitt sinn sagt. Víst er þó að þróunin í landbúnaðinum mun halda áfram. Ef til vill eru möguleikarnir ekki síst fólgnir í því að ná nánara sambandi við neytendur. Áhugi þeirra á því hvernig maturinn verður til og við hvaða aðstæður fer sífellt vaxandi. Landbúnaðurinn þarf að svara þeirri eftirspurn betur.

Neytendur eru tilbúnir að greiða meira fyrir afurðir sem hafa ákveðna eiginleika og verða til við ákveðnar aðstæður. Slíkt samband verður þó ávallt að byggjast á trausti sem getur eyðilagst á einum degi eins og mál Brúneggja sýndi okkur. En það er margt landbúnaðinum í hag, eins og lítil sýklalyfjanotkun, bann við notkun hormóna, lífrænar varnir, gott landrými, gnægð af hreinu vatni, fáir búfjársjúkdómar og margt fleira. Þetta er sérstaða sem margir aðrir hafa glatað en verður nú sífellt meira virði.

Við höfum byggt okkar búfjárrækt á innlendum stofnum sem gefa ekki eins miklar afurðir og margir erlendir en þeir eru hluti af okkar sögu og menningu eins og sveitirnar sjálfar eru. Ferðaþjónustan viðurkennir líka að menningarlandslag og starfsemin í sveitunum hefur mikla þýðingu fyrir þeirra starf. Þá er mikil þörf á að rannsaka betur loftslagsmál og landbúnaði og hvernig greinin getur betur komið að lausn þeirra mála.

Þessu þurfum við öllu að huga að. Samkeppnin mun aukast en hún þarf að vera sanngjörn. Neytendur þurfa að fá að vita það sama um innfluttar matvörur eins og við viljum fá að vita um eigin framleiðslu. Það er eðlilegt. Gerum sömu kröfur til annarra og við gerum til okkar sjálfra.

### *Félagsgjöld í stað búnaðargjalds*

Það eru líka breytingar hjá samtökum bænda. Í þessum mánuði munu félagsmönnum berast í fyrsta sinn greiðsluseðlar fyrir félagsgjöldum Bændasamtaka Íslands. Innheimta búnaðargjalds var lögð af frá og með byrjun þessa árs og á næstu vikum og mánuðum mun reyna á vilja bænda til að standa saman í öflugum samtökum á nýjum grundvelli. Það liggur fyrir að bændur vilja eiga sterk hagsmunasamtök sem tala máli landbúnaðarins, enda eiga samtök bænda sér langa sögu – 180 ára langa nánar tiltekið. Bændur hafa mismunandi skoðanir á mönnum og málefnum eins og aðrir hópar í samfélaginu, en segja má að það sé ekki síst mikilvægt nú, á breytinga- og óvissutímum að standa saman um sameiginleg mál. Ég hvet alla til að kynna sér vel hvaða þýðingu hin nýja félagsaðild mun hafa og vera með í að byggja upp sterk Bændasamtök Íslands á nýjum forsendum.

## Ísland er land þitt



**Háifoss er í Fossárdal innst í Þjórsárdal. Hann var lengi talinn vera annar hæsti foss landsins, eða 122 m, og kæmi þar næst á eftir Glym í Botnsá í Hvalfirði, sem er 198 metrar á hæð. Innar í gilinu og í næsta nágrenni við Háafoss er fossinn Granni, sem líka sést á myndinni. Nýrri mælingar sýna að fossar sem falla undan Morsárjökli eru talsvert hærri en Glymur, eða allt að 228 metrar. Hæsti foss heims mun hins vegar vera Salto Angel, eða Englafoss, í Venesúela, sem er 979 metra hár.** Mynd / HKr.

## Líf og starf



Starfsmenn með 2017-árganginn af blönduðum SS súrmat. Alicja Poplawska, Halina Poplawska, Pawel Bokiniec, Hermann Bjarki Rúnarsson og Rebecca Antioquia.

### Sláturfélag Suðurlands 110 ára:

# Bragð þorramatar endurspeglar veðráttu síðastliðins sumars

**Fagmenn SS á Hvolsvelli eru þessa dagana að leggja lokahönd á framleiðslu súrmatarins fyrir komandi þorra. Sláturfélagið fagnar 110 ára afmæli á þorranum, en félagið var stofnað við Þjórsárbrú 28. janúar 1907.**




Hermann Bjarki Rúnarsson verkstjóri með fötum af 2017 árgerðinni af SS súrmat.

Hermann Bjarki Rúnarsson, verkstjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands, segir að í gegnum áratugina hafi kjötiðnaðarmeistarar SS lagt metnað í framleiðslu þorramatar þar sem gamlar hefðir og aðferðir eru í hávegum hafðar.

***Þorramatur eins og gott vín***

„Líkt og með góð vín sem standast gæðakröfur ár eftir ár, er blæbrigðamunur á þorramat frá ári til árs. Framleiðsla á súrmat er langt ferli og hefst yfirleitt síðsumars eða snemma hausts þegar hráefni er valið og fyrstu bitarnir lagðir í súr. Síðan hefst verkunarferli þar sem grannt er fylgst með framvindu mála, sýrustigi, hitastigi, bragði og áferð frá degi til dags.“

Aðgangur að súrmatskjallaranum er takmarkaður og aðeins fáir útvaldir fá að annast súrmatinn til að tryggja að verkunin sé eins og best verður á kosið. Það er því spennuþrungin stund þegar líður að áramótum og kjötiðnaðarmeistararnir bjóða upp á fyrstu bragðprufur og leggja árangurinn í dóm samstarfsmanna. Menn horfa, þefa, smakka, tyggja og smjatta og láta svo skoðanir sínar óspart í ljós.

***Tókst vel til í ár***

„Í ár þykir vel hafa tekist til og segja menn að bragð súrmatarins endurspegli góða veðráttu síðastliðið sumar. Lömb komu væn af fjalli og hráefnið því óvenjugott og með keim af lyngi og vallhumli. Af sömu ástæðum hafi skyrmysa í ár skilað einstöku súrbragði með undirliggjandi bragði af grængresi,“ segir Hermann Bjarki Rúnarsson, verkstjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands. /VH

## MÆLT AF MUNNI FRAM 171

Þó nokkuð af bókum barst inn á heimili okkar **Petru Bjarkar** um síðustu jól. Þrátt fyrir gyllandi umsagnir gagnrýnenda þótti okkur sem hefði mátt komast af án þeirra. Það er nefnilega einu sinni svo, að smekkur fyrir tilteknum bókum er verulega einstaklingsbundinn, og ekki til nein algild regla fyrir bókasmekk. Hvað mesta gleði vakti heimilisfólki eitt lítið „lettersbréf“, sem barst okkur að baki jólum, eða réttara sagt 10. janúar sl. Bréfið var frá **Indriða Aðalsteinssyni**, bónda á Skjaldfönn. Líkt og margir þekkja, þá fékk Indriði fé sitt vistað í fyrravetur hjá vinum sínum á Ströndum meðan hann dvaldi ásamt Lóu konu sinni í Hveragerði. En Indriði hélt aftur heim þegar leið á vetur, sótti sitt fé úr fóstri og tók upp þráðinn við bústang sem fyrr var hans venja. Bréf Indriða kallar hann jólabréf, og er eins konar ársskýrsla (annual report) síðasta árs. Kominn til Hveragerðis orti Indriði:

*Auðgar drjúgum anda minn*
*allt sem hér um slóðir finn.*
*Kyssir ánægð karlinn sinn*
*Hveragerðisdrottningin.*

**Indriði** fór auðvitað með konu sinni Lóu á þorrablót þar syðra:

*Nú mun brátt um byggðir lands,*
*borið upp af fornri rót,*
*að menn langi í drykkju og dans*
*og drífi sig á þorrablót.*

**Indriði** fylgdist nú með heimsfréttum af meiri gjörhygli en gjarnt var, enda ekki bundinn af málaverkum. Fréttir af flóttamannastraumi voru daglegt fréttaefni:

*Yfir gresjur, heiðar, höf,*
*haldin dauðaótta,*
*milljónir að nyrstu nöf*
*nú eru á flótta.*

Að áliðnum apríl 2016 er svo **Indriði** kominn vestur að Skjaldfönn með fé sitt allt sem fóstrað var á Ströndum.

*Færist líf í fjallageim.*
*Frostsins veldi hallar.*
*Kindur mínar komnar heim,*
*kyssi ég þær allar.*

Forsetakosningarnar voru í algleymi, og **Indriði** fylgdist með:

*Davíð er margt til lista lagt,*
*líkar ekki gengi slakt.*
*Skeiðar að marki skrefum hröðum*
*skemmtanastjóri á Bessastöðum.*

*Guðni æddi alla leið,*
*ekki nærri að falla.*
*Öflug þó við endaskeið*
*að honum sótti Halla.*

En hugurinn fló oft til hamingjustunda í Hveragerði:

*Við áttum saman gæskan, góða daga*
*sem gullnum bjarma stafar jafnan frá,*
*og mikilvægt að halda þeim til haga*
*er hjartað kvelst af trega og eftirsjá.*

Afmælisdagur **Lóu** gleymdist stundum eins og gengur. Daginn þann batt **Indriði** í rím svo aldrei gleymdist:

*Sjöundi ágúst er sólskinsdagur,*
*sjöundi ágúst er bjartur og fagur.*
*Hann vil ég meitla í huga minn.*
*Hann er afmælisdagurinn þinn.*

Svo leið að smaladögum:

*Fallega húfan er fokin sinn veg*
*og farinn að kólna minn skalli.*
*Norðaustanáttin er andstyggileg*
*uppi á Skjaldfannarfjalli.*

*Sauðkindin er sál vors lands,*
*sómi og prýði eigandans.*
*Flytur líf í fjallasal,*
*færir arð um strönd og dal.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Fréttir



Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður fjarskiptasjóðs, kynnti verkefnið ásamt Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Ólafi E. Jóhannssyni, aðstoðarmanni ráðherra.

# Fjárveiting til að byggja upp ljósleiðarakerfi í strjálbýli

**Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið með vísan til markmiða byggðaáætlunar og umsagnar stjórnar Byggðastofnunar að verja allt að 100 milljónum króna úr fjárveitingu byggðaáætlunar til að styrkja sérstaklega uppbyggingu ljósleiðarakerfis í strjálbýlum sveitarfélögum.**



Jón Gunnarsson.

Þessi fjárveiting kemur til viðbótar 450 m.kr. úthlutun fjarskiptasjóðs til verkefnisins Ísland ljóstengt 2017.

*Styrkir samkeppnisstöðu*

Tilgangur þessa viðbótarstyrks í verkefnið er að styrkja samkeppnisstöðu sveitarfélaga við umsókn þeirra til fjarskiptasjóðs til að hefja ljósleiðarauppbyggingu að því er fram kemur í frétt á vef innanríkisráðuneytisins.

Í ljósi þess að fjárhagur sveitarfélaga er mismunandi hefur verið ákveðið að styrkja samkeppnisstöðu tiltekinna sveitarfélaga gagnvart umsóknum í samkeppnispott fjarskiptasjóðs. Þetta er gert í þeim tilgangi að gera strjálbýlum sveitarfélögum hægara um vik að hefja ljósleiðarauppbygginguna.

Helstu forsendur við úthlutun styrkjanna voru þéttleiki styrkhæfra svæða, hlutfall sveitarfélagsins sem eru ótengdir, þróun íbúafjölda árin 2005 til 2015, ferðatími til þjónustukjarna og samgöngur, fjárhagsstaða sveitarfélags og meðaltekjur þess á íbúa. Gefin voru stig út frá þessum forsendum og sveitarfélög með fæst stig lentu efst í forgangsröðun. Óráðstafaður byggðastyrkur getur flust milli ára. /MÞÞ

**Byggðastyrkur vegna ljósleiðaravæðingar 2017**

| Sveitarfélag | Byggðastyrkur [kr.] |
|---|---|
| Borgarbyggð | 12.100.000 |
| Breiðdalshreppur | 4.100.000 |
| Dalabyggð | 5.800.000 |
| Djúpavogshreppur | 5.100.000 |
| Fljótsdalshérað | 9.500.000 |
| Hrunamannahreppur | 2.000.000 |
| Húnaþing vestra | 4.300.000 |
| Ísafjarðarbær | 4.100.000 |
| Kaldrananeshreppur | 3.900.000 |
| Langanesbyggð | 6.400.000 |
| Rangárþing eystra | 3.400.000 |
| Reykhólahreppur | 6.500.000 |
| Skaftárhreppur | 6.800.000 |
| Strandabyggð | 1.000.000 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 9.800.000 |
| Tálknafjarðarhreppur | 1.700.000 |
| Vesturbyggð | 5.900.000 |
| Vopnafjarðarhreppur | 4.300.000 |
| Þingeyjarsveit | 3.300.000 |

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

## Metþátttaka í fertugustu heimsmeistarakeppninni í rúningi:

# Tveir Íslendingar mættir til leiks á Nýja-Sjálandi

**Heimsmeistarakeppni í rúningi, „The 2017 World Shearing and Woolhandling Championships“, hófst miðvikudaginn 8. febrúar og stendur fram á laugardag 11. febrúar. Tveir Íslendingar taka þátt í keppninni, þau Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Hafliði Sævarsson.**

Alls voru skráðir til leiks keppendur frá 32 löndum víðs vegar um heim og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri, sem gerir þetta að stærstu heimsmeistarakeppni í rúningi allra tíma. Þarna var jafnframt um að ræða fertugustu heimsmeistarakeppnina og var þetta í fyrsta sinn sem keppnin er haldin á Suðureyju hins mikla sauðfjárræktarlands Nýja-Sjálands.

Fór keppnin fram á leikvanginum ILT Stadium Southland í Invercargill, syðst á eyjunni.

Var keppnin send út beint á netinu um vefsíðuna www.worldshearingchamps.com og einnig á Maori-sjónvarpsstöðinni (www.maoritelevision.com). Fyrirtækið Kinetic Media sér um upptöku fyrir beinar útsendingar ásamt gerð klukkutíma sjónvarpsþáttar um keppnina sem sýndur verður á Maori-sjónvarpsstöðinni á Nýja-Sjálandi og verður einnig dreift víða um heim. /HKr.





Invercargill.




## Hæstiréttur Íslands:

# Stjörnugrís vinnur mál gegn ríkinu

**Hæstiréttur Íslands hefur úrskurðað að íslenska ríkinu beri að greiða Stjörnugrís hf. tæpar 40 milljónir króna auk vaxta. Stefnda ber einnig að greiða stefnanda 1,5 milljónir króna í málskostnað. BÍ hefur sent ríkisendurskoðanda fyrirspurn um fordæmisgildi dómsins.**

Í málinu krafðist Stjörnugrís hf. endurgreiðslu búnaðargjalds sem fyrirtækið greiddi á árunum 2010 til 2014, en fyrir lá að gjaldinu var ráðstafað til Svínaræktarfélags Íslands, Bjargráðasjóðs, Bændasamtaka Íslands og Búnaðarsambands Kjalarnesþings.

Í úrskurði Hæstaréttar segir að Stjörnugrís hf. reisi kröfu sína á því að álagning og innheimta gjaldsins samkvæmt lögum nr. 84/1997 um búnaðargjald væri ólögmæt hvað hann varðaði, auk þess sem gjaldtakan stangaðist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og skattlagningu og bryti í bága við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu.

*BÍ kannar fordæmisgildi dómsins*

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, sagði í samtali við Bændablaðið í framhaldi af úrskurði Hæstaréttar að dómurinn snerist eingöngu um eitt fyrirtæki. „Í framhaldinu spyrja



Samkvæmt dómsorði ber stefnda, íslenska ríkið, að greiða stefnanda, Stjörnugrís hf., 38.974.412 krónur með vöxtum.

menn sig eðlilega hversu mikið fordæmisgildi dómurinn hefur fyrir aðra. Bændasamtökin hafa sent atvinnuvegaráðuneytinu fyrirspurn um hvaða augum það ráðuneyti og ráðuneyti fjármála líta málið og við væntum svara fljótlega. Afstaða ráðuneytanna getur verið með ýmsu móti. Hugsanlega meta þau dóminn þannig að hann sé eingöngu fordæmisgefandi fyrir svínarækt, hugsanlega fyrir fleiri búgreinar eða jafnvel alla greiðendur búnaðargjalds. Þegar sú afstaða liggur fyrir verður svo ljóst hvort ríkið hyggst hafa frumkvæði að endurgreiðslum og þá hversu mikl-um. Þá afstöðu verður auðvitað hægt að bera undir dómstóla, verði menn ekki sáttir við hana.

Almennt fyrnast svona kröfur á fjórum árum þannig að menn geta ekki vænst þess að fá endurgreiðslur lengra aftur í tímann, fáist þær á annað borð. Mál Stjörnugríss var höfðað í desember 2014 og snerist um greiðslu búnaðargjalds frá 2010–2014.“

Sigurður segist ekki telja að ríkið eigi endurkröfu á Bændasamtökin eða önnur samtök bænda sem tekjum af búnaðargjaldi var ráðstafað til. „Við létum vinna lögfræðiálit um það á síðasta ári og samkvæmt því getum við staðið fast á því að svo sé ekki.“

*Dómsorð:*

Samkvæmt dómsorði ber stefnda, íslenska ríkið, að greiða stefnanda, Stjörnugrís hf., 38.974.412 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 3.073.734 krónum frá 30. desember 2010 til 1. desember 2011, af 8.949.513 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2012, af 16.340.630 krónum frá þeim degi til 30. nóvember 2012, af 24.686.218 krónum frá þeim degi til 28. desember 2012, af 28.859.015 krónum frá þeim degi til 29. nóvember 2013, af 33.361.101 krónu frá þeim degi til 30. desember 2013, af 35.612.136 krónum frá þeim degi til 26. nóvember 2014 og af 38.974.412 krónum frá þeim degi til 18. desember 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 38.974.412 krónum frá þeim degi til greiðsludags. /VH

# Með þekkingu ræktum við skóg

**Fagráðstefna skógræktar 2017 verður haldin dagana 23.–24. mars 2017 í Hörpu. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Með þekkingu ræktum við skóg“, en þetta er jafnframt afmælisráðstefna Mógilsár, sem fagnar 50 ára starfi sínu á þessu ári.**

Í ráðstefnunni kynna starfsmenn Mógilsár rannsóknir sínar og flutt verða ýmis erindi um skógrækt í sinni fjölbreyttustu mynd. Skráningargjald er kr. 9.000 og innifelur aðgang að öllum fyrirlestrum, ráðstefnugögn, kaffi og vettvangsferð á Mógilsá. Að auki verður hægt að skrá sig í hádegismat í Hörpu og kostar það kr. 5.800 fyrir báða dagana.

Hátíðarkvöldverður verður í Súlnasal Hótel Sögu 23. mars og hefst kl. 20. Veislustjóri verður Gísli Einarsson og Sigurður Helgi Oddsson spilar undir borðhaldi og fjöldasöng. Hátíðarkvöldverður kostar kr. 11.900 og þarf fólk að skrá sig sérstaklega í hann.

Vert er að vekja athygli á sérstöku ráðstefnutilboði fyrir gistingu á Hótel Sögu, kr. 15.800 nóttin fyrir eins manns herbergi og kr. 18.700 fyrir tveggja manna herbergi. Til þess að nýta tilboðið þarf að bóka fyrir 1. febrúar 2017. /VH




# Til hamingju, bændur á Brúsastöðum!

Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson á Brúsastöðum í Vatnsdal eru fyrirmyndarbændur. Þau hafa náð afburðaárangri í mjólkurframleiðslu sem eftir er tekið um allt land.

Brúsastaðir voru afurðahæsta kúabúið á Íslandi 2016 og settu þá Íslandsmet. Alls 50,9 árskýr skiluðu að jafnaði 8.990 kg mjólkur. Búið á Brúsastöðum hefur tvisvar áður verið afurðamest á landinu á undanförnum fimm árum.

**Á lista yfir tíu afurðamestu kýr landsins 2016 eru þrjár frá Brúsastöðum**: Nína í fyrsta sæti, Stebba Dýra í þriðja sæti og Pollýanna í sjötta sæti!

Nína mjólkaði 13.833 kg sem er meira en nokkur önnur kýr hefur skilað á einu ári hérlendis.

Við hjá Landstólpa erum afar hreykin af glæsilegum árangri bændanna á Brúsastöðum. Gróa Margrét og Sigurður hafa undanfarin ár notað kjarnfóður frá Landstólpa handa nautgripum sínum og einnig sáðvörur frá Landstólpa til að fá hágæða gróffóður sem kýrnar eru sólgnar í!

Gott fóður og rétt samsetning þess skiptir auðvitað höfuðmáli. Þegar við bætist natni bændanna við bústörfin verður árangurinn undraverður.

## *Hjartanlega til hamingju!*







sysl.is | effekt.is

LANDSTÓLPI

**Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss**
Sími 480 5600, fax 480 5655
Opið alla virka daga kl. 8 -17

**Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum**
Sími 471 1901
Opið alla virka daga kl. 9 -17

**landstolpi.is**
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!



Brúnn hundamítill.

Dýraheilbrigði:

# Brúni hundamítillinn greinist á ný

**Matvælastofnun barst í vikunni tilkynning um að brúni hundamítillinn (Rhipicephalus sanguineus) hafi greinst á hundi sem komið var með á Dýraspítalann í Víðidal. Mítillinn var greindur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.**

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að þessi mítlategund hafi aðeins greinst í örfá skipti hér á landi. Matvælastofnun vill benda hundaeigendum á að vera vakandi fyrir þessari pöddu og hafa samband við dýralækni ef þeir verða varir við hana. Jafnframt er mikilvægt að varast að mítlar berist til landsins með fólki eða farangri.

*Ekki er ljóst hvernig hundamítillinn hefur borist á þennan hund*

Samkvæmt upplýsingum frá sérfræðingum á Keldum hefur þessi tegund aðeins fundist fimm sinnum áður á hundum hér á landi og þrisvar sinnum á innfluttum hundum í einangrunarstöð. Upprætting hefur tekist í öllum tilvikum og mítillinn því ekki talinn landlægur.

Brúni hundamítillinn er ekki ólíkur skógarmítlinum (Ixodes ricinus) og lundamítlinum (Ceratixodes uriae) í útliti en er frábrugðinn þeim að því leyti að hann getur farið í gegnum öll þroskastig og alið allan sinn aldur innanhúss.

Hundamítillinn getur fjölgað sér hratt við hentugar aðstæður, til dæmis í hlýju íbúðarhúsnæði. Hann getur komið sér fyrir í sprungum í veggjum og gólfi, bak við lista og verpt þar eggjum. Lirfur hans nærast helst á blóði úr hundum en geta líka látið sér nægja önnur spendýr, til dæmis nagdýr. Fullorðnir hundamítlar nærast helst á blóði úr hundum en geta líka farið á önnur dýr og menn.

Að sumri til er orðið nokkuð algengt að vart verði við skógarmítla, og lundamítlar eru landlægir í sjófuglabyggðum, en óvanalegt er að finna mítla á gæludýrum á þessum árstíma nema ef um er að ræða mítla sem geta fjölgað sér innanhúss eins og hundamítillinn. Erlendis er þekkt að brúni hundamítillinn geti borið smitefnin Ehrlichia canis og Babesia canis sem valda sjúkdómum í hundum en þessi smitefni hafa ekki fundist hér á landi. Jafnframt er vitað að þessi mítill geti borið bakteríuna Rickettsia conorii, sem getur valdið sjúkdómi í fólki og er landlæg í löndum við Miðjarðarhafið (Mediterranean spotted fever) en hefur ekki fundist hér. /VH

Lífrænt vottuð landbúnaðarframleiðsla:

# Sömu reglur munu gilda á Íslandi og í ESB

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að íslensk stjórnvöld hverfi frá aðlögunarkröfum vegna upptöku gildandi reglna ESB um lífræna ræktun. Það þýðir að sömu reglur munu því gilda um framleiðslu, vottun og merkingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og í Evrópusambandinu.**




Eymundur Magnússon framleiðir ýmsar lífrænt vottaðar vörur. Mynd / smh

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að upptaka reglnanna muni auðvelda útflutning lífrænnar íslenskrar framleiðslu til Evrópuríkja, auk þess sem íslenskir neytendur muni njóta góðs af skilvirkara eftirliti.

Þar segir enn fremur: „Ísland og Noregur hafa um árabil unnið að upptöku gildandi reglna Evrópusambandsins um lífræna ræktun, sem settar voru árið 2007. Aðlögunarkröfur voru settar fram af báðum ríkjum. Kröfur Íslands voru fimm talsins og sneru að merkingum, notkun fiskimjöls við fóðrun jórturdýra, þéttleika í bleikjueldi og stærð hólfa og notkun grindargólfa í fjárhúsum. Hér á landi er í gildi reglugerð um lífræna vottun og framleiðslu frá árinu 2002, sem innleiðir eldri reglur ESB frá árinu 1991. Því hefur útflutningur á lífrænt vottuðum afurðum verið erfiður undanfarin ár og óvíst er hve lengi íslensk vottun verður yfir höfuð viðurkennd innan ESB.

Talið er útséð um að landbúnaðarskrifstofa Evrópusambandsins muni fallast á aðlögunarkröfurnar og féllu Norðmenn frá sínum kröfum síðastliðið sumar. Það er því talið þjóna hagsmunum Íslands að fylgja fordæmi Norðmanna.

Gildandi reglur um lífræna framleiðslu hafa ekki verið uppfærðar í sex ár og má því gera ráð fyrir að upptaka samræmdra reglna komi til með að bæta eftirlit með innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum.

Ætla má að reglurnar hafi áhrif á um 30 framleiðendur lífrænna afurða hér á landi. Þær munu hins vegar ekki hafa áhrif á framleiðendur hefðbundinna afurða," segir í tilkynningunni.

Gunnar Gunnarsson hjá Vottunarstofunni Túni segir ákvörðun stjórnvalda binda enda á margra ára tilraunir Íslands og Noregs til að fá tillit tekið til sérstakra aðstæðna í þessum tveimur löndum, einkum hvað varðar lífræna búfjárrækt og bleikjueldi. „Íslensk stjórnvöld beittu sér fyrir því að kröfur um rými í búpeningshúsum tækju mið af smæð norrænna búfjárkynja, að heimilt væri að nota grindur á öllu legurými í fjárhúsum, að fiskimjöl sé heimilt til fóðrunar jórturdýra og að þéttleiki í bleikjueldi taki meira mið af velferðarsjónarmiðum í samræmi við rannsóknir á hegðun bleikjunnar," segir Gunnar.

*Fagnar ákvörðun ráðherra*

„Það er miður að ESB hafi ekki ljáð máls á þessum kröfum, því þær voru rökstuddar traustum vísindagögnum og samrýmast grunnlögmálum lífrænna aðferða," segir Gunnar. „En að sama skapi er ástæða til að fagna ákvörðun ráðherra um að koma að nýju á samræmi í löggjöf okkar við regluverk annarra Evrópulanda. Þróun þess hefur miðað að aukinni samræmingu, færri undanþágum, hertu eftirliti og áherslu á aukna þekkingu og tiltrú neytenda á vottaðri lífrænni framleiðslu. Jafnhliða því hafa nær öll Evrópulönd sett upp áætlanir um stuðning við lífræna aðlögun í landbúnaði til að gera bændum kleift að breyta framleiðsluaðferðum sínum og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfurnar."

*Auknar kröfur á ýmsum sviðum*

Að sögn Gunnars er nú unnið að því að átta sig á breyttri stöðu. „Stjórnstofnanir og vottunarstofan vinna nú að því að kortleggja nánar hvaða breytingar upptaka núgildandi reglugerða ESB mun hafa í för með sér hér á landi. Að ýmsu leyti munu nýjar gerðir auðvelda framleiðendum sína vinnu. Það er þó ljóst að kröfur um legurými, notkun grindagólfa og þéttleika í bleikjueldi verða strangari – auk þess að notkun fiskimjöls til fóðrunar jórturdýra verður bönnuð.

Til þess að bændur geti mætt þessum kröfum þarf nú að tryggja að breytingar verði kynntar framleiðendum sem fyrst. Það er mikilvægt að rúmur tími verði veittur til að taka upp regluverkið, að nýtt styrkjakerfi landbúnaðarins verði hagnýtt til að gera nauðsynlegar breytingar vegna hinna nýju krafna. Einnig að það gagnist núverandi bændum í lífrænni ræktun, því ekki viljum við horfa upp á þá hætta sem hafa reynsluna, vegna þessara breytinga.

Við lítum á þessar breytingar sem kjörið tækifæri til að efla veg lífrænnar framleiðslu á Íslandi, sem fram til þessa hefur staðið langt að baki grann- og viðskiptalöndum sínum á þessu sviði," segir Gunnar. /smh

# Þín aðild að Bændasamtökunum

**Seinni hluta febrúar munu BÍ senda rafræna greiðsluseðla með félagsgjöldum til allra félagsmanna. Til þess að lágmarka útsendingu á röngum félagsgjöldum er bændum ráðlagt að yfirfara sínar skráningar fyrir 20. febrúar.**

Upplýsingar um félagsaðild félagsmanna Bændasamtaka Íslands eru aðgengilegar á Bændatorginu undir „félög/sambönd" á upphafssíðunni. Hægt er að sjá hvaða einstaklingar með félagsaðild tengjast viðkomandi búrekstri/búsnúmeri, en áður voru þar upplýsingar um aðildarfélög umráðamanns búsins.

*Grunngjald verður 42 þús. krónur*

Grunngjald fyrir aðild að Bændasamtökunum er 42.000 kr. fyrir árið 2017. Því fylgir aðild með fullum félagslegum réttindum fyrir tvo einstaklinga sem standa saman að búrekstri. Til aðgreiningar kemur þetta fram í félagatali sem „BÍ – félagsgjald A".

Ef fleiri en tveir einstaklingar standa fyrir búi greiðir hver félagsmaður umfram tvo að auki 12.000 kr. Til aðgreiningar er þessi leið skilgreind í félagatali sem „BÍ – félagsgjald B".

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Hafið samband fyrir 20. febrúar*

Þeim vinsamlegu tilmælum er bent til félagsmanna að þeir yfirfari upplýsingarnar. Ef að breytinga er þörf og/eða ef einhverjar spurningar vakna þá má senda athugasemd í gegnum Bændatorgið (sjá neðst til hægri þegar komið er inn á upphafssíðu). Æskilegt er að þeir sem vilja breyta skráningu á félagsaðild hafi samband í síðasta lagi 20. febrúar nk. til að ná inn breytingum fyrir útsendingu reikninga.

*Ert þú með spurningar?*

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ munu svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma. Þær Guðbjörg Jónsdóttir og Guðlaug Eyþórsdóttir svara fyrirspurnum um það sem snýr að félagsaðild en þær Jóhanna Lúðvíksdóttir og Sigríður Þorkelsdóttir sjá um innheimtumál. Netfang Bændasamtakanna er bondi@bondi.is.

Nánari upplýsingar um aðild og félagsgjöld BÍ er að finna á vef samtakanna, bondi.is.

# Reglugerð um velferð dýra við flutning

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur lagt fram drög að reglugerð um velferð dýra við flutning til kynningar og umsagnar.**

Þóra J. Jónasdóttir, sérgreinadýralæknir á sviði dýraheilsu hjá Matvælastofnun, segir að þar sem núgildandi reglugerð sé frá 1958 sé eðlilega um töluverðar breytingar að ræða miðað við þau drög sem hún hafi séð. „Engar mjög íþyngjandi kröfur eru þarna að mínu mati, en það er meðal annars lögð meiri ábyrgð á bílstjóra til að meta hvort dýr séu flutningshæf. "

Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að samkvæmt lögum um velferð dýra skal ráðherra setja í reglugerð ákvæði um flutning og rekstur dýra og um leyfi fyrir flutningstækjum, öryggisbúnaði og merkingu þeirra. „Þá skal ráðherra setja fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Einnig skal ráðherra setja nánari ákvæði um flutning búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. um hleðslu í rými, umfermingu, affermingu, hámarksflutningstíma og um þær kröfur sem eru gerðar um flutningstæki sem flytja búfé, þ.m.t. um hleðslubúnað þeirra. Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluaðila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælastofnun og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið þar sem m.a. er fjallað um velferð dýra og dýrasjúkdóma.

Drög reglugerðar um velferð dýra í flutningi hafa verið til vinnslu hjá ráðuneytinu í nokkurn tíma og hafa margir aðilar komið að vinnslu reglugerðarinnar og veitt umsögn um drög hennar á fyrri stigum, má þar nefna: Bændasamtök Íslands, Dýraverndarsamband Íslands, Dýralæknafélag Íslands, Félag hrossabænda, Svínaræktarfélag Íslands, Landssamtök sauðfjárbænda, Geitfjárræktarfélag Íslands, Samband íslenskra loðdýrabænda, Landssamband kúabænda, Félag kjúklingabænda, Félag eggjaframleiðenda, Landssamband kanínubænda, Samtök iðnaðarins, Landssamtök sláturleyfishafa, Matvælastofnun, Samgöngustofa, Innanríkisráðuneytið og Icelandair Cargo. Drög reglugerðarinnar fela í sér mikil nýmæli frá núgildandi reglugerð um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum nr. 127/1958, með síðari breytingum.

Drög reglugerðarinnar taka mið af reglugerð ESB nr. 1/2005 um velferð dýra við flutning og sambærilegra reglna í Noregi. Þrátt fyrir að horft hafi verið til ofangreindra reglna taka drög reglugerðarinnar mið af íslenskum aðstæðum með tilliti til vegalengda, veðurfars, séreglna um inn- og útflutning lifandi dýra og öðrum atriðum sem skipta máli hér á landi.

Reglugerðin er sett er á grundvelli laga um velferð dýra og gildir um flutninga allra dýra. Sérstök athygli er vakin á því að í reglugerðinni er gerður greinamunur annars vegar á flutningi umráðamanns á dýrum sínum á eigin flutningatæki, sé um að ræða hefðbundna árlega flutninga til eða frá beitilandi og flutning á 15 dýrum eða færri og hins vegar flutningum í atvinnuskyni.

Athugasemdir og ábendingar um reglugerðina óskast sendar á netfangið postur@anr.is merkt „Reglugerð um velferð dýra í flutningi"," segir í tilkynningunni.

Frestur til að skila umsögnum er til 16. febrúar 2017, en drög reglugerðarinnar má nálgast í gegnum vef ráðuneytisins. /smh


SAMSUNG
Tilboðs snúningur
Þetta snýst nefnilega... um gæði á góðu verði
Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð
ecobubble
HVAÐ ER ECO BUBBLE?
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.
WF70 ÞVOTTAVÉL
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Verð áður: 79.900,-
Verð nú: 67.915,-
DV70 ÞURRKARI
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð áður: 114.900,-
Verð nú: 97.665,-
WW80 ÞVOTTAVÉL
8 KG. 1600 SN.
Eco Bubble
Verð áður: 109.900,-
Verð nú: 93.415,-
DV80 ÞURRKARI
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð áður: 134.900,-
Verð nú: 114.665,-
RB29 KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR
178 cm / 192+98 ltr.
Verð áður: 94.900,-
Verð nú: 79.900,-
RB31 KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR
185 cm / 208+98 ltr.
Verð áður: 119.900,-
Verð nú: 101.915,-
KU6175
SAMSUNG
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49" eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)
40" Kr. 89.900,- / 49" Kr. 99.900,-
55" Kr. 139.000,- / 65" Kr. 219.000,- uppselt
Uppþvottavél í sérflokki
með Waterwall tækni
Til innbyggingar
Burstað stál
Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stillanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm
Verð áður: 179.900,-
Verð nú: 152.715,-
Samsung HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð áður 99.900,- Verð nú 84.915,-
Samsung HW-J6510
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð áður 99.900,- Verð nú 84.915,-
Samsung HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð áður: 149.900,- Verð nú: 127.415,-
Samsung
R-1 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
Verð áður: 32.900,-
Verð nú: 27.965.-
Samsung
R-3 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð áður: 44.900,-
Verð nú: 36.465.-
Samsung
R-6 MultiRoom
6 klst hleðslurafhlaða
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð áður: 64.900,-
Verð nú: 42.415.-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

Fréttir

# Lamb Inn fær upprunaviðurkenningu frá LS

**Lamb Inn á Öngulsstöðum hefur fengið sérstaka upprunaviðurkenningu Landssambands sauðfjárbænda og var fyrsti veitingastaðurinn á landsbyggðinni til að hljóta þessa viðurkenningu og sá þriði í röðinni á landsvísu.**



Á myndinni eru eigendur Lamb Inn, Ragnheiður Ólafsdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Guðný Jóhannesdóttir og Karl Jónsson ásamt Svavari Halldórssyni, framkvæmdastjóra Félags sauðfjárbænda.

Um er að ræða nýtt markaðsátak sauðfjárbænda þar sem tilgangurinn er að ná til erlendra ferðamanna og sýna þeim hversu afurðir íslensku kindarinnar séu framúrskarandi hreinar og góðar.

Sambandið afhendir öllum þeim sem vinna ekta íslenskar afurðir úr sauðfé sérstakt upprunamerki sem prýða mun veggi veitingastaða og sömuleiðis þess fatnaðar sem framleiddur er hér á landi úr íslenskri ull. Ekki dugar að láta prjóna „íslensku“ lopapeysuna í Kína eða öðrum löndum. Þetta er afrakstur stefnumörkunar í markaðssókn sauðfjárafurða.

### *Skilar sér í hollu kjöti sem rómað er fyrir bragðgæði*

Í texta með viðurkenningunni má finna þetta: Íslenskt sauðfé er alið á sjálfbæran hátt í óspjallaðri náttúru og lömbin sem fæðast á vorin reika sjálfala á fjöllum yfir sumarið, drekka móðurmjólk og éta næringarríkan fjallagróður. Þetta skilar sérlega hollu kjöti sem er rómað fyrir bragðgæði. Lagskipt ullin af íslenska fénu fyrirfinnst hvergi annars staðar og lopaklæði og gærur hafa haldið hita á þjóðinni í óblíðri íslenskri veðráttu í meira en þúsund ár. Stofninn kom til landsins með landnámsmönnum og er óspilltur og einstakur. Bændur eru vörslumenn landsins og búa enn á fjölskyldubúum eins og forfeður þeirra en hafa tileinkað sér það besta úr nútíma tækni og vísindum. Féð er alið á vistvænan hátt undir ströngustu reglum um dýravelferð, án aðskotaefna, erfðabreytts fóðurs eða hormónagjafar. Íslenskt sauðfé er nátengt landinu, menningu þjóðarinnar, siðum og tungumáli og lambakjöt er sannarlega þjóðarréttur Íslendinga. Aðeins ekta íslenskar afurðir bera þetta upprunamerki sem endurspeglar þennan sannleik og gildi íslenskra sauðfjárbænda. */MÞÞ*



Akureyri. Mynd / HKr.

# Íslandshótel byggja nýtt 120 herbergja hótel á Akureyri

**Íslandshótel hafa samið við arkitektastofuna Kollgátu um hönnun á allt að 120 herbergja hóteli í miðbæ Akureyrar á reit sem kenndur er við Sjallann. Hótelið mun verða rekið undir nafni Fosshótela.**

Norðureignir ehf., sem er dótturfélag Íslandshótela, keyptu Sjallann og þann byggingarétt, sem fylgir eigninni, í fyrra. Unnið er að hönnun hótelsins í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og verða fyrstu drög kynnt fljótlega. Þar sem um mikilvæga byggingu er að ræða verður í hönnun hússins tekið mið af sögu Sjallans, segir í frétt á vefsíðu Fosshótela.

### *Að hluta til skíðahótel*

Það er mikill vaxtarbroddur í ferðamennsku á Norðurlandi en spáð hefur verið allt að 20% fjölgun ferðamanna á þessu ári. Íslandshótel taka þátt í uppbyggingunni á svæðinu og sem dæmi var Fosshótel Húsavík nýlega endurbætt verulega og er nú orðið að stærsta ráðstefnuhóteli Norðurlands. Þessi gríðarlega aukning ferðamanna fyrir norðan hefur aðallega verið yfir sumartímann en vetrarferðamennskan hefur átt erfiðara uppdráttar. Líklegt er að auknar flugsamgöngur, opnun á Vaðlaheiðargöngunum og Demantshringnum árið 2018 muni verða til þess að Norðurlandið verði eftirsóttur kostur fyrir ferðamenn yfir vetrartímann.

Íslandshótel eru að leggja sitt af mörkum til að efla Norðurlandið sem áfangastað allt árið. Fyrirhugað er að hið nýja hótel verði að hluta skíðahótel sem mun án efa hafa jákvæð áhrif á vetrarferðir fyrir landsvæðið en Norðurlandið býður upp á mestan fjölda af skíðasvæðum á Íslandi.

Framkvæmdin, sem verður í höndum Beka ehf., fer fram í tveimur áföngum þar sem þeim fyrri verður lokið 2018. Bygging hótelsins mun verða góð innspýting fyrir vinnumarkaðinn á Akureyri þar sem mikill fjöldi mun starfa við framkvæmdina sjálfa auk þess sem við opnun hótelsins munu verða til um 40–50 starfsgildi. */MÞÞ*



Fyrsta verk landbúnaðarráðherra nýrrar ríkisstjórnar var að stokka upp í samráðshópi, sem nýbúið var að skipa af fyrri ríkisstjórn til að fara yfir endurskoðun nýgerðra búvörusamninga.

## Breytt skipan samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga:

# Fulltrúum fjölgað um einn

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur breytt skipan samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar og fyrrverandi alþingismaður, verður formaður hópsins.**

Í fréttatilkynningu frá landbúnaðarráðuneytinu segir að við endurskoðun á fulltrúum í samráðshópnum hafi sérstaklega verið horft til þess að auka vægi umhverfis- og neytendasjónarmiða í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar og fyrrverandi alþingismaður, verður formaður hópsins.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Haraldur Benediktsson, alþingismaður og bóndi.

### *Fulltrúum fjölgað um einn*

Fulltrúum í hópnum er fjölgað úr tólf í þrettán. Umhverfisráðherra tilnefndi einn fulltrúa og Félag atvinnurekenda einn, til viðbótar þeim sem þegar voru skipaðir samkvæmt tilnefningu.

Skipan þriggja fulltrúa af fimm sem fyrri ráðherra skipaði án tilnefningar hefur verið afturkölluð. Í þeirra stað hefur ráðherra skipað Brynhildi Pétursdóttur, fyrrverandi alþingismann og starfsmann Neytendasamtakanna, og Svanfríði Jónasdóttur.

Fulltrúarnir sem viku voru Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, sem var formaður hópsins, Björg Bjarnadóttir og Ögmundur Jónasson.

Nýjan samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga skipa:

Svanfríður Jónasdóttir, formaður (skipuð af ráðherra), Brynhildur Pétursdóttir (skipuð af ráðherra), Elín Margrét Stefánsdóttir (skipuð af ráðherra), Jóna Björg Hlöðversdóttir (skipuð af ráðherra), Þórunn Pétursdóttir (umhverfisráðherra), Páll Rúnar Mikael Kristjánsson (Félag atvinnurekenda), Róbert Farestveit (Alþýðusamband Íslands), Ólafur Arnarsson (Neytendasamtökin), Andrés Magnússon (Samtök atvinnulífsins), Sindri Sigurgeirsson (Bændasamtök Íslands), Björgvin Jón Bjarnason (Bændasamtök Íslands), Elín Heiða Valsdóttir (Bændasamtök Íslands) og Helga Jónsdóttir (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja).

### *Stjórnarliðar ekki allir sáttir*

Haraldur Benediktsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins, formaður fjárlaganefndar Alþingis og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, er ekki sáttur við breytingar Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra á skipan samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Í samtali við vefmiðilinn Eyjuna fyrir skömmu sagði Haraldur m.a.:

„Ég hef áhyggjur af þeirri sátt og nálgun um endurskoðun búvörusamninga sem atvinnuveganefnd þingsins undirbjó við afgreiðslu búvörusamninga á síðasta kjörtímabili í góðri samvinnu við flesta stjórnmálaflokka á þingi og við Gunnar Braga Sveinsson, þáverandi landbúnaðarráðherra. Ég óttast að þetta sé í hættu núna, að vinna að breiðri sátt um íslenskan landbúnað, eftir þessar vendingar hjá nýjum landbúnaðarráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.“

Haraldur sagðist ekki skilja þann gjörning að skipa Svanfríði Jónasdóttur, fyrrverandi þingmann Þjóðvaka og Samfylkingar, í stöðu formanns samráðshópsins.

„Ég skil ekki þennan snúning Þorgerðar Katrínar. Hér sjáum við vikið til hliðar úr formennsku hópsins konu sem er hafin yfir flokkapólitík. Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir kom úr háskólasamfélaginu. Skipan hennar í formennsku var ekki síst vegna þess að Gunnar Bragi var að reyna að lyfta starfinu við búvörusamningana yfir flokkapólitíkina. Í staðinn er settur flokkspólitískur formaður. Nú má ekki misskilja mín orð. Svanfríður er örugglega hin vænsta kona, búin að vinna gott starf fyrir sitt byggðarlag. En hún kemur úr stjórnarandstöðuflokki og er sett af stjórnarráðherra yfir nefnd sem við í meirihlutanum berum ábyrgð á. Þetta eru ekki góð vinnubrögð.“ */VH/HKr.*

# Hermannahjálmur gefinn Tryggvaskála á Selfossi

**Sigurjón Erlingsson, sem á sæti í stjórn Skálafélagsins um Tryggvaskála á Selfossi, færði skálanum nýlega hermannahjálm að gjöf en hann barst austur að Hvoli í Fljótshverfi úr hermannabragga í Reykjavík eftir stríðslokin 1945.**

Um 30 hermannabraggar voru beggja megin við Ölfusárbrú á stríðsárunum og hermenn komu mikið í Tryggvaskála. Haustið 1940 tók breski herinn á leigu um tíma stóra salinn í Tryggvaskála og þrjú herbergi uppi á meðan þeir voru að reisa fyrstu braggana. */MHH*



Tómast Þóroddsson, matreiðslumeistari í Tryggvaskála, með hermannahjálminn sem Sigurjón Erlingsson afhenti honum. Mynd / MHH


can-am BRP
NÝ SENDING AF HINUM SÍVINSÆLU CAN AM
SEX HJÓLUM KOMIN TIL AFGREIÐSLU
TRAUST HJÓL FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR. ÞÚ KEMST ALLTAF HEIM Á CAN AM
CAN AM OUTLANDER
6X6 650 FLATBED
VERÐ FRÁ: 2.990.000.– M/VSK
VERÐ FRÁ: 2.411.000.– ÁN/VSK
ARNAR BERGMANN
S 580-8500
EMAIL. ARNARM@ELLINGSEN.IS
ÞÓR RAGNARSSON
S.580-8500
EMAIL. TR@ELLINGSEN.IS
REYKJAVÍK AKUREYRI
ELLINGSEN
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS


JÖKLAR
Upplifun á Íslandi
ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR
ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU
Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu
SUMARHÚS
GRUNNHÚS
Tilboð
1.990.000 kr.
Ef um 3 hús eða fleiri er að ræða
gerum við sértilboð.
24,3 fm
Jöklahúsin er vel hægt að útfæra í ýmsum útfærslum og
þau bjóða upp á fjölmarga möguleika
í samsetningu og stærð.
PARHÚS
RAÐHÚS
GISTIÁLMA/HÓTEL
GESTAHÚS
STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN
Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is
LANDSHÚS

Fréttir



# Fjölbreytt og fræðandi ferð til Noregs í apríl

## – Félagar í Hanen-samtökunum verða sóttir heim

**Dagana 25.–30. apríl næstkomandi standa Hey Iceland í samvinnu við Beint frá býli og Opnum landbúnaði fyrir fræðsluferð til Noregs þar sem m.a. félagar í Hanen-samtökunum verða sóttir heim.**

Óhætt er að segja að dagskráin sé fjölbreytt enda margt spennandi í boði hjá frændum okkar Norðmönnum og má þar m.a. nefna heimsóknir til félaga úti á landi sem ýmist sinna kjötvinnslu heimavið, reka gistiheimili og veitingastað eða brugga og selja eplavín beint frá bónda.

Flogið er til Osló á þriðjudegi og hefst förin á Thorbjørnrud-hótelinu í Jevnaker sem hefur fengið verðlaun fyrir nýsköpun í svæðisbundnum matvælum. Hér ákvað eigandinn og bóndinn Olav Lie-Nilsen að breyta sundlauginni í ostagerðarvinnslu. Því næst verður Langedrag náttúruþjóðgarður heimsóttur sem er friðlýst svæði en þar verður hægt að kynnast lífi villtra dýra og komast





í návígi við elgi, úlfa, moskúsa og gaupa svo fátt eitt sé nefnt. Í ferðinni verður einnig farið í kynnisferð til eplabænda í Harðangursfirði sem tóku sig saman um að markaðssetja eplasafa og rómuð eplavín. Eini framleiðslustaður Noregs með svið, Smalahovetunet, verður einnig sóttur heim og hér er meira að segja hægt að fá íslensk svið. Að auki verða heimsóttir ferðaþjónustubændur, bændur sem brugga bjór í brugghúsi sínu úr svæðisbundnum matvælum og fleira og fleira.

Einnig verður komið við á nokkrum markverðum stöðum í Noregi og náttúruperlur skoðaðar. Ferðin endar á frjálsum degi í Bergen en á sunnudegi er haldið heim á leið og er lent í Keflavík um miðjan dag.

Nánari upplýsingar um ferðina má nálgast hjá Bændaferðum í síma 570-2790 eða með því að senda tölvupóst á bokun@baendaferdir.is.





Balaton & Búdapest

15. - 25. júní Sumar 6

Fararstjóri: Pavel Manásek

Balaton vatn í Ungverjalandi er margrómað fyrir fallegar strendur, líflega bæi og ólýsanlega fegurð og ekki að undra að vatnið og umhverfi þess sé einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Góður tími gefst til að slaka á og eiga notalegar stundir á þessum fagra stað, kynnast menningu og mannlífi Ungverja ásamt því að taka þátt í ungversku sveitabrúðkaupi.

Verð: 214.900 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK


## Umtalsverð aukning var í sölu nýrra dráttarvéla á Íslandi á síðasta ári:

# Bjartsýnin virðist vera að aukast hjá bændum landsins

**Sala nýrra dráttarvéla á Íslandi tók talsvert við sér á síðasta ári og er óðum að nálgast það sem sumir telja eðlilegt með tilliti til endurnýjunar. Miðað við þetta virðist bjartsýni bænda á framtíðina hafa aukist mjög mikið.**

Þótt salan þyki vera ágæt á dráttarvélum um þessar mundir er þó ekki verið að tala um neinar þúsundir véla. Eigi að síður jókst salan úr 121 vél á árinu 2015 í 154 nýjar dráttarvélar. Oft er talað um að 200 til 250 dráttarvélar geti talist eðlilegur fjöldi á ári til að fullnægja endurnýjunarþörf. Þegar mesti hasarinn var fyrir efnahagshrunið mikla var verið að flytja hér inn allt að 350 nýjar vélar.

Í þessum samanburði er einungis verið að tala um nýjar dráttarvélar samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu sem bændur kannast við, en ekki liðléttinga og önnur tæki sem líka var selt mikið af í fyrra. Ef það væri allt inni í dæminu væri markaðshlutfallið væntanlega talsvert annað. Erfitt getur þó verið að flokka í sundur samkvæmt opinberum gögnum hvort um raunverulegar dráttarvélar er að ræða eða ekki og meira að segja dæmi um að flutt hafi verið inn fjórhjól á liðnum árum sem skilgreind hafa verið sem dráttarvélar. Þá er hér heldur ekki tekið tillit til innfluttra notaðra dráttarvéla sem alltaf er talsvert um á markaðnum.



*Valtra frá Jötni vélum söluhæst*

Jötunn vélar tróna á toppnum með 39,6% markaðshlutdeild samkvæmt opinberum gögnum. Hjá þeim er það dráttarvélategundin Valtra sem heldur uppi merkinu og var jafnframt söluhæsta dráttarvélategundin í nýjum innfluttum vélum á síðasta ári. Voru fluttar inn 39 slíkar vélar á síðasta ári á móti 27 árið áður, en þá var Valtra líka söluhæsta vélin. Massey Ferguson var svo næst söluhæsta dráttarvélamerkið með 22 vélar.



*Kraftvélar á mikilli siglingu*

Fyrirtækið Kraftvélar virðist vera komið með verulegan byr í seglin og hefur aukið markaðshlutdeild sína úr 9,9% í 19,5% á milli ára. Þar er það New Holland sem heldur uppi merkinu með 20 vélar seldar á síðasta ári á móti 9 vélum á árinu 2015. Þegar munu 24 nýjar New Holland vélar vera á leið til landsins og árið rétt byrjað. Þá eru Kraftvélar einnig með Case IH dráttarvélar sem tóku mikið stökk í sölu, eða úr þremur vélum 2015 í 10 vélar á síðasta ári.



*Vélfang í góðum málum með CLAAS og Fendt*

Þriðja öflugasta innflutningsfyrirtækið í sölu nýrra dráttarvéla á síðasta ári og með 15,8% markaðshlutdeild var Vélfang. Þar eru það vélar af gerðinni CLAAS sem halda uppi sölunni með 18 seldum vélum. Af gæðingnum Fendt seldust svo 6 vélar á síðasta ári.



*Deutz Fahr frá Þór nýtur vaxandi vinsælda*

Hið gamalgróna fyrirtæki Þór kemur svo í fjórða sæti með 14,2% markaðshlutdeild. Þar er það hið fornfræga þýska gæðamerki Deutz Fahr sem gerir það best með 16 seldar vélar á móti 11 vélum árið áður. Síðan kemur Kubota frá Japan með 6 vélar.



*Hið rótgróna merki John Deere að ná góðri fótfestu á ný*

Þá koma VB landbúnaðarvélar í fimmta sæti með 3,8% markaðshlutdeild í sölu nýrra dráttarvéla samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu. Þar er það John Deere sem stendur upp úr með 4 seldar vélar. Þessi tegund virðist vera að vaxa í vinsældum á ný, en John Deere var mjög vinsælt merki, ekki síst með sínar traktorsgröfur fyrir verktakageirann hér á árum áður. Þá eru VB landbúnaðarvélar einnig að selja hina vel þekktu tegund Zetor, sem margir halda tryggð við. Af þeim seldust 2 vélar á síðasta ári, en 10 árið á undan.

*Hörð samkeppni í sölu einfaldari dráttarvéla*

Ursus dráttarvélarnar, sem Stjörnublikk hefur verið að flytja inn frá Póllandi, virðast ekki hafa fangað hug kaupenda á síðasta ári eftir ágæta innkomu árið 2015 með 6 vélar. Eins og Zetorinn hefur Ursus vakið hrifningu margra fyrir minna tækniprjál en þekkist í dýrari vélum. Þar fengu þessar tegundir þó hressilega samkeppni á síðasta ári þegar innflutningur hófst á einföldum og ódýrum Solis dráttarvélum frá Indlandi. Af Solis seldust 8 vélar, af ýmsum stærðum, en þessi tegund hefur verið að hasla sér völl í Evrópu, einkum sökum lágs verðs og einfaldleika. /HKr.

## Þróun dráttarvélainnflutnings

| Nýjar innfluttar vélar | 2015 | 2016 |
|---|---|---|
| Valtra | 27 | 39 |
| Massey Ferguson | 23 | 22 |
| New Holland | 9 | 20 |
| CLAAS | 17 | 18 |
| Deutz | 11 | 16 |
| Case IH | 3 | 10 |
| Solis | 0 | 8 |
| Fendt | 6 | 6 |
| Kubota | 4 | 6 |
| John Deere | 3 | 4 |
| McCormick | 0 | 3 |
| Zetor | 10 | 2 |
| Ursus | 6 | 0 |
| Dongfeng | 2 | 0 |

## Söluhæstu nýju dráttarvélarnar á Íslandi 2006

| Innflytjandi | Tegundir | Fjöldi véla samtals | Markaðshlutdeild |
|---|---|---|---|
| Jötunn vélar | Valtra + Massey Ferguson | 61 | 39,60% |
| Kraftvélar | New Holland + Case IH | 30 | 19,50% |
| Vélfang | Fendt + CLAAS | 24 | 15,80% |
| Þór hf. | Deutz + Kubota | 22 | 14,20% |
| VB Landbúnaður | Zetor + John Deere | 6 | 3,80% |
| Aðrir innflytjendur | | 11 | 7,10% |
| | Samtals | 154 | |

### Neytenda-app Neytendasamtakanna:

# Eflir verðvitund og samkeppni

**Neytendasamtökin kynntu fyrir skömmu nýtt app, eða smáforrit, fyrir snjallsíma og spjaldtölvur sem er ætlað að safna og miðla upplýsingum um verðlag á dagvöru á Íslandi. Smáforritið heitir Neytandinn og á að gefa notendum betri yfirsýn yfir útgjöld heimilisins, efla verðvitund og stuðla að aukinni samkeppni verslana.**

Gögnum er safnað af innkaupastrimlum notenda sem taka mynd af honum í gegnum forritið. Það myndgreinir strimilinn og les af þeim nafn verslunar, tímasetningu og vöruverð.

Fyrst um sinn verður aðeins unnið úr strimlum frá íslenskum dagvöruverslunum. Hver og einn getur skoðað gögnin á vefsvæðinu Neytandinn.is. Þar er hægt að gera verðsamanburð og leita að einstökum vörum auk þess sem notendur geta haldið utan um eigin innkaup í gegnum forritið, enda geymir það myndir og upplýsingar af öllum strimlum sem hver neytandi setur inn.

Neytandinn er til bæði fyrir iPhone og Android og er hægt að nálgast appið í gegnum App Store og Google Play. Það er ókeypis og ekki er greitt fyrir aðgang að eigin upplýsingum né grunnverðlagsupplýsingum. /smh

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé




AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Vantar þig vefsíðu?

Við finnum réttu lausnina fyrir þig

Vefverslanir - Bókunarsíður - Hestaleigur
Bílaleigur - Upplýsingavefir - Sérhannað

Hringdu í síma 547 5000 eða sendu
tölvupóst á alheimur@alheimur.is og
við finnum lausn á málinu.

Sími 547 5000 Alheimur.is

# STEKKUR

## Sálin verður ekki þvegin

**Sápa, eins og fleiri hreinlætisvörur, þykja sjálfsagður og eðlilegur hlutur í samfélagi siðmenntaðra manna. Hún er til margra hluta nýtileg.**

Fólk vaskar upp, sturtar sig með alls konar efnum, laugar hendur sínar og jafnvel notar sápu til að auðvelda sér að umfelga dekk í sveitum landsins þar sem viðeigandi tækja nýtur ekki við. Það er því ekki úr vegi að líta aðeins á sögu þessa merkilega efnis.

Elstu heimildir um sápu eru um 4200 ára gamlar. Fundist hafa leirtöflur frá Babýloníumönnum með uppskriftum að sápu frá því um 2200 fyrir Krist. Þeir settu tóninn fyrir komandi aldir og kynslóðir en uppskriftin var einfaldlega vatn, basi og jurtaolía og var sápa þeirra að mestu notuð í vefnaðariðnaði. Forn egypskur læknisfræðilegur papírus, þekktur sem Ebers papírus, lýsir uppskrift að mixtúru sem mælt var með að fólk notaði til meðferðar á húðsjúkdómum og til almennra líkamsþvotta. Skjöl frá þessum tíma benda einnig til að þeir hafi notað sápu í vefnaðariðnað.

Eins og svo margt annað er orðið sápa, eða á latínu sapo, ættað frá rómverjum til forna. Orðið kemur fyrst fyrir í bók eftir rómverskan náttúrufræðing í kringum árið 80 e. Krist, en þar lýsir hann framleiðslu á sápu úr ösku og tólg. Sögur segja að sápa sé nefnd í höfuðið á fjallinu sapo, talið er að þar hafi dýrum verið fórnað til að friðþægja guðina en fita úr þeim dýrum sem fórnaði hafi verið var blandað saman við ösku til að búa til umrædda sápu. Í bókinni talar hann þó ekki um sápu sem hreinlætistæki heldur talar um að Vestur-Evrópubúar, þá aðallega karlmenn, hafi notað efnið til að móta hár sitt. Á þessum tíma höfðu Rómverjar þann háttinn á að þeir nudduðu olíum á líkama sinn og skófu síðan af ásamt óhreinindum með eins konar sköfu. Fljótlega fór þó að bera á sápunni sem hreinlætisvöru og vinsældir hennar jukust mikið á 2. öld e.k Krist. Ritaðar heimildir frá þessum tíma tala um að bestu sápurnar hafi verið framleiddar í Vestur- og Norður-Evrópu.

Á miðöldum var framleiðsla orðin töluverð. Sápugerðarmenn á 6. öld í Napólí mynduðu stéttarfélög og á 8. öld var sápugerðarlistin orðin vel þekkt um alla Ítalíu og á Spáni, þar sem Spánverjar voru leiðandi í sápugerð. Framleiðsla á sápu hófst ekki fyrr en um árið 1200 í breska konungsríkinu og var verkinu lýst sem kvenmannsverki eða aukabúgrein góðra iðnaðarmanna svosem eins og bakara, smiða og járnsmiða.

Fram að iðnbyltingunni var framleiðsla erfið og ekki stunduð í mikilli fjöldaframleiðslu. Nokkrar franskar borgir til dæmis Marselíuborg voru miðstöð sápuframleiðslu og þjónuðu því hlutverki að dreifa hreinlæti til samlanda sinna. Í Englandi var megnið framleitt í Lundúnum fyrir Bretland. Fljótandi sápa eins og við þekkjum í dag kom ekki fram á sjónarsviðið fyrr en árið 1865 þegar maður að nafni William Sheppard sótti um einkaleyfi. Annar maður að nafni B. J. Johnson þróaði sápu og setti markað árið 1898 sem hann kallaði „palmolive". Vinsældir hennar voru svo gífurlegar að ákveðið var að endurnefna fyrirtækið „palmolive". Á þeirri rúmu öld sem liðin er frá því hefur margt gerst, skoðið bara rekkann í næstu matvöruverslun.

*/Jóhannes Frímann Halldórsson*

**SKIPULAGSMÁL**



Þessi mynd var tekin 11. júlí 2009, skömmu eftir bruna Hótels Valhallar. Þarna má glöggt sjá hluta grenitrjáa sem mörgum hverjum var plantað fyrir fæðingu flestra núlifandi Íslendinga. Eru þau því hluti af minningu mikils fjölda Íslendinga um staðinn sem nú virðast engan rétt eiga í kerfinu. Myndir /HKr.

### Þingvellir helgasti reitur Íslendinga:

# Áratuga gamall greniskógur „upprættur"

**Þingvallanefnd hefur ákveðið að fella og uppræta áratuga gömul grenitré næst Valhallarreitnum. Helstu rökin fyrir því að fella trén eru að þau hafi „slæm sjónræn áhrif" á ásýnd þjóðgarðsins.**

Forsaga skógarfellingarinnar er að ríkissjóður hefur keypt 72 ára gamlan sumarbústað sem til stendur að rífa. Samhliða því að rífa sumarbústaðinn hefur verið ákveðið að fella áratuga gömul grenitré sem standa á lóðinni hjá honum.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir í bréfi til forsætisráðuneytisins að Þingvallanefnd hyggist rífa húsið og „uppræta og fjarlægja greniskóginn".

Fyrr í sumar var greint frá því að fella eigi hátt í þrjú hundruð barrtré á Þingvöllum á næstu árum.

*Gríðarlegt jarðrask*

Samkvæmt orðanna hljóðan á ekki eingöngu að fella greniskóginn á Valhallareitnum heldur einnig að grafa burt allar rætur trjánna. Það að fjarlægja rætur gamalla trjáa hefur í för með sér gríðarlegt jarðrask. Fjarlægja þarf tugi ef ekki hundruð rúmmetra af jarðvegi sem þarf síðan að flytja burt og síðan flytja að annan jarðveg í staðinn til að lagfæra skemmdirnar.

*Ekki krafa UNESCO*

Helstu rökin sem notuð hafa verið þegar greni og fura hefur verið felld innan Þingvallagarðsins eru að eftir að garðurinn var settur á Heimsminjaskrá UNESCO hafi verið gerð krafa um að þar megi ekki finnast plöntur af erlendum uppruna. Þar er átt við plöntur sem ekki teljast til íslenskrar flóru og þá væntanlega plöntur sem ekki eru skráðar með ríkisborgararétt í fyrstu útgáfu af Flóru Íslands eftir Stefán Stefánsson sem kom út árið 1901.

Þetta er rangt. UNESCO gerir ekki slíkar kröfur og hefur aldrei gert.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, sagði í samtali við Bændablaðið að UNESCO hafi ekki gert kröfur um slíkar trjáfellingar þegar Þingvellir voru teknir inn á heimsminjaskrá árið 2004. „Það að slíkt var ákveðið var einhliða ákvörðun Þingvallanefndar sem lét í veðri vaka að slíkt væri að frumkvæði UNESCO."

*Kew-grasagarðurinn er á heimsminjaskrá*

Sama ár og Þingvellir voru teknir á heimsminjaskrá var Kew-grasagarðurinn í London tekinn inn á skrá UNESCO en sá garður er eitt stærsta safn erlendra plantna í heiminum og alþjóðleg rannsóknamiðstöð í grasafræði. Við innvígslu Kew á heimsminjaskrá var ekki farið fram á að ein einasta erlend planta væri fjarlægð úr garðinum.

*Söguföflsun*

Sú árátta að fjarlægja öll barrtré og tré sem teljast geta verið innflutt á Þingvöllum er stórfurðuleg og líkist einna helst söguföflsun náttúruminja. Barrtrén á Þingvöllum voru á sínum tíma gróðursett í góðri trú og hafa um áratugi glatt augu þjóðgarðsgesta og af og frá að þau hafi á nokkurn hátt haft „slæm sjónræn áhrif" á ásýnd garðsins. Slíkt er firra.

Talsvert var fellt af gömlum og háum grenitrjám á sama reit árið 2006 með samþykkt Skógræktarinnar.

Trén hafa fyrir löngu unnið sér þegnrétt þar sem þau standa. Fegurð Þingvalla felst ekki síst í náttúrulegri fjölbreytni og trjánum sem þar eru, hvort sem það eru sumargræn lauftré eða sígræn barrtré. /VH



Brúin yfir Öxará. Fyrir enda hennar sést í greniskógarlund sem plantað var við Hótel Valhöll og hefur verið þyrnir í augum þeirra sem vilja ganga lengst í hreintrúaröfgum um friðlýsingu og útmá öll grenitré á svæðinu. Hvað má þá segja um brúna, kirkjuna og umfangsmikil mannvirki á Hakinu?



Fegurð Þingvalla felst ekki síst í þeim fáu trjám sem þar er enn að finna.

**UNESCO**

## Ekki krafa UNESCO

„Helstu rökin sem notuð hafa verið þegar greni og fura hefur verið felld innan Þingvallagarðsins eru að eftir að garðurinn var settur á Heimsminjaskrá UNESCO hafi verið gerð krafa um að þar megi ekki finnast plöntur af erlendum uppruna.

Þar er átt við plöntur sem ekki teljast til íslenskrar flóru og þá væntanlega plöntur sem ekki eru skráðar með ríkisborgararétt í fyrstu útgáfu af Flóru Íslands eftir Stefán Stefánsson sem kom út árið 1901.

Þetta er rangt, UNESCO gerir ekki slíkar kröfur og hefur aldrei gert."






EDDA
HEILDVERSLUN
Stofnsett 1932

Rúmföt og lök
Handklæði
Sængur og koddar
Sloppar og inniskór

Allt lín fyrir:

Hótelið - Gistiheimilið - Bændagistinguna - Airbnb

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 525 8210
eddaehf@eddaehf.is www.eddaehf.is

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

FRÍR FLUTNINGUR Á LEGSTEINUM UM LAND ALLT
15% AFSLÁTTUR AF STEINUM Í FEBRÚAR OG MARS

BYGGT Á ÁRATUGA REYNSLU

LEGSTEINAR / STUÐLABERG / SALTLAMPAR



Steinsmiðja Akureyrar - minnismerki.is - sala@minnismerki.is
Sími 466 2800 - gsm 899 9370

# Til sölu!

Fjölbreytt úrval af notuðum vörum
á hagstæðu verði

## Stúka

Fjöldi sæta 644 í 15 röðum.
Auðvelt að setja saman og taka niður.
Stúkan selst í heilu lagi eða minni einingum.
Hagstætt verð eða kaupleiga.



## Battavöllur

Færanlegur afgirtur battavöllur með mörkum.
Einfaldur í uppsetningu.



## Skilrúm, salerni, þvagskálar og vaskar

Uppsett en nánast ónotað. Tilvalið fyrir ferðaþjónustuaðila.



ljós - flúorsentlampar - ljóskastarar
veggljós – loftljós - hert gler ljós í kerfisloft
kerfisloft notað og nýtt – loftræstibúnaður
lagnarennur - kæliblásarar – lagerhillur – gólfflísar
dekk - skrifborð – skúffuskápar
líkamsræktartæki - eldhúsinnrétting móttökuborð
fataslár - verslunar-raufapanell og pinnar
afgreiðsluborð – framstillingarkörfur –ræstivagnar
antik fulningahurðar - borðbúnaður -gastrobakkar
diskarekki með hitaelementi - hitaborð fyrir átta
gastrobakka – OLIS gaseldavél – AEG innbyggður
örbylgjuofn - Comenda uppþvottavél - þvottavél

Nánari upplýsingar í síma 664 6555
eða á netfangið ornaehf@gmail.com

Varahlutir í flestar tegundir dráttarvéla

New Holland - Fiat - Ford - Case - Steyr - Zetor - Fendt

Eigum fyrirliggjandi síur í flestar gerðir þessara véla
og mikið úrval varahluta. Einnig sérpantanir.



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

# Lamb street food-staður í burðarliðnum

**Það fer sífellt vaxandi að íslenskir veitingastaðir sérhæfi sig í að bjóða upp á mat sem kemur beint úr íslenskri náttúru. Neytendur – ekki síst erlendir ferðamenn – gera æ ríkari kröfur um að fá mat þar sem rekja megi hráefnið til upprunans. Einn slíkur veitingastaður er í burðarliðnum, þar sem íslenskt lamb er í aðalhlutverki.**

Í Matvælalandinu, einu af frumkvöðlasetrum í húsi Sjávarklasans á Grandagarði, hefur Rita Didriksen verið að máta hugmyndir sínar um framleiðslu og sölu á íslensku lambakebabi og fóstrað þær í samvinnu við Norðlenska.



Rita kynntist kebabmenningunni þegar hún var í námi í Þýskalandi, þar sem þessi réttur er í miklum metum. Hér er hún á skrifstofunni í einu af frumkvöðlasetrunum í húsi Sjávarklasans á Grandagarði, ásamt Stefáni P. Jones. Mynd / Erla Kristinsdóttir

### *Íslenskur vinkill*

„Kebab er ekki nein nýjung eins og flestir vita, enda einn vinsælasti skyndibiti í Evrópu,“ segir Rita. „Þetta er aldagömul eldunarhefð sem er upprunnin frá Arabalöndum fjær, en orðið kebab þýðir einmitt kjöt sem steikist á teini. Það er þessi hæga eldunaraðferð á grillteini sem er svo mikil snilld, engin steiking á pönnu og engin olía. Við tökum svona íslenskan vinkil á kebabið. Allar sósur eru sérlagaðar á staðnum, tzatziki o.fl., með áherslu á léttleika og íslenskt hráefni. Brakandi ferskt og sýrt grænmeti og ferskt flatbrauð er meðal þess sem mun gera kebabið að frábærri máltíð.

Ég kynntist kebabmenningunni þegar ég var í námi í Þýskalandi, þar sem þessi réttur er í miklum metum. Mér er illa við að kalla þetta skyndibita, sem hefur þá ímynd að vera talinn óhollur. Ég vil frekar samsama mig við fyrirbærið „street food“ – enda er vörumerkið mitt Lamb street food en það byggir á markaðssetningu þar sem neytandanum er kynnt með ýmsum hætti um uppruna vörunnar, til dæmis með skírskotun til héraðsins, heimahaga lambsins og bóndans. Þetta er svona „slow food in a fast way“ – svo ég sletti nú aðeins – dálítið eins og þegar Bjartur í Sumarhúsum hittir heimsborgarann. Lamb street food er gæðamáltíð en með hentugleika skyndibitans,“ segir Rita.



Kebab er aldagömul eldunarhefð sem er upprunnin frá Arabalöndum fjær, en orðið þýðir einmitt kjöt sem steikist á teini.



Draumur Ritu er að búa til flott vörumerki sem verður þekkt fyrir eitt besta kebab norðan Alpafjalla – þótt víðar væri leitað.

### *Hollusta og hreinleiki lambakjötsins*

Hollusta íslenska lambakjötsins er hafin yfir allan vafa, að sögn Ritu. „Lambið sem gengur á fjalli nærist á hægvaxta villtum jurtum og drekkur kristaltært vatn og fær þannig næringu sem inniheldur kjarnann úr okkar einstöku náttúru. Í kjötinu er mikið magn af góðum fitusýrum eins og Omega 3 og meira af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum heldur en í kjöti af dýrum sem alin eru á sérblönduðu kraft- og gróffóðri. Við höfum því sannarlega einstæðar aðstæður sem keppinautar á kjötmarkaði annars staðar í heiminum eiga erfitt með að keppa við.

Lambakjötið okkar hefur mikla sérstöðu og fólk tengir íslenskar sauðfjárafurðir mjög sterkt við íslenska náttúru og hreinleika hennar. Frá byrjun þessa verkefnis var markvisst stefnt að því að framleiða hreina og holla vöru.“

### *Hágæða lambakjötskeila*

„Ég var svo heppin að komast í samstarf við Norðlenska við að hanna hágæða lambakjötskeilu fyrir staðinn minn, en framleiðsluaðferð keilunnar eins og hún hefur verið þróuð og unnin hjá Norðlenska er nýsköpun. Leitast var við að framleiða staðlaða gæðaafurð úr framparti lambsins, án íblöndunar ýmissa aukaefna, sem er einmitt oft einkennandi fyrir kebab erlendis. Framparturinn hentar mjög vel í kebabið með hæfilegri blöndu af fitu og vöðva. Ákveðið var að yfirskyggja ekki hið góða íslenska bragð sem er af kjötinu með of mikilli kryddnotkun, en þurrkuð og mulin hvannarfræ og íslenskt salt er meðal þess sem notað er til að laða fram rétta bragðið.

Það býr mikill metnaður að baki þessu verkefni hjá þeim sem ég hef starfað með og vandlega hugað að öllum þáttum. Ég sé fyrir mér Lamb street food-staði um allt land, þar sem girnilegur biti verður aðgengilegur öllum þeim sem ferðast um landið – Íslendingum sem og erlendum ferðamönnum. Draumurinn er að búa til flott vörumerki sem verður þekkt fyrir eitt besta kebab norðan Alpafjalla – þótt víðar væri leitað. Ég legg út í þetta verkefni full af bjartsýni og tilhlökkun um spennandi ferðalag,“ segir Rita, sem vonast til að geta opnað næsta sumar. /smh

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS




JEPPADEKK
Úrval af 35" dekkjum fyrir
15, 16, 17, 18 og 20" felgur

Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN




Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

jardir.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið
Kemur næst út
23. febrúar

GLER Í ÖLLUM LITUM
STÆRÐUM OG ÚTFÆRSLUM
GEFÐU HEIMILINU NÝTT LÍF Á EINFALDAN HÁTT




# YLEININGAR

**YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.**

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is




byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

**Getum við orðið að liði? – Við seljum m.a.**
**þvottavélar • þurrkara • strauvélar**
*Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótel og gistiheimili*

Eigum hágæða þýskt hótellín



FRUM - www.frum.is

DANUBE
IceFAKTA ehf. Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavík • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icefakta@icefakta.is • www.icefakta.is

# Vinnu-samfestingar
## OG MARGT FLEIRA

*Hafðu samband.*
*Við veitum þér faglega aðstoð.*

*VINNUGALLI:*
*65% pólýester, 35% bómull.*
*Svartur og grár.*
*Stærðir S-2XL.*
*Verð : 11.000 kr.*





Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

# BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

FRÉTTASKÝRING

# Stríðið um neysluvatnið er þegar hafið

## – Íhugunarefni fyrir íslendinga sem hægt og hljótt eru að verða að leiguliðum í eigin landi

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Sumum kann kannski að þykja að verið sé að bera í bakkafullan læk að fjalla hér meira um stöðu vatnsmála í heiminum. Ekki verður þó fram hjá því horft að vatn er undirstaða alls lífs á jörðinni og því skiptir máli að fólks sé meðvitað um stöðu mála.**

Eins og fjallað hefur verið um í Bændablaðinu á liðnum vikum, misserum og árum, þá mun skortur á neysluvatni verða uppspretta vaxandi átaka í heiminum á komandi árum. Það er ekki einhver hugsanlegur fjarlægur möguleiki heldur eru slík átök þegar hafin.

Leyniþjónusta Bandaríkjanna, CIA, benti á þessa hættu fyrir fjölmörgum árum. Þótt innrásin í Írak og átökin sem þar hafa fylgt á eftir, m.a. með stríði í Sýrlandi, hafi snúist að verulegu leyti um yfirráð yfir olíuauðlindum, þá er vatnsskortur í þessum löndum ekki síður uppspretta blóðugra átaka og landflótta. Íran og Indland gætu hæglega orðið næstu risavöxnu dæmin um flótta fólks frá vatnslausum svæðum á komandi árum.



Lélegt aðgengi og skortur á neysluvatni er nú talin meginorsök borgarastyrjaldar sem nú geisar í Yemen.




### Kemur við íslenska ferðamenn í útlöndum

Á slóðum mikils fjölda íslenskra ferðamanna á Kanaríeyjum er staðan fyrir löngu orðin þannig að útilokað væri að halda uppi ferðaþjónustu sem aðalatvinnuvegi eyjanna án þess að flytja inn vatn og eima sjó í stórum stíl. Líklega leiða fæstir ferðamenn huga að þessu risamáli þegar þeir sleikja sólina á gulum sandströndum. Þær eru reyndar sumar manngerðar úr innfluttum sandi, sem jafnvel hefur verið sóttur til Ameríku. Þetta hljómar vissulega undarlega þegar þess er gætt að Gran Canaria er ekki nema í um 150 kílómetra fjarlægð frá strönd Afríku þar sem Sahara, stærsta eyðimörk heims, er með öllum sínum sandi.

### Uppistöðulón nær vatnslaus

Í lauslegri skoðun undirritaðs á stöðu uppistöðulóna á eyjunni Gran Canaria á dögunum kom í ljós að í þeim er nú sáralítið vatn, einmitt á þeim tíma árs sem þau ættu undir eðlilegum kringumstæðum að vera fleytifull. Stöðuna í dag á þessari eyju má þó rekja langt aftur í tímann, eða til þess er Spánverjar hrifsuðu eyjarnar úr höndum frumbyggja á fimmtándu öld. Ákvörðun Spánverja um að hefja þar stórfellda sykurreyrsræktun, varð síðan til þess að skógar eyddust á skömmum tíma og sjálfbær vatnabúskapur eyjanna var um leið eyðilagður til frambúðar. Þetta hefur verið að endurtaka sig víða um heim með aukinni ásókn fjölda þjóða eftir hagkvæmu ræktarlandi til að framleiða fæðu fyrir sína íbúa.

Á vefsíðu revealnews.org má líka sjá dæmi um átök sem raunverulega rekja upptök sín til átaka um vatn. Þessi vefsíða er gerð út af The Center for Investigative Reporting (CIR) sem leið fyrir rannsóknarblaðamenn til að vekja lýðræðislega umræðu um hluti sem aflaga hafa farið. Í grein á vefsíðunni þann 14. janúar má finna athyglisverða grein eftir blaðamanninn Natan Halverson um áhrif vatnsskorts á samskipti fólks. Bendir hann m.a. á það sem er að gerast í Kaliforníu þar sem óheft uppdæling á grunnvatni er að eyðileggja gríðarlega verðmætt ræktarland til framtíðar. Þar er jörð farin að falla saman í takt við það sem vatnið er tæmt úr jarðlögunum. Afleiðingin verður eyðimörk.

### Fyrsta vatnsstyrjöld heimsins hófst í Yemen

Bent er á þau átök sem geisað hafa í Ymen í Mið-Austurlöndum um árabil. Þar hafa yfir 10.000 manns verið drepnir í blóðugum átökum sem utan frá séð hafi virst stafa af átökum um yfirráð yfir landsvæði. Athuganir rannsóknarblaðamanna hafa þó opnað augu fólks fyrir því að raunveruleg rót átakanna í Yemen var skortur á neysluvatni. Átökin í Yemen kunni því að vera fyrsta eiginlega vatnsstyrjöldin í heiminum.

Natan Halverson skrifaði einnig grein á vefsíðu revealnews.org þann 11. apríl 2016. Þar segir hann að þegar uppreisn og átök breiddust út í Yemen árið 2009 hafi Stephen Seche, sendiherra Bandaríkjanna í landinu, sent frá sér svohljóðandi skeyti:

„Vatnsskortur hefur leitt örvæntingarfullt fólk til að grípa til örvæntingarfullra aðgerða sem hafa ógnvænlegar afleiðingar í för með sér.“

Í skeyti sem Seche sendiherra sendi til yfirvalda í Washington þann 22. september lýsti hann samtali sem hann hafði átt við „vatnsmálaráðherra“ Yemen. Lýsti ráðherrann stöðunni þannig að vatnsskorturinn í Yemen væri mesta ógnin við stöðugleika þjóðfélagsins í komandi framtíð. Greindi hann frá því að um 70% af ólöglegum vegatálmum, sem komið hafi verið upp, hafi verið reistir af reiðum íbúum sem hafi verið að mótmæla vatnsskorti. Reiðin sem undir kraumaði hafi síðan leitt til átaka. Inn í þessar deilur hafa svo spunnist ættbálka- og trúarbragðaátök shía- og súnní-múslíma sem njóta hernaðarstuðnings Írana annars vegar og Sádi-Araba hinsvegar sem hafa aðgang að bandarískum hátæknivopnum.



Trúarleg áhrifasvæði shía-múslima (dökkgræn) og súnní-múslima (ljósgrænt).



Á ferðamannaeyjunni Gran Canaria, sem fjöldi Íslendinga þekkir mjög vel, eru neysluvatnsuppistöðulón nær tóm á þeim tíma sem þau ættu að öllu eðlilegu að vera barmafull. Bláu örvarnar sýna eðlilega stöðu á vatnsyfirborði lóns vestan við hið þekkta kennileiti Roque Nublo miðað við að lónið sé fullt. Mynd / HKr.

### Uppistöðulónin tæmast

Skömmu seinna sendi Seche enn eitt skeytið þar sem fram kom að í 14 af 16 vatnsuppistöðulónum landsins væri ekkert vatn lengur. Allt þetta fékk þó litla umfjöllun í fjölmiðlum og lítið skeytt um að greina fólki frá því að grunnvatnsbrigðir landsins væru að hverfa.

### Vatnsskortur líka orsök átaka í Sýrlandi

Natan Halverson segir svipuð skeyti hafa verið send frá Sýrlandi sem hafi verið vísbending um það ofbeldisfulla hrun samfélagsins sem í vændum var og orsakaði það að flóttamenn þaðan flæddu yfir Evrópu. Það hafa því ekki verið vopnuð átök sem var orsakavaldurinn, heldur skortur á neysluvatni sem leiddi til uppreisnar og átaka. Þegar vatnsbrunnar þorna upp verður afleiðingin sú að akrarnir deyja, fólk verður hungrað og þyrst og einnig reitt vegna ástandsins.

Halverson segir að leynileg skeyti opinberra starfsmanna sem Wikileaks hafi gert opinber 2015 gefi nú nýja sýn á hvernig skortur á vatni hafi kynnt undir borgarastyrjaldir í Yemen og í Sýrlandi. Þau sýni einnig að konungur Sádi-Arabíu, nágrannaríkis þessara landa, hafi skipað fyrirtækjum í sínu landi til að tryggja sinni þjóð aðgengi að ræktarlandi víða um heim. Síðan hefur vandinn bara aukist. Þannig hefur Bændablaðið m.a. áður greint frá því að Sádi-Arabar hafa verið stórtækir í kaupum á landi í Kaliforníu. Þar hafa þeir einkum ræktað refasmára sem síðan er nýttur sem fóður fyrir kýr í Sádi-Arabíu. Þannig nýta þeir bandarískt vatn, sem reyndar er þegar af skornum skammti, til að spara það litla vatn sem Sádi-Arabar hafa aðgengi að heima fyrir.

### Íhugunarefni fyrir Íslendinga

Í þessu ljósi hljóta Íslendingar að fara að íhuga sína stöðu varðandi það sem er að gerast hér á landi. Erlendir ríkisborgarar, oft með aðstoð ríkra Íslendinga, hafa verið að kaupa upp stór landsvæði og heilu árnar á liðnum árum og misserum án þess að yfirvöld virðist hafa af því nokkrar áhyggjur. Ef fram fer sem horfir gætu Íslendingar hæglega orðið leiguliðar í sínu gamla landi á skömmum tíma. Þá yrði þjóðin með öllu áhrifalaus um hvað verður um þeirra verðmætustu auðlind, nefnilega vatnið. Tiltölulega lítið hefur farið fyrir afstöðu stjórnmálamanna um þessi mál. Helst hefur það verið Ögmundur Jónasson, fyrrverandi þingmaður Vinstri grænna, sem vakið hefur máls á þessu af einhverri alvöru og á hann heiður skilið fyrir það.

Einn angi af þessari hættu eru hugmyndir sem settar hafa verið fram í fúlustu alvöru um að ríkissjóður selji frá sér til einkaaðila orkufyrirtæki á borð við Landsvirkjun. Þetta fyrirtæki er með gríðarlega víðtæk og verðmæt réttindi til nýtingar á vatni til orkuframleiðslu. Frekari verðmæti geta líka legið í nýtingu þess vatns og því hlýtur að skipta máli hver ræður yfir þeim rétti. /HKr.

## Mikil og langvarandi hlýindi á norðurheimskautinu þykja mjög óvenjuleg:

# Árið 2017 byrjar með hlýindum í kjölfar heitasta árs síðan mælingar hófust

### – Frávik frá meðaltali frostdaga á pólsvæðinu hefur aldrei verið meira en núna samkvæmt frétt Washington Post

**Loftið á norðurheimskautinu er svo heitt um þessar mundir og hefur verið svo ótrúlega heitt í langan tíma að vísindamenn klóra sér í hausnum og trúa vart eigin augum.**

Washington Post fjallaði um málið í síðustu viku og segir að miklar sveiflur í veðurfarinu á norðurslóðum séu vel þekktar en vísindamenn segi að svo öfgafullar breytingar sem nú eru að eiga sér stað hafi örugglega eitthvað með umsvif mannfólksins að gera.

Hitastigið á norðurheimskautinu er mun hærra um þessar mundir en áður hefur komið fram á mælum. Myndun hafíss á svæðinu hefur heldur aldrei verið minni og spár gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram.

„Árið 2016 var heitasta ár á norðurheimskautinu síðan mælingar hófust. Árið 2017 byrjar þar sem frá var horfið og sama þróun virðist ætla að halda áfram,“ segir veðurfræðingurinn Ryan Maue hjá Wether Bell Analytics í „tísti“á netinu.

„Eftir að hafa rannsakað loftslagið á norðurheimskautinu í þrjá og hálfan áratug, þá dreg ég þá ályktun að það sem hefur verið að gerast á síðasta ári fer fram úr jafnvel mestu öfgum,“ segir Mark Serreze, yfirmaður alþjóðlegu snjó- og ístölfræðimiðstöðvarinnar í Bolder í Colorado.

Á Norðurpólnum fór hitastigið upp fyrir frostmark í tvígang í nóvember á síðasta ári. Þá var spáð annarri hitasveiflu á pólnum í þessari viku. Samkvæmt reiknilíkönum mun hitastigið á sumum stöðum fara yfir 50 gráður upp fyrir það sem talið er vera eðlilegt miðað við árstíma.

Eitt reiknilíkanið er þó talið skera sérstaklega í augun og hefur fengið hökur vísindamanna til að síga af undrun, en það sýnir aukningu í viðhaldi varmans á pólsvæðinu. Fleiri fráviksdagar mælast og færri frostdagar hafa verið síðan í september en talist getur eðlilegt.

### *Skortur á frystigetu yfir Norðurheimskautinu*

Veðurfræðingurinn og vísindarithöfundurinn Eric Holthaus var fyrstur til að setja þessar upplýsingar á Twitter. Hann segir:

„Það er stórundarlegur skortur á frystigetu yfir norðurheimskautinu. Þetta er að gerast núna, ekki á 50 til 100 árum, heldur NÚNA!“

Línuritið sem sýnir þessar breytingar var gert af Nico Sun sem studdist við hitamælingar frá dönsku veðurstofunni af svæðinu norðan við 80 breiddargráðu. Vegna lítils þéttleika í mælingunum telur Penn State, sérfræðingur í loftslagsmálum á norðurslóðum, að hafa þurfi allan varann á við túlkun gagna. Niðurstöður Sun séu þó réttar miðað við fyrirliggjandi mæligögn.

Jason Furtado, prófessor í veðurfræði við Oklahoma-háskóla, segir þetta graf vera ótrúlega lýsingu á hlýnun norðurskautsins.

„Á sama tíma og umfang hlýnunarinnar er óvenjuleg í sjálfu sér, þá er tímalengdin stórundarleg,“ segir Furtado.

### *Náttúrulegar sveiflur samfara áhrifum af mannavöldum*

Vísindamenn segja enga eina ástæðu skýra þessa óvenjulegu hlýnun, en telja að náttúrulegar sveiflur samfara langtíma þróun vegna athafna mannsins geti verið skýringin.

Walter Meier, vísindamaður við Goddard-geimflugsmiðstöð NASA, er sérfræðingur í ís á norðurheimskautinu. Hann segir að skortur á hafís og hærra hitastig sjávar en að meðaltali, skili einnig lofthita yfir meðallagi. Það eigi sérstaklega við Barents- og Karahaf á milli Grænlands og Síberíu. Fjöldi lægða hefur borið með sér hita úr suðri inn á norðurheimskautið. Ein slík var einmitt væntanleg í þessari viku. Samfara þessu hefur háþrýstisvæði yfir norðurheimskautinu verið í lágmarki.







Afkoma hafíss frá byrjun til loka janúar 2017 (rauða línan) í samanburði við 2007 (fjólubláa línan), 2012 (bláa línan) og 2016 (grænan línan). Hvíta línan sýnir meðalafkomu áranna 1981 til 2010 og grái flöturinn sýnir eðlileg frávik frá meðaltali.



Dekksti rauði liturinn á kortinu sýnir hvar munurinn var mestur á hitastigi frá því sem talið er eðlilegt ástand á norðurhveli jarðar í janúar. Þarna sést líka að hlýindin á stórum hluta Íslands og á hafsvæðinu í kringum landið er nokkuð yfir því sem eðlilegt er talið á þessum árstíma. Þá sést líka að í Mið og Austur-Evrópu sem og stórum hluta Rússlands er hitinn mun lægri en eðlilegt getur talist, eða sem nemur 0,5 til 3 gráðum. Það á líka við um Alaska og vestasta hluta Kanada. Mynd / WeatherBell.com



Staðan 1. febrúar 2017.

### *Vísindamenn varir um sig í að draga ályktanir*

Vísindamenn hafa þó varnagla á og telja að þrátt fyrir þessar öfgar sé frekar ólíklegt að þær opni allar flóðgáttir óstöðvandi hlýnunar á norðurheimskautinu. Zack Labe, doktorsnemi við Kaliforníuháskóla, hefur unnið að rannsóknum á hafís norðurslóða og óvenjulegum veðurfyrirbærum. Hann segir að gróðurhúsagastegundir muni halda áfram að leiða til hlýnunar loftslags og minnkunar á hafís til lengri tíma litið. Líklegt sé því að menn muni upplifa miklar sveiflur í hitastigi á norðurheimskautinu á milli ára. Þar geti losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum verið að hafa samverkandi áhrif með náttúrulegum veðurfarssveiflum með tilheyrandi öfgum.

Chip Knappenberger, loftslagsvísindamaður við Cato-háskóla, segir umsvif manna kunni að hafa áhrif á það sem kallað er náttúrulegur breytileiki. „Náttúrulegar sveiflur eru orðnar æ ónáttúrulegri vegna áhrifa mannsins.“

Sumir vísindamenn hafa haft uppi efasemdir um að áhrif umsvifa mannsins séu eins miklar á loftslagsbreytingar eins og af sé látið. Áhrif breytinga á sólinni séu þar langtum áhrifameiri.

Enginn virðist þó geta sagt til um það með nokkurri vissu hvort þær breytingar sem menn hafa verið að upplifa á norðurheimskautinu í vetur séu komnar til að vara um lengri eða skemmri tíma. Penn State‘s Titley hefur þó miklar áhyggjur:

„Við erum að stefna inn í nýtt óþekkt fyrirbæri. Við vitum að 2017 mun nær örugglega byrja með veikasta, þynnsta og minnsta hafís sem nokkru sinni hefur mælst á norðurheimskautinu. Þannig að við erum einu skrefi nær því að upplifa íslaust sumar á norðurslóðum og það fyrr en við héldum.“ /HKr.



UTAN ÚR HEIMI

# Stöngulryðsveppur herjar á hveiti í Evrópu

## – Afleiðing sýkinga í hveiti af völdum stöngulryðs og gulryðs gæti verið uppskerubrestur á stórum svæðum og hækkandi hveitiverð

**Á síðasta ári kom upp á Sikiley sýking af völdum nýs stofns af stöngulryðsvepp. Talin er hætta á að sýkingin geti haft alvarlegar afleiðingar á hveitirækt í Evrópu á þessu ári.**

Plöntusjúkdómafræðingar við Cambridge-háskóla segja að fram til þessa hafi þeir farið varlega í yfirlýsingum sínum um hættu á útbreiðslu sýkingar af völdum sveppsins og hrópa úlfur úlfur. „Í dag bendir samt margt til að sýking af völdum stöngulryðsveppsins geti orðið sú alvarlegasta sem dunið hefur yfir hveitirækt í Evrópu í herra háans tíð.“



Afleiðing sýkinga í hveiti af völdum stöngulryðs og gulryðs gæti verið uppskerubrestur á stórum svæðum.

### *Hætta á útbreiðslu*

Bæði Alþjóðlega ryðsveppsvarnarmiðstöðin í Danmörku og Alþjóðlega maís- og hveitiræktunarmiðstöðin í Mexíkó hafa sent frá sér viðvaranir vegna hættu á útbreiðslu sýkingarinnar og mögulegum afleiðingum hennar.

Sýking af völdum stöngulryðsveppsins lýsir sér í að brúnleitir eða ryðleitir blettir koma á stöngul og blöð hveitiplantnanna. Bletturinn er í raun sveppasýking sem drepur plöntuna á stuttum tíma. Gró sveppanna berast auðveldlega um langar vegalengdir með vindi.

Á síðasta ári voru skemmdir af völdum sýkingarinnar aðallega bundnar við Sikiley þar sem sýkingin eyðilagði uppskeru á þúsundum hektara af hveiti.

Sýking af völdum stöngulryðsvepps fór um hveitiakra í Evrópu eins og eldur í sinu um miðja síðustu öld. Í framhaldi af þeim sýkingum var unnið mikið kynbótastarf sem leiddi til þess að til urðu hveitiafbrigði sem voru að mestu ónæm fyrir stöngulryðsvepp. Síðan hefur Evrópa að mestu verið laus við sýkingar stöngulryðsveppi.

Á níunda áratug síðustu aldar kom upp afbrigði af stöngulryðsveppi sem kallaðist Ug99 og olli uppskerubresti víða í Afríku og í Mið-Austurlöndum.

Ein af ástæðum mikillar hræðslu á útbreiðslu sveppsins núna er að hann getur sýkt fjölda hveitiafbrigða sem hafa verið kynbætt til að þola sýkingar af völdum margra ólíkra stofna af stöngulryðsveppi.

### *Gulryð breiðist út*

Auk stöngulryðsvepps hafa komið upp sýkingar af völdum tveggja stofna af gulryði í hveiti. Sýkingar af völdum gulryðs hafa í fyrsta sinn komið upp á stórum svæðum í Evrópu, Norður- og Austur-Afríku og Mið-Evrópu.

Fyrir nokkrum árum olli sýking af völdum gulryðs miklum skaða og uppskerubresti á stórum svæðum í Afganistan og Norður-Ameríku.



Sýking af völdum stöngulryðsveppsins lýsir sér í að brúnleitir eða ryðleitir blettir koma á stöngul og blöð hveitiplantanna.

### *Matvælaverð gæti hækkað*

Afleiðing sýkinga í hveiti af völdum stöngulryðs og gulryðs gæti verið uppskerubrestur á stórum svæðum sem mundi leiða til hækkandi verðs á hveiti og öðrum matvælum.

Önnur afleiðing aukinnar útbreiðslu sveppasýkingarinnar er aukin notkun á sveppaeitri í landbúnaði. /VH

ESJA GÆÐAFÆÐI

FERSKLEIKI KJÖTBANKINN FAGMENNSKA

Pokapökkunarvél ásamt skammtara og lyftubúnaði og þremur stærðarhólkum til sölu. Áhugasamir hafið samband við Leif Þórsson á E-mail: *leifur@esja.is*



# Mótmæla hækkun á raforku

**„Eitt helsta baráttumál samtakanna hefur verið að jafna húshitunarkostnað íbúa sem búa á köldum svæðum en frá janúar 2013, hefur raforkuverð hækkað um 12,6-22,63%.**

Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs einungis hækkað um 8,85%,“ segir í bókun sem Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum sendi iðnaðar- og viðskiptaráðherra á dögunum.

### *Kemur harkalega niður á íbúum*

Í bókuninni er lýst miklum vonbrigðum með þær hækkanir sem orðið hafa á raforku frá árinu 2013, en sú hækkun er sögð langt umfram hækkanir á vísitölu. „Svo virðist sem sölufyrirtækin hafi nýtt sér þá staðreynd að hækkun hefur orðið á niðurgreiðslum til íbúa á köldum svæðum og hækkað gjaldskrár sínar óhóflega sem kemur harkalega niður á íbúum sem búa á þeim svæðum,“ segir í bókuninni.

Stjórn samtakanna telur þessar hækkanir á raforkuverði algjörlega úr takti við eðlilegar hækkanir og mótmælir þeim harðlega. Jafnframt skora Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum á ráðherra orkumála að skipa starfshóp sem fari yfir málin og komi með tillögur til ráðherra hvernig hægt sé að ná þeim markmiðum að jafna húshitunarkostnað á landinu óháð orkugjafa.“ /MÞÞ



# Algert metár í umferð um Hringveg

**Algert metár var í umferð um Hringveg á nýliðnu ári, 2016, en umferðin jókst um ríflega 13% sem er mikil aukning á einu ári. Til viðmiðunar má nefna að á milli áranna 2006 og 2007 var aukning milli ára 6,8%. Þessi aukning nú er því tæplega tvöföldun á gamla metinu.**

Aldrei fyrr hafa jafnmargir bílar farið um mælipunkta Vegagerðarinnar á Hringveginum. Sama á við um nýliðinn desembermánuð en umferðin jókst um ríflega 21 prósent í mánuðinum og hefur umferð yfir vetrarmánuðina aukist gríðarlega sem líklega má fyrst og fremst rekja til aukinnar vetrarferðamennsku.

Fram kemur á vef Vegagerðarinnar að alls eru 16 lykilteljarar á Hringvegi og er nú ljóst að umferð um þá hefur aukist um rúmlega 13% og hefur aldrei áður aukist jafn mikið.

Umferð í nýliðnum desembermánuði jókst verulega miðað við umferð liðinna ára í sama mánuði, eða um 21% miðað við árið á undan. Þetta er mesta aukning milli desembermánuða frá því að samantekt af þessu tagi hófst. Umferð jókst á öllum landsvæðum en langmest mældist aukningin um mælisnið á Austurlandi, um tæplega 52%. Minnst jókst umferð um mælisnið um og í grennd við höfuðborgarsvæðið eða um 18%.

Nokkrar ástæður eru fyrir því að umferð um Hringveg eykst sem raun ber vitni. Vegagerðin hefur bent á fylgni umferðar við hagvöxt, aukningu ferðamanna og góð færð á vegum yfir vetrarmánuði hafi mikið að segja. */MÞÞ*



**Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, undirrituðu undir lok síðasta árs samning um kaup og rekstur á nýrri loftgæðamælistöð.**

# Samvinna um loftgæðamælingar

**Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, undirrituðu skömmu fyrir jól samning um kaup og rekstur á nýrri loftgæðamælistöð.**

Stöðin mun mæla svifryk, köfnunarefnissambönd (NO/NO2) og brennisteinsdíoxíð (SO2).

Útblástur bíla og uppþyrlun göturyks eru helstu ástæður fyrir mengun af völdum köfnunarefnissambanda og svifryks á Akureyri. Brennisteinsdíoxíð kemur m.a. frá stórum skipum eins og t.d. skemmtiferðaskipum. Með þessari nýju mælistöð opnast möguleikar á að vakta mengun frá skipaumferð. Einnig gagnast SO2 mælingar til að vakta mengun meðan eldgos eru í gangi. Ekki hafa áður verið stöðugar SO2 mælingar í gangi á Akureyri ef frá er talið tímabilið meðan eldgosið í Holuhrauni stóð yfir.

Nýja mælistöðin er nú í prufukeyrslu við hlið sambærilegrar mælistöðvar í Reykjavík en hún verður sett upp á Akureyri innan tíðar. */MÞÞ*












Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson, ábúendur að Kaldbak á ofanverðum Rangárvöllum. Myndir / VH

## Nafnahefð á sauðfé að Kaldbak á Rangárvöllum:

# Flangsvesenoglætiklanka

**Nöfn á sauðfé eru fjölbreytt en algengast mun vera að nefna það eftir útlitseinkennum eins og lit eða hornalagi. Nöfn sem vísa til skapgerðar eru einnig vel þekkt. Ábúendur að Kaldbak á Rangárvöllum viðhalda annarri og sérkennilegri nafnahefð fyrir sauðféð sitt.**

Algeng nöfn sem tengjast lit, hornalagi og skapgerð eru Fönn, Gríma, Flekka, Móra, Botna, Frekja og Blíða. Algengustu nöfn á ám á Íslandi munu vera Hvít, Gul, Hyrna og Kolla.

Einnig er þekkt að bændur nefni allar ær í ásetningsárgangi með nafni sem byrjar á sama bókstaf og vita þannig hvaða ár viðkomandi ær eru fæddar.

Eflaust kannast færri við ærnöfn eins og Úrkoma, Væta, Klettaklanka, Sigurklanka eða Hæ-Kola, Hæ-Gjöf, Hæ-Fósturlandsinsfreyja og Flangsvesenoglætiklanka.

### *260 ær og mikil skógrækt*

Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson, ábúendur að Kaldbak á ofanverðum Rangárvöllum, eru með sauðfé, hross og skógrækt auk þess sem þau eru að breyta fjósinu í gistiheimili og aðstöðu fyrir ferðamenn.

Viðar segir þau vera með um 260 vetrarfóðraðar kindur sem þau þekkja allar með nafni og um 40 hross. „Við höfum stundað skógrækt í samvinnu við Suðurlandsskóga í tæp þrjátíu ár og ræktum skóg á um annað hundrað hekturum við Ytri-Rangá en alls er Kaldbakur um 400 hektarar að stærð. Ætli við séum ekki að setja niður um 10 þúsund plöntur á ári og árangurinn er mjög góður. Mest hefur verið sett niður af birki. Ösp og stafafura dafna einnig vel en greni hefur aftur á móti átt erfiðara uppdráttar. Svo er nýtt afbrigði af lerki sem heitir Hrymur sem lofar góðu.“

Auk skógræktar hafa Sigríður og Viðar verið virk í ræktunarstarfi búfjár. Í dag eru hrútar og stóðhestar frá þeim landsþekktir og meðan þau bjuggu með kýr komu nokkur naut frá þeim á Nautastöð Bændasamtaka Íslands að Hesti í Borgarfirði.



Hæ-Fósturmold, Hæ-Laufahvít, Hæ-Ísafold, Voð, Hæ-Launfit og Raisa.



Lömb

1967

| | Mæður |
|---|---|
| 1. Miðmorgunsdemba | Meiragrjót |
| 2. Mosapemba | Meiragrjót |
| 3. Krunka | Stróka |
| 4. Kyrrð | Stróka |
| 5. Litlasmikja | Smikja |
| 6. Smikjugrána | Smikja |
| 7. Kreista | Svört |
| 8. Kvöl | Svört |
| 9. Morrós | Högg |
| 10. Svartrós | Högg |
| 11. Réttasvört | Réttaneskola |
| 12. Réttakola | Réttaneskola |
| 13. Sindaklanka | Blettklanka |
| 14. Sigurklanka | Bergklanka |
| 15. [illegible]klanka | [illegible]klanka |
| 16. Flekkuklanka | Ellu-Klanka |
| 17. Gullklanka | Breiðholtsklanka |
| 18. Drusluklanka | Sjarmklanka |
| 19. Fjallgolsa | Mókola |
| 20. [illegible]dögg | Kalslembra |
| 21. Kápa | Kápa |
| 22. Hraunavella | Selkola |
| 23. Endakola | Ekkikola |
| 24. Heimagul | Heimagrána |
| 25. Gráblesa | Sokka |
| 26. Hevella | Hemóra |
| 27. Selhyrna | Selkolla |
| 28. Ellumóra | Litlamenst |
| 29. Eyra | Guðrúnar-Kolla |
| 30. Gullkrúna | Gulldoppa |

Ærnöfn í fjárbók frá Kaldbak 1967.



Ær veturinn 1969–70

| | | Mæður |
|---|---|---|
| 1963 – 1 Lúggu-Klanka | D | [illegible]klanka |
| 2 Mókolla | | Mókola |
| 3 Hraunbrún | | Hraunavella |
| 4 Dalalæða | | Sultargrána |
| 5 Selklanka | | Klanka |
| 1964 | | |
| 6 Tátu-Grána | | Tátu prik |
| 7 Selbletta | | Selhyrna |
| 8 [illegible] | | Startkolla |
| 9 Meiragrjót | D | [illegible] |
| 10 Botnabrúnshvít | | Hólakolla |
| 11 Stróka | | Gúggu-Kolla |
| 12 Hamarskolla | | Lullagrána |
| 13 Markgolsa | | Fjall-Golsa |
| 14 Sölvakola | | Tókola |
| 15 Lúggu-Kápa | | Litla-Kápa |
| 16 Hemóra | | Hyrnd |
| 17 Markápa | | Gunnu-Grána |
| 18 [illegible] | | Hraunavella |
| 19 Bletta | | Fjallhyrna |
| 20 Brúska | | Fjallhyrna |
| 21 Dembusvört | | Melademba |
| 22 Grá-Klanka | | Sindaklanka |
| 23 Sjarmklanka | | [illegible] |

Nöfn hluta áa sem voru á gjöf að Kaldbak veturinn 1969 til 1970.

### *Nafn gimbra frá móður*

Sigríður, sem er fædd og uppalin á Kaldbaki, segir langa hefð fyrir því að ánum í sveitinni sé gefið nafn. „Ég, eins og aðrir krakkar hér í sveitinni, átti mínar kindur og vandist því að gefa þeim nöfn. Þrátt fyrir að nöfnin sem kindurnar fengu séu ekki endilega hefðbundin sauðfjárnöfn byggja þau á ákveðnu kerfi sem felst í því að gimbrar halda að hluta nafni móður og er það eins konar ættarnafn.

Þegar foreldrar mínir fluttu að Kaldabaki, árið 1958, hafði móðir mín með sér nokkrar kindur og margar þeirra báru heitið Klanka sem hluta af nafni sínu, eins og Hólaklanka, Klettaklanka og Sigurklanka. Klönku-nafnið kom til þannig að móðir mín heitir Klara og bróðir hennar stríddi henni með því að uppnefna hana Klönku. Hún kall-


Glæsileg fjallasýn frá Kaldbak á ofanverðum Rangárvöllum með snævi þakta Heklu í bakgrunninum.

aði svo fyrstu kindina sína Klönku eftir uppnefninu. Í framhaldinu komu svo Gullklanka, Sjarmklanka og fleiri gimbrar með Klönkunafninu.“

Viðar segir annað svona kyn eins og þau kalla hálfnöfnurnar eða ær sem bera skyld heiti sé vætukynið. „Má þar nefna nöfn eins og Úrkoma, Væta, Rigning, Suddavæta og Slydda.“

*Hæ-kynið*

Stærst af þessum kynjum er Hæ-kynið hennar Sigríðar. „Þegar ég var barn gaf móðurbróðir minn mér kind sem ég nefndi Hæ-Móru. Sú kind varð reyndar ekki langlíf þar sem hún rotaði sig þegar hún stökk á dyrakarm í fjárhúsunum. Þá kom önnur Hæ-Móra og út frá henni er allt Hæ-kynið komið.“

Viðar segir að hægt sé að rekja stóran hluta fjárstofnsins á Kaldbaki til Hæ-Móru og í kjölfar hennar hafi komið kindur sem báru heiti eins og Hæ-Kola, Hæ-Gjöf, Hæ-Prýði, Hæ-Vissa, Hæverska og ein sem hét Hæ-Fósturlandsinsfreyja.“

Aðspurð segir Sigríður að fram til þessa hafi engin kind fengið heitið Hæ-Lux.

*Einföld ættrakning*

Nafnakerfið virkar þannig að þegar ær af kyni sem ber fornafnið Hæ eins, og til dæmis Hæ-Móra, eignast gimbur fær gimbrin sjálfkrafa Hæ sem fornafn og eitthvað annað eftirnafn eins og Gjöf, Prýði eða Óprýði og heitir því Hæ-Gjöf, Hæ-Prýði eða Hæ-Óprýði. Svipað er að segja um ær sem bera nafnið Klanka nema hvað Klanka er ávallt seinni hluti nafnsins eins og Óvartklanka eða Breiðholtsklanka.

Hæ- og Klönku-heitin eru því nokkurs konar ættarnöfn en viðbótin heiti viðkomandi einstaklings. Þannig geta Hæ- og Klönku-nöfnin teygst í margar kynslóðir og einfalt er að rekja þau aftur til formæðranna.

Sigríður og Viðar segjast reyna að skrá nöfnin í einu orði en að stundum gangi það einfaldlega ekki upp eins og í tilfelli Hæ-kynsins og að þá hafi þau bandstrik á milli nafnanna.

Nöfnin hafa verið skráð samviskusamlega í fjárbækur í marga áratugi og í dag eru þau skráð í Fjárvís.

*Nafnarunur*

Nöfn ánna á Kaldbak áttu fyrr á árum til að verða nokkuð löng eins og Hæ-Fósturlandsinsfreyja, Úrkomaígrennd, Sjöundalautaskjól, Hikasamaogtapaskúr, Haltukjaftiklanka og Varsamtilklanka. Dramatískasta nafnið til þessa er Allarsorgirheimsins og þau lengstu Allarmérdettadauðarlýsúrhöfði og Flangsvesenoglætiklanka og allt í einu orði.

Sigríður segir að undanfarin ár hafi verið tilhneiging til að stytta nöfnin svo þau komist fyrir í reitnum fyrir ærnöfn í Fjárvís.

*Uppruni nafnahefðarinnar líklega á Heklubæjunum*

Sigríður segist ekki viss hvaðan nafnagiftahefðin sé upprunnin. „Í Hólum og Næfurholti á Rangárvöllum hefur alltaf verið hefð fyrir því að gefa ánum nöfn. Svipuð nafnahefð og við notum þekkist á bæjum á ofanverðum Rangárvöllum og líklega má rekja uppruna hefðarinnar til Heklubæjanna. Hingað kom hefðin með mömmu frá Hólum sem er einn af Heklubæjunum.“

Viðar telur að uppruna hefðarinnar sé að leita í þeirri viðleitni að halda til haga ættum og skyldleika fjárins áður en formleg skráning

*– Framhald á næstui síðu.*





Massey Ferguson
Meiriháttar dráttarvélar fyrir meiriháttar bændur
Það er ekki að ástæðulausu að Massey Ferguson er ein mest selda dráttarvél undanfarinna ára.
Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar og fáið sérsniðna vél að ykkar þörfum.
Til á lager MF5610 , MF5613 og MF6615
Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

til haga ættum og skyldleika fjárins áður en formleg skráning hófst.

*Ný nafnakyn*

Viðar segir að annað slagið gerist það að til verði ný nafnakyn. „Slíkt á aðallega við um aðkomukindur og þegar krakkarnir hafa fengið kindur og viljað sjálf gefa þeim nafn.

Ég kom að Kaldbak um árið 1980 og með fáeinar kindur með mér frá Árnagerði í Fljótshlíð. Þær voru kallaðar Gránukynið þar sem þær voru undan grárri rollu sem ég átti einu sinni.

Ein greinin af Gránukyninu, sem kallast Larissukynið, bar eingöngu rússnesk nöfn eins og Garúska, Babúska, Volga og Moskva og ættmóðirin hét auðvita Larissa í höfuðið á eiginkonu Boris Spassky. Þegar við vorum uppiskroppa með slík nöfn varð til ný grein sem bar eingöngu prinsessu- og drottningarnöfn, mest norsk og dönsk.

Það er því engin ákveðin regla um það hvernig ný nafnakyn verða til. „Við ákveðum það bara sjálf þegar okkur hentar og stundum endurnýtum við nöfn eftir að kindur eru felldar eða drepast.“

*Amboða og fiskanöfn*

Önnur nafnakyn sem gaman er að nefna eru ær sem heita eftir amboðum. Þar má nefna Hrífu, Skóflu, Kvísl, Reku, Ausu, Skeið, Sög, og Geispa eftir áhaldi sem notað er til að gróðursetja smáplöntur. Annað kyn var nefnt eftir eyjum við Noregsstrendur.

„Eldri dóttir okkar fékk kind með Klönku-nafninu í tannfé og viðhélt þeirri nafnahefð með því að setja ávaxtanafn framan við og hétu kindurnar hennar nöfnum eins og Ferskjuklanka og Plómuklanka.

Yngri dóttir okkar ákvað aftur á móti að nefna sínar kindur eftir fiskum og hafa þær heitið nöfnum eins og Ýsa, Rækja, Síld, Lúra, Flyðra, Lúða, Skata og Bleikja,“ segir Sigríður.



1645211 · Kaldbak | 1 - Viðar og Sigríður · 2017

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 12-220 Plómuklanka | 2012 | 2 | 11 | 09-110 Árður | 08-163 Peruklanka |
| 13-356 Gullklanka | 2013 | 2 | 11 | 11-111 Massey | 06-458 Demantski |
| 14-187 Ferskjuklanka | 2014 | 2 | 12 | 12-110 Korgur | 08-163 Peruklanka |
| 14-359 Stebbuklanka | 2014 | 2 | 10 | 12-110 Korgur | 06-055 Stebbukla |
| 15-192 Klanka | 2015 | 2 | 12 | 12-923 Danni | 09-300 Amapólaklanka |
| 53-004 Gamlaklanka | 1953 | 2 | | | |
| 54-006 Fjallaklanka Örf | 1954 | 2 | | | |
| 61-062 Sindaklanka | 1961 | 2 | | 58-002 Goggur Örf | |
| 64-606 Sjarmklanka | 1964 | 2 | | 61-005 Amor | 59-030 Klaunkudóttir |
| 65-602 Breiðholtsklanka | 1965 | 2 | | | |
| 65-604 Meinaklanka | 1965 | 2 | | | 61-062 Sindaklanka |
| 67-605 Orustuklanka | 1967 | 2 | | | 64-606 Sjarmklanka |
| 68-601 Hallukjaftklanka | 1968 | 2 | | 67-401 Dreki | |
| 70-600 Óvartklanka | 1970 | 2 | | 68-400 Narfi | 65-604 Meinaklanka |
| 72-568 Malarklanka | 1972 | 2 | | 68-400 Narfi | 68-601 Hallukjaftklanka |
| 72-602 Hvítaklanka | 1972 | 2 | | 68-400 Narfi | 65-602 Breiðholtsklanka |
| 72-608 Gullklanka | 1972 | 2 | | 70-401 Þangbrandur | 67-605 Orustuklanka |
| 73-603 Varsamtíklanka | 1973 | 2 | | 70-401 Þangbrandur | 70-600 Óvartklanka |
| 74-601 Básklanka | 1974 | 2 | | 68-400 Narfi | 72-608 Gullklanka |
| 77-649 Bergklang | 1977 | 2 | | 75-403 Nebbi | 72-602 Hvítaklanka |
| 78-545 Klanka | 1978 | 2 | | 75-400 Steingraður Heiði | 74-601 Básklanka |
| 79-139 Þessiklan | 1979 | 2 | | 77-421 Spakur ÁG | 77-512 Einhverki |
| 80-078 Sjarmklan | 1980 | 2 | | 79-423 Skrukur | 77-512 Einhverki |
| 82-072 Aðalklanka | 1982 | 2 | | 81-434 Viður | 78-545 Klanka |
| 82-332 Ásetningsklanka | 1982 | 2 | | 78-377 Knappur | 79-554 Óvartblaður |

Dæmi um nokkur Klönkunöfn á ám frá Kaldbak.

*Yfirfært á hrossin*

Viðar segist stundum nota svipað kerfi á hrossin á Kaldbak eins og notuð eru á sauðféð. „Eitt nafnakynið eru afkomendur Sunnu en hennar afkvæmi hafa fengið nöfn eins og Sólar, Sólon, Sól og Sóllilja.



Hluti ættartrés Hæ-kynsins í Fjárvís. Hæ-Ísafold sem er fædd vorið 2016 er 13. liður í beinan kvenlegg frá Hæ-Móru, ættmóður Hæ-kynsins, sem var fædd 1964.



Gemlingurinn Yrsa fyrir miðri mynd.

*Akafía og Dimitría*

Viðar og Sigríður segjast hafa mjög gaman af því að gefa ásetningunum á haustin nöfn. „Stundum gengur nafnagjöfin eins og í sögu en stundum er hún erfiðari. Okkur tekst líka misjafnlega upp og stundum eru nöfnin venjuleg og margnotuð en stundum frumleg og jafnvel bráðfyndin.“

Sigríður segist hafa verið mjög ánægð með nöfnin á systrum sem settar voru á í haust af Larissukyni. „Þær eru dætur Alínu og heita Akafía og Dimitría.“

/VH

Arna opnar ís- og kaffibar á Eiðistorgi:

# Laktósafríi ísinn fellur í kramið

**„Við opnuðum 5. nóvember síðastliðinn og getum ekki sagt annað en að þetta byrji vel,“ segir Arna María Hálfdánardóttir, sem rekur Örnu ís- og kaffibar á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi.**

„Allar vörurnar hjá okkur eru laktósafríar og eru notaðar Örnumjólkurvörurnar til þess.

Arna mjólkurvinnsla framleiðir svo allan ís fyrir okkur.

Hugmyndin að laktósafrírri ísbúð kom til þegar endurteknar tilraunir til þess að koma laktósafrírri ísblöndu í ísbúðir sem nú þegar eru til staðar báru ekki árangur,“ segir Arna um aðdragandann að því að Arna ís- og kaffibar var opnað.





Fjórar af átta ístegundum sem voru í boði þegar ljósmyndari kom í heimsókn.





Arna María Hálfdánardóttir rekur ís- og kaffibarinn Örnu á Eiðistorgi. Myndir / smh



Notaleg stemning er á Ís- og kaffibarnum.

*Lokaverkefnið viðskiptaáætlun fyrir ís- og kaffibarinn*

Arna María er dóttir Hálfdáns Óskarssonar, framkvæmdastjóra og eiganda Örnu mjólkurvinnslu, og hefur verið viðloðandi fyrirtækið frá byrjun en fyrirtækið fagnaði þriggja ára starfsafmæli í september síðastliðinn.

„Ég hef bæði verið að vinna á skrifstofunni fyrir vestan yfir sumartímann en einnig í markaðsmálum og öðru tilfallandi samhliða skólanum hérna fyrir sunnan.

Ég lauk námi í viðskipta- og markaðsfræði síðasta vor og var lokaverkefnið mitt einmitt markaðs- og viðskiptaáætlun fyrir laktósafría ísbúð og kaffihús.“

*Góðar viðtökur*

Eigandi Örnu ís- og kaffibars er Jón von Tetzchner. „Jón er frá Seltjarnarnesi og hefur verið að fjárfesta og vinna að uppbyggingu á nesinu, hann stofnaði meðal annars sprotasetrið Innovation House sem er líka staðsett á Eiðistorgi.

Honum þótti húsnæðið vera tilvalið til að hrinda hugmyndinni um laktósafría ísbúð í framkvæmd og var í framhaldinu ákveðið að setja á fót laktósafrítt kaffihús og ísbúð.

Þetta fer bara mjög vel af stað hjá okkur og við höfum fengið góðar viðtökur.

Íbúar á Nesinu hafa verið duglegir að koma sem og annars staðar frá en eins höfum við verið að fá til okkar eitthvað af hópum, sem er mjög skemmtilegt.“

*Átta ístegundir í boði í einu*

„Við erum alltaf með átta ístegundir í borðinu í einu, en við erum með fjölbreyttar bragðtegundir. Við erum með þessa hefðbundnu kaffidrykki, ýmislegt meðlæti, brauð, kökur og annað bakkelsi en eins bjóðum við upp á súpur, samlokur og fleira. Við reynum að hafa frambóðið af veitingum sambærilegt og boðið er upp á í hefðbundnum ísbúðum og kaffihúsum.“

Ís- og kaffibarinn Arna er opinn virka daga frá níu á morgnana til níu á kvöldin en tíu til níu um helgar.

/smh

ÍSKRAFT

# VANDAÐIR LED-LAMPAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR





**URBINO LED frá LUG**
Vandaður LED-lampi frá LUG. Mjög góð lýsing, mikill orkusparnaður og mjög langur endingartími. Fáanlegur í ýmis konar úfærslum og með vegg- eða staurafestingu.

**DUNA PRO**
Rakaþéttur (IP66) LED-lampi sem hentar mjög vel í gripahús og uppfyllir allar þær kröfur sem þar eru gerðar. Frábær lýsing, mikill orkusparnaður og langur endingartími. Fáanlegur í ýmsum útfærslum.

**Nánari upplýsingar í síma 535 1200 eða á sala@iskraft.is**

Smiðjuvegi 5 - 200 Kópavogi - Sími 535 1200 • Iðavöllum 12 - 260 Reykjanesbæ - Sími 421 6526
Eyrarvegi 42 - 800 Selfossi - Sími 483 5200 • Hjalteyrargötu 4 - 600 Akureyri - Sími 455 1200
Sólvangi 7 - 700 Egilsstöðum - Sími 470 3120
www.iskraft.is

## Nútíma **músa**varnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir:
Bústólpi | FÓÐURBLANDAN | BÚREKSTRARDEILD | KVH | Verslunin Eyri

STREYMI heildverslun
**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

## SAVAGE ARMS®

Ný sending

ACCUTRIGGER
ACCUSTOCK




Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

## IÐNAÐARHURÐIR
## BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

# DEUTZ-FAHR 5110 C

5110 C er ein vinsælasta vél sem við höfum selt frá DEUTZ – FAHR. Frábær alhliðavél sem hentar einstaklega vel sem tækjavél á flest bú og býr yfir lipurð, afli og seiglu. 5110 C er sérlega vel búin 110 ha vél með aukabúnaði sem kemur sér vel við bústörfin. Rúmgott 4ra pósta hús, fáanlegt með loftkælingu og topplúgu. Loftpúðafjaðrandi sæti ásamt góðu farþegasæti.

5110 C er búin ***ECO vökvadælu***. Frábær kostur í tækjavinnu og kemur í veg fyrir óþarfa eldsneytiseyðslu.

***STOP&GO*** „túrbo kúplingin" er líka staðalbúnaður í 5110C. Hægt er að stöðva vélina með því að hemla án þess að kúpla. Til þess að taka aftur af stað er einfaldlega stigið af hemlafetlinum. Frábært við rúllun og rúlluhirðingu.

5110 C er einnig búin ***tvöfaldri stýrisdælu.*** Hægt er að tvöfalda afköst stýrisdælunnar og þar með fækka stýrissnúningum um helming.

Vendigírinn er búinn 5 átaksstillingum, þannig má á einfaldan hátt má stilla viðbragð hans. Eins er kúplingsrofi í gírstönginni svo ekki þarf að kúpla þegar skipt er milli gíra.




ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16, Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is



Kanadísk-bandaríski bjórhópurinn frá Beer Lover Tours í Toronto í Kanada sem kom til Íslands í 7 daga ferð á síðasta ári.

## Sala á „bjórferðum“ um Norðurland vekur athygli:

# Brugghúsamenning á Íslandi opnar á möguleika fyrir nýja afþreyingavöru

## – Lamb inn Travel býður upp á ferðir um Tröllaskaga með möguleika á viðkomu í fjórum brugghúsum

**„Það hefur verið mikil gróska í bjórbruggi hér á landi undanfarin áratug, allt frá því Bruggsmiðjan var opnuð fyrir ríflega 10 árum á Árskógssandi.**

Síðan hafa tvö brugghús tekið til starfa við Tröllaskagann, Gæðingur í Skagafirði og Segull 67 á Siglufirði, auk þess sem hið rótgróna Viking brugghús á Akureyri hóf framleiðslu á Einstök bjór í viðbót við aðrar framleiðsluvörur undir merkjum Viking,“ segir Karl Jónsson, framkvæmdastjóri hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Lamb inn á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit. Ferðaskrifstofan Lamb inn Travel var stofnuð árið 2014 í þeim tilgangi að selja pakkaferðir á norðanverðu landinu. Nýjasta afurðin er sala á svonefndum bjórferðum á Norðurlandi, þar sem þemað er bjórsmakk í þeim brugghúsum sem finn má í landshlutanum.

### *Hugmyndin kviknaði með góðu „gúggli“*

„Eiginlega má segja að hugmyndin hafi kviknað með góðu „gúggli“ eins og svo margt, en ég hef undanfarin tvö ár verið í svolítilli rannsóknarvinnu og skoðað bjórferðamennsku sérstaklega. Ég komst að því að með því að blanda saman dæmigerðum íslenskum náttúruskoðunarferðum og bjórsmakki væri hægt að útbúa einstaka vöru og nú munum við láta á það reyna hvernig til tekst,“ segir Karl. Hann sendi fyrirspurnir til nokkurra bjórferðaskrifstofa árið 2015 og kynnti þá möguleika sem fyrir hendi voru og fékk strax jákvæð viðbrögð frá bjórferðaskipuleggjanda í Toronto í Kanada, Beer Lovers Tour, sem er í eigu Olivers og Lindu Dawson.




Frá móttöku hóps í gamla frystihúsinu á Siglufirði sem nú hýsir brugghús Seguls 67 og móttökusal.

„Við settum saman til reynslu eina ferð í fyrra og var almenn ánægja með hana, þátttakendur voru mjög jákvæðir. Kanadíski hópurinn dvaldi hér á landi í viku og heimsótti m.a. bjórhátíðina á Hólum í Hjaltadal, sem Bjórsetur Íslands heldur árlega. Nú hefur annar hópur bókað komu sína og var einum degi bætt við ferðalagið og verður hann nýttur í skoðunarferð

um Borgarfjörð, m.a. með viðkomu í brugghúsinu á Steðja.

*Bjórferðamennska meiri en fólk gerir sér grein fyrir*

„Bjórferðamennska í heiminum er mun meiri en fólk almennt gerir sér grein fyrir, það eru hópar á ferð og flugi yfir Atlantshafið til að upplifa bjór og bjórmenningu í öðrum löndum. Sú mikla þróun sem orðið hefur í brugghúsamenningu á Íslandi hefur vakið athygli erlendra ferðamanna og opnað á þann möguleika að þessi tegund af ferðamennsku geti þrifist hér á landi og jafnvel komið sterk inn á afþreyingamarkaðinn sem ný vara,“ segir Karl. Ferðirnar eru í grunninn dæmigerðar náttúruskoðunarferðir um Ísland en með þessu bjórþema.

Lengsta ferðin sem verður í boði er 10 tíma ferð þar sem allur Tröllaskagahringurinn verður tekinn með bjórsmakki fjögurra brugghúsa og heimsókn á Bjórsetur Íslands á Hólum. „Þetta er spennandi ferð um Tröllaskagann. En hún er löng og frekar dýr og verður bara í boði sem sérferð fyrir hópa sem panta hana sérstaklega.“

*Coast Line Beer Tour*

Stærsta dagsferðin er svokölluð Coast Line Beer Tour. Þar er farið upp og niður ströndina Eyjafjarðarmegin. Komið er við hjá nýju brugghúsi á Siglufirði, Segli 67, þar sem tekið er á móti hópum í gömlu frystihúsi.

„Það eitt að verið sé að endurnýta frystihús vekur strax áhuga þátttakenda, en húsið á sér langa sögu í öðrum atvinnurekstri.“ Fyrirtækið er yngsta svonefnda craft-brugghúsið hér á landi, en fyrstu framleiðsluvörur þess komu á markað í desember árið 2015. Bruggsmiðjan á Árskógssandi er elsta brugghúsið í hópnum, átti 10 ára afmæli á liðnu ári. Þar er verið að reisa svonefnd bjórböð þar sem bjór og efni til bjórgerðar eru notuð til að endurnæra húðina. Stór pottur verður utandyra fyrir hópa auk þess sem hægt verður að fara ofan í einkapotta inni. Veitingastaður verður einnig á staðnum þar sem þátttakendum gefst kostur á að snæða hádegisverð. „Við eigum frekar von á því að þetta verði vinsælasta ferðin okkar, enda hefur hún upp á margt að bjóða,“ segir Karl

Ferðin heldur svo áfram inn eftir Eyjafirði og komið við í gömlu síldarverksmiðjunum á Hjalteyri þar sem þátttakendur smakka á afurðum Viking/Einstök brugghúss. Hluti af síldarverksmiðjunum gegnir nú hlutverki listasmiðju og gallerís.

„Það eykur enn á upplifun ferðamanna að koma við á þessum stað, í gróskumikið og skapandi umhverfi,“ segir Karl.

Gamli bærinn á Öngulsstöðum og veitingastaðurinn Lamb inn gegna einnig hlutverki í bjórþemaferðunum, en í boði er gönguferð þar sem í boði er bjórsmakk í Gamla bænum og að því loknu snæddur kvöldverður á veitingastaðnum.

Þriðja ferðin sem í boði er felst í heimsókn í Gamla bænum og máltíð hjá Lamb inn.

*Leikum okkur með fleiri hugmyndir*

„Við vinnum þessar ferðir í nánu samstarfi við brugghúsin sem tekið hafa þessari nýjung í ferðaþjónustu á svæðinu fagnandi. Við erum að leika okkur með ýmsar fleiri hugmyndir sem ef til vill gætu orðið að veruleika síðar á árinu,“ segir Karl, en eitt af því sem til stendur er að efna til málþings um bjórbruggun og bjórmenningu á Norðurlandi og efna til bjórhátíðar þar sem brugghúsin koma vörum sínum á framfæri á eigin forsendum.

„Það á þó allt eftir að koma í ljós hvort af verður,“ segir Karl.

Lamb inn hefur alla tíð gert brugghúsunum á svæðinu hátt undir höfði og ætlunin að gera enn betur í þeim efnum á komandi sumri. „Okkar erlendu gestum þykir merkilegt að í nágrenni við okkur séu starfandi fjögur brugghús sem hvert og eitt framleiðir hágæða vöru úr íslensku vatni, sem er undirstaðan í þeirra góðu framleiðslu.“

*Lengri ferðir á teikniborðinu*

Karl er nú í sambandi við bandaríska bjórferðaskrifstofu sem hefur áhuga á að efna til bjórferðar til Íslands og segir Karl að með beinu flugi Flugfélags Íslands frá Keflavíkurflugvelli til Akureyrar, sem senn verður í boði, opnist sá möguleiki að ferðamenn geti ferðast beint norður, stoppað þar í nokkra daga og þá m.a. notið þeirrar bjórþematengdu starfsemi sem finna má á svæðinu en haldið að því loknu aftur suður til Keflavíkur.

„Við munum áfram vinna í vöruþróun á okkar dagsferðum og að auka og efla samvinnu við brugghúsin á svæðinu með margvísleg verkefni. Þar sem góð reynsla er komin á margra daga bjórferðir okkar á ég von á því að við sækjum fram á mörkuðum þar úti um allan heim,“ segir Karl að lokum. */MÞÞ*



Oliver Dawson, bjórferðaskipuleggjandi frá Kanada, á Bjórhátíðinni á Hólum í fyrra.


Karl Jónsson á Mannamóti, sem haldið var í Reykjavík á dögunum, en þar kynnti hann bjórferðir sem í boði eru á vegum Lamb inn Travel. Aldís Aðalbjarnardóttir leiðsögumaður er hér á spjalli við Karl. Mynd / TB


# Heildarlausnir fyrir kjúklingarækt

Bogahýsin fást í mörgum breiddum - 5m, 8m, 10m, 12m, 14m og 16m.







**Bogahýsin frá HÝSI henta mjög vel fyrir kjúklingarækt**

Í samstarfi við FUTURE RUNDBUEHALLER í Danmörku bjóðum við heildarlausnir fyrir kjúklingabú með eða án innréttinga.
Húsin eru björt & vistleg, vel einangruð, loftræst og auðveld í þrifum.
HÝSI skilar húsunum hönnuðum fyrir íslenskar aðstæður m.t.t. vind- og snjóálags, með öllum teikningum sem til þarf.

HÝSI

Hýsi - Merkúr hf - Lambhagavegur 6 - 113 Reykjavík - Sími 534 6050 - hysi@hysi.is



Ásta Dóra í daglegum göngutúr í Mosfellsdal með kindurnar sínar og hunda. Sjónvarpsstjarnan Skvetta gengur fremst. Myndir / Arnheiður Guðlaugsdóttir og í einkaeign

# „Sauðfé er fljótt að læra og skynsamt“

## – segir einn reyndasti dýratamningamaður landsins, Ásta Dóra Ingadóttir, sem býr í Mosfellsdal

**„Svo einkennilega sem það hljómar þá sagði mamma mér að ég hefði nokkurra mánaða gömul séð einhvern bleikan tuskuhund. Hún fullyrti að við það hefði eitthvað gerst í höfðinu á mér.“ segir Ásta Dóra Ingadóttir, aðspurð um það hvernig þessi ótæmandi áhugi á dýrum hafi byrjað.**

Ásta Dóra stofnaði hundaskólann Gallerí Voff árið 1991 eftir að hafa útskrifast úr hinum virta hundaskóla, The Northern Centre for Animal Behaviour á Englandi. Hún hefur einna mestu reynslu af dýratamningum hér á landi og hefur tamið fjölda dýra fyrir leikhús, auglýsingar og bíómyndir.

„Þegar ég var lítil átti ég fyrst heima í Garðsenda í Reykjavík en þrátt fyrir hundabann gengu nokkrir hundar oft lausir í hverfinu. Ég var mjög ung, kannski fimm ára, þegar ég tók hunda sem voru á ferli traustataki, setti þá í band, og fór með þá heim og gaf þeim mjólk. Síðan sleppti ég þeim bara út aftur. Ég flutti síðan í Árbæjarhverfið. Þar sem ég bjó í blokk var ekki möguleiki að vera með dýr, svo ég fór að fara upp í Víðidal og Fák og niður í Smálönd til að fá að fara á hestbak og vera innan um hestana.“

Dýraáhugi Ástu Dóru nær til allra dýra. Á yngri árum safnaði hún grasmöðkum í krukku og tók mýs með sér heim úr hesthúsunum við litla gleði annarra á heimilinu. „Mamma varð ekkert sérstaklega hrifin þegar mýsnar voru farnar að hlaupa upp gólfsíðar gardínurnar í stofunni og taka sér bólfestu uppi á gardínuköppunum.“





Í lokaprófi á námskeiði. F.v.: Bjartur og Soffía Arnardóttir, Flóki og María K. Jónsdóttir, Hekla og Hjalti E. Sveinsson en Hekla fékk gullmerki á námskeiðinu fyrir hnökralausar æfingar og samhæfingu hunds og eiganda. Jökla er svo lengst til hægri með Ástu Dóru en Jökla lagði á sig 500 km leið fram og til baka til að mæta vikulega í tíu vikur á námskeið.



Allir vinir og kötturinn Jói sem er frægur fyrir að leika í óborganlega skemmtilegri auglýsingu frá Sjóvá þar sem hann dregur rauðan bandhnykil um allt hús.

### *Kindin Skvetta lék í síðasta áramótaskaupi*

Eins og fyrr segir hefur Ásta Dóra rekið hundaskóla frá árinu 1991 og heldur hundanámskeið á öllum árstímum. Hún býr einnig með nokkrar kindur og hesta á búgarði sínum, Reykjahlíð í Mosfellsdal. Ásta Dóra var ung þegar hún fór að vinna í Tjaldanesi þar í nágrenninu og bjó þá í Reykjahlíð, sem hún síðar keypti.

Dýrin hennar Ástu Dóru hafa leikið í sjónvarpi og kvikmyndum og í síðasta áramótaskaupi lék kindin Skvetta í fyrsta atriði þess. Þá þjálfaði hún líka labrador-hundinn sem leikur í nýlegri og skemmtilegri auglýsingu frá Skeljungi. Þá hljóp kötturinn hennar, Jói, á eftir rauðum hnykli um allt hús í sjónvarpsauglýsingu.

„Fyrstu þrjár kindurnar mínar fékk ég, móðurlaus lömb, frá Heiðarbæ í Þingvallasveit, Síðan hefur þeim aðeins fjölgað. Ég fer með kindur og hunda daglega í göngutúra og rölti hér í nágrenninu ýmist upp í fjall eða í göturnar hér í kring. Ég skipti mér ekki mikið af þeim nema ef ég þarf að fara yfir þjóðveginn eða víkja fyrir umferð á götunum hér í kring. Þá gegna þær innkalli og koma á sprettinum og fá grasköggla í verðlaun. Kindurnar njóta göngutúranna og þær narta, skoða og stangast á en ég þarf aldrei að þvinga þær til að koma með. Viðra líka sjálfa mig og alla hundana samtímis. Yfir fengitímann fæ ég lánaða hrúta og þeir falla strax inn í hópinn og fara bara með í göngutúrana,“ segir hinn snjalli dýratemjari, Ásta Dóra Ingadóttir. /AG




**Tímasetningar deildarfunda SS 2017**

| Dags 2017 | Deild | Staður |
|---|---|---|
| **Fimmtud 16/2** | Kjósardeild | Áskarðsskóli |
| **Föstud 17/2 kl. 12** | Snæfells- og Hnappadalsdeild | Vegamót |
| **Þriðjud 21/2** | Biskupstungnadeild & Laugardalsdeild | Reykholt |
| **Miðvikud 22/2** | Skeiðadeild, Gnúpverjadeild & Hrunamannadeild | Félagsheim. Flúðum |
| **Fimmtud 23/2** | Hvammsdeild, Dyrhóladeild, A-Eyjafjalladeild, V-Eyjafjalladeild, A-Landeyjadeild, V-Landeyjadeild, Fljótshlíðardeild & Hvolhreppsdeild | Heimaland |
| **Föstud 24/2 kl. 12** | Daladeild | Dalakot |
| **Þriðjud 28/2** | Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Hraungerðisdeild, Villingaholtsdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla-/Grafningsdeild & Ölfusdeild | Þingborg |
| **Miðvikud 1/3** | Rangárvalladeild, Holta- & Landmannadeild, Ása- & Djúpárdeild | Laugaland |
| **Fimmtud 2/3 kl. 12** | Hvalfjarðardeild, Borgarfjarðar- og Mýrardeild | Hótel Borgarnes |
| **Fimmtud 3/3** | Öræfadeild, Hörgslandsdeild, Kirkjubæjardeild, Skaftártungudeild & Álftavers- & Meðallandsdeild | Kirkjuhvoll, Klaustri |

Allir fundirnir hefjast kl. 20:30 nema annað sé tekið fram. Aðalfundur verður haldinn föstudaginn 17. mars 2017 í Goðalandi í Fljótshlíð.










## Hani, krummi, hundur, svín, hestur…2

**Komin er út önnur bók frá Guðríði Ebbu Pálsdóttur.**

Þessi bók gefur þeirri fyrri alls ekki eftir hvað varðar innihald.

Bókin er stútfull af alls konar skemmtilegum munstrum og hugmyndum fyrir utan fjölmargar uppskriftir að peysum, húfum og vettlingum.

Fæst í flestum hannyrðabúðum.





UTAN ÚR HEIMI

## Mundheim í Harðangursfirði í Noregi:

# Kýrnar liggja í ró og spekt á vatnsdýnum

**Peder Nernæs, sem býr í Mundheim í Harðangursfirði í Noregi, er meðal fyrstu kúabónda þar í landi sem tekur í notkun sérstaka tegund vatnsdýna fyrir kýrnar sínar. Hann hefur trú á að mýkra undirlag gefi dýrunum betra líf og geti gefið honum arðbærari rekstur.**

„Ég fjárfesti í vatnsdýnum þegar ég gerði endurbætur á fjósinu í fyrra. Áður fyrr var hér básafjós en þegar ég tók við af föður mínum ákvað ég fljótt að nútímavæða fjósið. Til að ná niður kostnaði hef ég ekki byggt alveg nýtt fjós heldur útbjó viðbyggingu á fjósið sem fyrir var þannig að lausagangan með mjólkurróbóta og kvíguhlutann er nú í nýju húsi en ég nota enn eldri hlutann fyrir fóðurmiðstöð, kálfahlutann, mjólkurhúsið og skrifstofuna,“ útskýrir Peder.


Kýrnar hjá kúabóndanum Peder Nernæs í Mundheim í Harðangursfirði í Noregi hafa það gott í fjósinu þar sem hver bás er með vatnsdýnu.

### *Annar besti kosturinn*

Noregur var fyrsta landið í heiminum sem innleiddi kröfu um undirlag stórfénaðar og því sést ekki lengur þar í landi að kýrnar liggi á kaldri steypu í fjósinu.

„Ég eyddi miklum tíma í að finna út hvernig ég vildi hafa viðbygginguna og eitt af því sem ég las mikið um og kynnti mér voru ólíkar tegundir undirlags. Í ferlinu las ég að talið er að sandur sé besta undirlagið en það er lítið um góðan sand hér í Harðangurfirði þar sem ég bý og það leiðir því til aukavinnu og sliti á dælubúnaði. Ég er með eigin sögunarmyllu hér svo ég íhugaði að nota spæni en færðist frá þeirri hugmynd vegna hreinlætissjónarmiða og þeirrar vinnu sem það krefst, því skipta þarf því út með jöfnu millibili,“ segir Peder og bætir við:





„Þá var ég kominn yfir í ólíkar tegundir af gúmmíundirlagi og steypulegubása. Næst á eftir sandinum, þar sem ég aflaði mér upplýsinga, var talað um að vatnsdýnur væri annar besti valkosturinn. Mér fannst það hljóma mjög spennandi og þegar ég komst að því að fyrirtækið sem ég hafði verslað innréttingar og steypuna hjá voru einnig með vatnsdýnur í sölu hjá sér þá ákvað ég að prófa þær.“

### *Auðvelt að setja upp í fjósinu*

Verðið á dýnunum var í kringum 1.100 krónur norskar fyrir hvert básapláss. Dýnurnar, sem heita Pacific og eru framleiddar af franska fyrirtækinu Bioret Agri, keypti Peder hjá danska fyrirtækinu Staldmæglerne.

„Ég fékk þær afhentar með tíu ára ábyrgð en það eru einnig fleiri heildsöluaðilar sem selja vatnsdýnurnar. Rétt eftir að ég hafði gengið frá kaupum við Staldmæglerne hóf norskur heildsöluaðili að flytja inn ameríska vatnsdýnu sem heitir GladQ en hann er einmitt kúabóndi í Finnøy og hefur sett þær upp hjá sér. Dýnurnar sem ég fjárfesti í er hægt að fá í þremur ólíkum breiddum og eru byggðar upp sem ein samhangandi rúlla með vasa með vatni fyrir hvert básapláss,“ útskýrir Peder og segir jafnframt:

„Til að verja hnén á dýrunum þegar þau leggja sig niður liggur rönd með 60 sentímetra breiðu froðugúmmíi undir dýnunum fremst. Þegar dýrið hefur lagst niður dreifist þunginn yfir dýnuna og þau liggja mjúklega ofan á vatnsvasanum. Það var mjög einfalt að leggja dýnurnar sjálfur í fjósinu, við merktum hvar þær ættu að liggja, rúlluðum út rúllunni sem var afhent í réttri lengd fyrir röðina og skrúfuðum þær fastar með álskinnum.“


Hér má sjá þegar verið var að koma vatnsdýnunum fyrir í fjósinu en þær koma tilbúnar í rúllum í réttri stærð frá framleiðanda.

### *Kýrnar liggja meir en áður*

Kýrnar hans Peders liggja sem sagt á þykkum dýnum/mottum í fjósinu með vatni í sem dýrin hita sjálf upp með líkamshita sínum.

„Þetta hefur gengið mjög vel og engin vatnslekar átt sér stað, í það minnsta ekki ennþá. Dýrin liggja mikið, um 14–16 tíma á sólarhring, og þetta hefur gefið meiri ró í fjósinu. Ég hef ekki orðið var við nein legusár og ekki eru sjáanlegir hnéskaðar því undirlagið er svo mjúkt þegar dýrin leggjast og standa upp. Ég er sannfærður um að vatnsdýnurnar séu góðar fyrir dýrin og góðar fyrir mjólkurframleiðsluna. Ég mæli því með þessu við aðra kúabændur en ég vil heldur ekki fullyrða að aðrar lausnir séu eitthvað verri. Bændur eru eins og annað fólk og gera gott úr því sem þeir velja fyrir sig, sjálfur er ég aðeins varkárari og segi að þetta kemur vel út hérna hjá mér og ég er ánægður með valið.“ /ehg




Til sölu ný 5 hesta kerra
Verð 2.000.000 + VSK
Uppl. Í síma 897 9353

VÉLFANG – VERKIN TALA

Vicon áburðardreifarar
í ýmsum stærðum.




FRUM - www.frum.is

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 · 112 Reykjavík · Sími 580 8200 · www.velfang.is · Frostagata 2a · 600 Akureyri · www.claas.is




**Föstudaginn 3. mars** verður ársfundur Bændasamtakanna haldinn í menningarhúsinu **Hofi á Akureyri**. Hefðbundin aðalfundarstörf verða um morguninn en eftir hádegi blása bændur til opinnar ráðstefnu þar sem fjallað verður um framtíðina í íslenskum landbúnaði.
Um kvöldið verður sannkölluð bændahátíð í Hofi þar sem bændum landsins og öðrum sporgöngumönnum landbúnaðarins gefst kostur á að gera sér glaðan dag í góðra vina hópi.

## Búskapur morgundagsins

### Ráðstefnudagskrá

Föstudaginn 3. mars
kl. 13.00–16.00

**Setning ráðstefnu**
Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ

**Ávarp**
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra

**Að stíga feti framar – nýsköpun, sjálfbærni og kolefnislausnir í landbúnaði**
Ari Trausti Guðmundsson alþingismaður

**Sjálfbærni í landbúnaði – tækifæri til aukinnar hagsældar**
Auður Magnúsdóttir, deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar LbhÍ

**Straumar og stefnur í neytendamálum – breytingar á neytendamarkaði og samfélagsábyrgð**
Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri í samfélagsábyrgð og neytendavernd hjá Krónunni

*Kaffihlé*

**Nýjasta tækni í landbúnaðartækjum og orkunotkun**
Finnbogi Magnússon landbúnaðartæknifræðingur

**Vélaverktaka til sveita – tæknilausnir og hagkvæmni**
Bessi Freyr Vésteinsson, vélaverktaki og bóndi í Hofsstaðaseli

**Tækni við úrvinnslu búvara – rekjanleiki og upplýsingagjöf til neytenda**
Brynjar Már Karlsson, nýsköpun og þróun hjá Marel

*Pallborðsumræður fyrir kaffihlé og að erindum loknum*

**Ráðstefnustjóri:** Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

### Bændahátíð í Hofi

Föstudaginn 3. mars
kl. 20.00

**Fordrykkur og þriggja rétta máltíð í Hömrum**

**Rammíslenskur matseðill**

**Forréttur** Norðlenskt tapas, kjöt, fiskur og ostur úr „bakgarðinum"

**Aðalréttur** Villikryddaður lambahryggjarvöðvi, ristuð rófa, sultaður laukur, soðbakað jarðepli og blóðbergsgljái

**Eftirréttur** Súrmjólk, skyr, rjómi og íslenskt Omnom súkkulaði – heitt, kalt og ískalt

**Fjölbreytt skemmtiatriði**

Karlakór Eyjafjarðar
Hagyrðingar Bændablaðsins
Dúettinn Vandræðaskáld
Rúnar Eff
Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar
Happdrætti

**Veislustjóri:** Haraldur Benediktsson, bóndi á Vestri-Reyni og alþingismaður

Aðgöngumiði á bændahátíð kostar einungis **7.500** kr. fyrir félagsmenn BÍ. Fullt verð **8.900** kr.
Miðapantanir í síma 563–0300 og á vefsíðunni bondi.is. Frestur til að panta er til 28. febrúar.
Upplýsingar um hótel- og gistirými á Akureyri er að finna á vefnum *www.visitakureyri.is*.

BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

*Fyrir okkur öll*

## Gamli traktorinn



# Samson – tómt klúður



**Uppaf Samson dráttarvélaframleiðandans ná rekja til járnsmiðju í Kaliforníuríki sem bar heitið Samson Iron Works. Eftir að járnsmiðjan hóf framleiðslu á dráttarvélum breyttist heitið í Samson Tractor Company.**

Framleiðsla á bandarísku Samson dráttarvélum hófst árið 1900 og voru þær framleiddar í tæpan aldarfjórðung eða til ársins 1923.

Nafnið Samson er biblíutilvitnun og því ætlað að vitna til um karlmannlegan kraft.

General Motors samsteypan yfirtók reksturinn 1917. Nýju



eigendurnir breyttu nafninu í Samson Sieve-Grip Tractor Company og hófu samhliða dráttarvélaframleiðslunni framleiðslu á vöru- og einkabílum undir vörumerki Samson árið 1920.

### *Samkeppni við Ford*

Hugmyndin að baki yfirtöku General Motors á Samson var að fara út í samkeppni við Ford á dráttarvélamarkaði sem framleiddi hin geysivinsæla Fordson traktor.

Eftir kaupin var dráttarvélaverksmiðja Samson tekin í sundur skrúfu fyrir skrúfu og flutt frá Kaliforníu til Wisconsin-ríkis með mikill fyrirhöfn og ærnum kostnaði.

Fyrsti traktorinn sem Samson setti á markað kallaðist Sieve-Grip og náði talsverði sölu. Traktorinn sem var þungur og klunnalegur var 12 hestöfl og einn gír aftur á bak og áfram. Vélin eins strokka og gekk fyrir bensíni og parafínolíu. Týpu heitið, Sieve-Grip, vísaði til hjólanna sem voru þrjú og úr stáli og hönnuð til að ná sem bestu gripi.

### *Vöru- og einkabílar*

Fyrsti Samson vörubíllinn var



settur á markað 1920. Mótorinn var fjögurra strokka, 26 hestöfl og framleiddur af Chervolet. Þrátt fyrir öfluga auglýsingaherferð floppaði Samson vörubíllinn gersamlega og var framleiðslu hans hætt eftir þrjú ár.

Sömu hörmungarsögu er að segja um Samson einkabílinn sem var markaðssettur sem fyrsti bíllinn sem hannaður var með þarfir bænda í huga. Bifreiðin var kölluð The Whole Family Car og tók níu í sæti. Mótorinn var einnig framleiddur af Chervolet.

Stjórnendur General Motors voru stórhuga í áætlunum sínum og til stóð að framleiða 2.250 árið 2019 og 5.000 árið eftir. Raunin varð aftur á móti sú að aðeins einn, frumgerðin, var framleiddur.

Samson Whole Family Car er eini bíllinn sem Genaral Motors hefur hætt við framleiðslu á áður en hann var settur á markað.

### *Nokkrar týpur af dráttarvélum*

Í framhaldi af fyrstu dráttarvélinni komu nokkrar týpur, Samson Sieve Grip 10-25 sem var skráður 10 til 25 hestöfl og í kjölfarið Samson Sieve Grip Model 30X og Samson Model S-25.

Samson Model M var fjögurra hjóla og segir sagan að meðan á framleiðslu þessarar týpu stóð hafi




tíu slíkir verið framleiddir á dag. Upprunalegt verð var 650 bandaríkjadalir og ekki nóg til að skila hagnaði af framleiðslunni. Verðið var fljótlega hækkað í 840 dali en við það varð dráttarvélin of dýr og fyrir vikið ekki samkeppnisfær á markaði.

Síðasta dráttarvélin sem var framleidd undir vörumerki Samson var Model D „Iron Horse“. Model D var með fjögurra strokka Chervolot mótór. Járnhesturinn var án ökumannssætis og gekk stjórnandinn aftan við traktorinn og stjórnaði honum þaðan.

Framleiðslu á Samson dráttarvélum, vöru- og einkabílum, var hætt árið 1923. Endanlegt tap General Motors á yfirtökunni á Samson er sagt hafa verið 33 milljónir bandaríkjadalir sem er mikið fé í dag en var talsvert meira á þriðja áratug síðustu aldar. /VH




Ingvar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Solis á Íslandi, ásamt Amit Adya, vélaverkfræðingi og fulltrúa Solis á Indlandi, og Jóni Vali Jónssyni, sem er eigandi að fyrirtækinu ásamt Ingvari tengdasyni sínum.

## Indverskar dráttarvélar að hasla sér völl á Íslandi:

# Einfaldleikinn og lágt verð er lykillinn að góðum árangri

## – Seldar voru 8 vélar á síðasta ári og 6 nýjar á leiðinni í febrúar

**Solis er nýlegt nafn í íslenskum dráttarvélaheimi, en þar er um að ræða dráttarvélar sem framleiddar eru á Indlandi. Virðast þær vera að vekja lukku hér á landi sökum lágs verðs og einfaldleika.**

Fyrirtækið Solis á Íslandi hóf innflutning á þessari tegund í maí 2016. Bændablaðinu lék forvitni á að vita hvernig mönnum hafi tekist að fóta sig í harðri samkeppni á markaðnum.

Við opnunina í maí kom Amit Adya vélaverkfræðingur sem fulltrúi Solis til landsins. Markmið hans var að gera úttekt á nýja umboðsfyrirtækinu og sjá til þess að það stæðist kröfur Solis. Amit varði fimm dögum á Íslandi og tók m.a út nýjan sýningarsal Solis sem er staðsettur í Súðarvogi 6. Var hann afar hrifinn af því sem hann sá, að sögn Ingvars Sigurðssonar framkvæmdastjóra.




Solis framleiðir hefðbundnar dráttarvélar í nokkrum stærðum, en einnig smávélar sem henta m.a. vel sveitarfélögum við gangstígahreinsun og slátt.

### *Viðtökur framar vonum*

Ingvar segir að viðtökurnar hafi síðan verið framar vonum.

„Við erum komnir með 5% markaðshlutdeild. Fyrstu vélarnar fóru frá okkur til nýrra eigenda í ágúst og 8 vélar voru seldar á síðasta ári.

Stærsta fáanlega vélin frá Solis á Evrópumarkaði sem stendur er 90 hestöfl. Af þessum átta vélum sem við höfum selt eru fimm með 90 hestafla mótor og eru þær nú uppseldar hjá okkur. Hinar vélarnar eru minni, en minnsta vélin frá Solis sem við höfum tekið til landsins er aðeins 26 hestöfl, en hægt er að fá enn minni vél.“

Ingvar segir að þar sé um að ræða vélar sem jafnist á við svokallaða liðléttinga. Hins vegar séu þær með aflúrtaki og öðru líkt og stærri vélarnar.

„Þá erum við með margvíslega fylgihluti fyrir þessar litlu dráttarvélar, eins og snjótennur, sláttuvélar, tætara og meira að segja kartöfluupptökuvélar.“

### *Solis vélar seldar í yfir 80 löndum*

Solis dráttarvélarnar hafa verið fáanlegar í Evrópu frá 2012. Töluvert hefur selst af þeim í Evrópu. Þá eru þær mikið seldar í Írlandi, Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku en þær hafa selst við góðan orðstír í yfir 80 löndum.

Solis er einn af þremur stærstu dráttarvélaframleiðendunum í Indlandi. Þeir framleiða og selja í kringum 90.000 vélar á ári.

### *Sérstaðan fólgin í einfaldleikanum og lágu verði*

Velgengni indverska risans er fólgin í einfaldleika og verði vélanna. Við sölu á Solis hér á landi verða lagðar sömu áherslur.

„Markmiðið er að vera alltaf með lægsta verðið miðað við sambærilegar vélar frá öðrum framleiðendum,“ segir Ingvar. Hann segist óhikað geta fullyrt að Solis á Íslandi bjóði lægsta verðið og muni þar að minnsta kosti milljón á 90 hestafla Solis vél og sambærilegum vélum frá helstu samkeppnisaðilum. Hann segir þó ekki sanngjarnt að bera Solis saman við dýrustu dráttarvélamerkin sem eru allt öðruvísi útbúnar og mjög tæknivæddar.




Solis dráttarvélar á landbúnaðartækjasýningu í Hanover í Þýskalandi.

### *Standast evrópska staðla*

Vélarnar sem eru í boði á Evrópumarkaði eru framleiddar eftir evrópskum stöðlum og standast alla mengunarstaðla álfunnar. Vélarnar eru í boði með eða án húsa.

### *Menn eru hrifnir af einfaldleikanum*

Ingvar segir að þeir sem skoðað hafa Solis, prófað og keypt séu mjög hrifnir af einfaldleikanum. Það er sama reynsla og lesa má um m.a. í viðtölum við írska og enska bændur.

„Þarna eru menn að mestu lausir við allan hátæknitölvubúnað og geta í flestum tilfellum gert við sínar vélar sjálfir. Þeir þurfa ekki að byrja á því að hringja í vélaverkfræðing til að lesa á tölvur ef eitthvað bilar. Allt hefur þetta þó sína kosti og galla.

Ingvar segir að verktaki á Suðurlandi hafi fengið lánaða vél hjá þeim í fyrrasumar til að slá 30 hektara sem hann gerði á tveim dögum. Hann hafi sérstaklega getið þess að verki loknu hversu olíueyðslan hafi verið lítil. Var hann að nota sömu sláttuvél og hann var vanur að nota á mun öflugri 150 hestafla dráttarvél.

*– Hvað með framhaldið?*

„Það eru sex nýjar vélar að koma til landsins nú í febrúar. Við höldum því ótrauðir áfram,“ segir Ingvar Sigurðsson. /HKr.

MENNING & LISTIR

# HEIÐA – fjalldalabóndinn

**Í bókaflóðinu fyrir síðustu jól þá kom ein bók sem líklega varðar íslenskan landbúnað meira en aðrar bækur og líklega meiru en allar bækur margra síðustu áratuga. Þetta er meistaraverk Steinunnar Sigurðardóttur sem ber heiti þessarar greinar.**

Þessi bók hefur ekki fengið neina sérstaka umfjöllun Bændablaðsins sem hefur vakið furðu mína. Er þá undaskilin fréttafrásögn af netinu um veitingu Fjöruverðlaunanna, sem þetta magnaða rit hreppti af verðleikum. Aðeins birtir blaðið netfrásögnina enda virðast slíkir pistlar uppáhaldsefni blaðsins. Ég tel þetta það merka bók að hún eigi skilið meiri umfjöllun hjá blaði sem auglýsir sig sem málgagn bænda í blaðhausi sínum. Vil ég því víkja að bókinni örfáum orðum hér á eftir.

Ég vil byrja með að fullyrða að þessi bók sé dýrmætasta auglýsing sem íslenskur landbúnaður hefur fengið um áratuga skeið. Allt í einu kemur bók sem skipar sér á metsölulista bóka í landinu og er lesin af þúsundum landsmanna í borg og bæ. Þarna fá þeir snilldarlega og sanna lýsingu á hinu daglega lífi einyrkjans í dreifbýli á Íslandi. Augljóslega getur aldrei einn verið lýsing fyrir fjöldann en þær stöllur segja þarna á sannan og nákvæman hátt frá störfunum á búinu, breytilegum frá einum árstíma til annars. Berum þetta saman við háttlaunaða ímyndasmiði og auglýsingajöfra sem telja sig hafa verið að vinna fyrir íslenskan landbúnað á undanförnum árum. Þeir hafa áreiðanlega fitnað af sínum launum meðan engar slíkar sögur fara af þeim stöllum, Steinunni og Heiðu. Vinna auglýsingamógúla hefur held ég ákaflega litlu skilað í skilningi milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þær stöllur skila hins vegar frá sér listaverki sem þar byggir áreiðanlega traustar brýr.

*Hvernig gerist þetta?*

Það er vegna þess að hér birtist okkur frásögn af sönnu daglegu lífi í íslenskri sveit sem hefur verið færð í frábæran listrænan búning. Hún er sönn, hvorki lítillækkun á umhverfinu né upphafning til skýjanna. Þess vegna höfðar hún til fólks. Þarna er sagt frá lífsgildum Heiðu á sannan hátt, lífsgildum sem hún lýsir vel hvernig hún hefur öðlast gegnum uppruna sinn, uppeldi og umhverfi.

Hér höfða ég til viðhorfa til hluta eins og jafnréttis, náttúru, menningar og starfs í dagsins önn svo að eitthvað sé talið.

Skýrt er gert fyrir nokkuð sérstöku uppeldi Heiðu í barnæsku. Þar fær hún jafnréttið með móðurmjólkinni. Það er áreiðanlega líka rétt að viðhorf til jafnréttismála eru ákaflega misjöfn á milli sveita en í Skaftártungunni eru þau eðlilegur hlutur. Þess vegna verður það broslegt fyrir þær skólasysturnar, Heiðu og Oddnýju Steinu, þegar kennarar við Bændaskólann á Hvanneyri fara að uppfræða þær um karlmannsverk sem verið höfðu þeirra daglegu störf á unglingárunum.

*Heillaðist af þessari ómælisfegurð*

Heiða elst upp á Ljótarstöðum sem má segja að sé einn þröskuldanna að hálendi og víðernum Íslands. Þess vegna heillast hún strax sem unglingur af þessari ómælisfegurð. Henni er greinilega runnin í merg og bein sú hugsun að náttúran hefur sinn sjálfstæða rétt og undirstöðu sjálfbærrar hugsunar að landið sem við höfum undir honum höfum við aðeins til umsjónar og ber að skila betra til næstu kynslóðar. Þess vegna er það nær sjálfsagt að jafn virkur þegn og hún er að rísa upp til andsvara og andstöðu þegar hin hreina tæknihyggja hyggst umbylta hennar nánasta umhverfi með hag erlendra fjármagnseigenda sem helsta leiðarljós. Það hlýtur að vera öllu ærlegu fólki góð lesning að heyra frásagnir Heiðu af bolabrögðum sem þessir aðilar beita af fyllstu ósvífni í öllum sínum málarekstri.

*Nærgætin umgengni við bústofninn*

Hinum sönnu viðhorfum til daglegra starfa er einkar vel lýst. Það þarf að vinna dagleg störf skipulega og af festu. Sérlega kemur þetta vel fram í mörgum bráðskemmtilegum lýsingum Heiðu af samstarfi hennar og Elínar Heiðu að fósturtalningum sem þær hafa starfað að um árabil.




Heiða lýsir einnig einkar vel nærgætinni og skilningsríkri umgengni sinni við bústofninn hvort sem er um að ræða sauðféð eða hundana á bænum.

Hér læt ég staðar numið að benda á áhugaverð viðhorf.

Íslenskir bændur munu seint geta launað þeim stöllum, Steinunni og Heiðu, þetta einstaka listaverk. Það er dýrðaróður til íslenskrar náttúru og starfa íslenskra bænda. Það byggir traustar brýr skilnings til þéttbýlisbúanna á viðhorfum fólks sem býr í mestu dreifbýli á Íslandi. Slíkt verður aldrei þakkað.

Hvetja verður allt fólk til þess að lesa þessa einstöku bók.

/*Jón Viðar Jónmundsson*

Bætiefnaúrvalið fæst hjá Lífland

Bætiefni sem mæta þörfum íslensks búfjár







Himag fata 20 kg Verð: 5.520 kr.
Magnesíumfata fyrir kýr og kindur auðug af steinefnum og vítamínum
Kúafata 20 kg Verð: 5.520 kr.
Bætiefnafata fyrir mjólkurkýr með hátt kalsíuminnihald
Geldstöðufata 20 kg Verð: 5.946 kr.
Bætiefnafata sem mætir steinefna- og vítamínþörfum kúa á geldstöðu

Kúasteinn 10 kg Verð: 808 kr.
Steinefnabættur saltsteinn fyrir jórturdýr
Alhliðasteinn 2 kg / 10 kg Verð: 316 / 750 kr.
Saltsteinn fyrir allan búfénað
FW vítamínsteinn 10 kg Verð: 1.498 kr.
Vítamínbættur steinefnasteinn sem hentar sérstaklega vel fyrir sauðfé







Lactation kurl 25 kg Verð: 4.352 kr.
Fínt möluð og lystug steinefnablanda fyrir mjólkurkýr
Lactation kögglar 25 kg Verð: 6.640 kr.
Köggluð og lystug steinefnablanda fyrir mjólkurkýr
Biggi-141 steinefnablanda 25 kg Verð: 5.109 kr.
Steinefnablanda fyrir nautgripi og kindur

ADE60-Se 5 ltr. Verð: 7.173 kr.
ADE60-Se 20 ltr. Verð: 28.490 kr.
Fljótandi A,D,E vítamín- og selengja i sem má úða á heyin eða blanda í drykkjarvatn

Öll verð eru með vsk.

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvolsvöllur
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lyngháls | Óseyri | Borgarbraut | Efstubraut | Ormsvöllur
LÍFLAND



Allt frá komu fyrstu mannanna til landsins hefur verið litið á refi sem ógagnsemisdýr og refaveiðar stundaðar frá landnámi. Samkvæmt lögum Grágásar eru refir réttdræpir hvar sem í þá næst og í Jónsbók segir: „Melrakki er á hvers manns jörðu óheilagur.“ Mynd úr Melrakkasetrinu í Súðavík / HKr.

# Minkur og refur – hvorki gras né garðakál borðar heilbrigð sál


Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is




**Evrópa er stærsti framleiðandi minka- og refaskinna í heiminum. Um 63% minkafelda og 70% refafelda sem framleiddir eru í heiminum koma af dýrum sem alin eru í Evrópu.**

Af loðdýraskinnum eru minkaskinn eftirsóttust og er núverandi heimsframleiðsla þeirra um 56 milljón skinn á ári en fór mest í 82 milljón skinn 2015. Danir framleiða allra þjóða mest af minkaskinnum í heiminum, tæp 18 milljón skinn á ári. Önnur stórframleiðslulönd eru Noregur, Svíþjóð, Holland, Pólland, Rússland, Kína, Bandaríkin og Ísland.

Loðdýrarækt hefur verið skrykkjótt á Íslandi. Afkoman verið góð þegar heimsmarkaðsverð á skinnum hefur verið hátt en verri þegar verð er lágt. Skráðir framleiðendur á Íslandi voru 32 árið 2015, þar af voru tveir framleiðendur skráðir á tveimur búum. Heildarframleiðsla á minkaskinnum hér á landi er milli 180 og 200 þúsund skinn.

Auk minka og refa eru kanínur, hundar og kettir víða í heiminum aldir til loðskinnaframleiðslu. Önnur dýr en minkur og refur sem flutt hafa verið til Íslands til loðdýraeldis eru nútríur, Myocastor coypus, sem er vatna- eða fenjabjór, þvottabirnir, Procyon lotor, og ildur, Mustela putorius, sem er smávaxið dýr af marðarætt.

Loðdýrarækt er bönnuð í nokkrum ríkjum heims vegna dýraverndunarsjónarmiða, þar á meðal í Austurríki, Króatíu og Bretlandi. Í Sviss gilda svo strangar reglur um ræktunina að hún hefur lagst af í landinu.



Búsvæði heimskautarefsins er nyrst allra refategunda og þolir hann frost allt að mínus 70 gráður á Celsíus.

### *Minkur*

Uppruni minka er í Norður-Ameríku. Minkar eru rándýr af marðarætt sem kallast á latínu Mustela vision og eru undirtegundir minka taldar vera fimmtán og nánast allar eru útdauðar. Aðeins ein önnur tegund minka er núlifandi, Mustela lutreola, evrópsk tegund sem er í útrýmingarhættu. Þau fáu dýr sem eftir eru af evrópskum minkum finnast í Austur-Evrópu og á takmörkuðum svæðum á Spáni og í Frakklandi.

Fullvaxnir minkar eru milli 30 og 40 sentímetrar að lengd og þar af er loðið skottið hátt í 20 sentímetrar. Dýrið er mjóslegið á að líta og með lítið höfuð. Villtir minkar eru vanalega með dökkbrúnan eða svartan feld og hvítan blett undir hökunni og stundum á hálsi og milli fram- og afturfótanna. Karldýrið eru um 1,2 kíló að þyngd en læðurnar helmingi léttari. Göngulag minka er sérkennilegt vegna þess hve langt er á milli stuttra fram- og afturfótanna.

Þessar upplýsingar allar eiga við um villtan mink, sem er mun minni en búraminkurinn er í dag. Algeng þyngd á fullvöxnum högnum á minkabúum í dag er um 3.500 grömm og læður um 1.700 grömm. Feldurinn á villtum mink og búramink er líka mjög ólíkur að gæðum.

Feldur minka er úr tvenns konar hárum, þeli og vindhárum. Þéttleiki þelsins er allt að 80% meiri á vetrum en yfir sumartímann en vindhárin haldast óbreytt. Þelið er vatnshelt og virkar vel sem einangrun gegn kulda og þola minkar frost að allt að mínus 70 gráður á Celsíus. Að vori fellir minkurinn vetrarhárin og upp kemur sumarfeldur. Vetrarfeldurinn fer svo aftur að vaxa að haustinu og er fullþroskaður um miðjan nóvember.

Minkar verða kynþroska á fyrsta ári og tímgast ungir. Fengitíminn er snemma á vorin og meðgöngutíminn sex til ellefu vikur en að meðaltali sjö. Nánast eingöngu er hægt að para mink frá síðustu dögum febrúar til 25. mars. Læðurnar makast með sjö til tíu daga millibili og þroskast öll fóstrin samtímis þrátt fyrir að sæðisgjafarnir geti verið margir. Got fer oftast fram snemma í maí og fjöldi hvolpa fjórir til tíu. Í minkalæðum verður egglos við mökun dýranna. Á minkabúum eru læðurnar tvíparaðar með átta eða níu daga millibili en þannig eru framkölluð tvö egglos þar sem það seinna eyðir því fyrra að mestu. Eggin synda um í leginu í ákveðinn tíma eftir frjóvgun áður en þau festast en áhrifaþættir á slíkt

eru ljós og fóðuraðgengi dýranna eftir þörun.

Hvolparnir fæðast blindir, hár- og tannlausir og nærast á mjólk fyrstu fimm vikurnar. Sjón og tennur fá þeir um mánuði eftir fæðingu. Læðurnar sjá einar um uppeldi afkvæmanna.

Minkar helga sér óðal og merkja það með þvagi og saur og búa sér til greni sem hafa marga útganga. Stundum er einn útgangurinn beint út í vatn, enda minkar góðir til sunds og geta verið í kafi og farið langar leiðir eftir botni vatna. Steggurinn er mest á ferðinni á nóttunni en læður allan sólarhringinn og mest eftir got.

Fæðuval minka er fjölbreytt og bæði úr sjó og af landi. Í sjó veiða þeir ýmsar tegundir fiska eins og marhnút, sprettfisk, hrognkelsi, hornsíli, ufsaseiði, sandsíli, karfa, loðnu, síld, skötusel, tindaskötu, keilu og krabbadýr. Á landi veiða þeir fugla, mýs og hunangsflugur auk þess sem þeir ræna eggjum úr hreiðrum.



Fyrstu minkarnir voru fluttir til Íslands haustið 1931 og komu þeir hingað frá Noregi.

### *Minkur á Íslandi*

Skömmu fyrir aldamótin 1900 var ljóst að minkaeldi í Norður-Ameríku skilaði hagnaði og í framhaldi af því fóru bændur og fjárfestar í öðrum löndum að huga að sams konar eldi. Fyrstu minkabúin í Evrópu með mink frá Norður-Ameríku voru sett á laggirnar í Noregi árið 1927 og í Svíþjóð ári seinna. Næstu ár og áratugi þar á eftir voru minkar fluttir til flestra annarra landa í Norður-Evrópu.

Fyrstu árin slapp fjöldi minka úr eldi og lifa í dag víða villtir í Evrópu norðanverðri.

Fyrstu minkarnir voru fluttir til Íslands haustið 1931 og komu þeir frá Noregi. Dýrunum var komið fyrir að Fossi í Grímsnesi þar sem þau fjölguðu sér hratt. Nokkrum mánuðum síðar voru minkarnir orðnir 75 og þeir fluttir á nýtt minkabú á Selfossi. Ári síðar voru minkabúin tvö en fjölgaði ört eftir það.

Fyrstu minkarnir sem vitað er að hafi sloppið úr eldi á Íslandi sluppu haustið 1932 frá Fossi í Grímsnesi. Næstu árin slapp talsvert af mink frá nokkrum búum.

Fyrsta minkagrenið í náttúrunni hér á landi fannst við Elliðaárnar í Reykjavík árið 1937. Annað greni fannst við Leirvogsá í Mosfellssveit vorið eftir og fjölgaði fundum þeirra hratt eftir það, samfara því að minkurinn náði fótfestu um allt land.

Villiminkur var kominn austur undir Skeiðarársand árið 1958 en sandarnir og Skeiðará virðast hafa verið honum náttúruleg hindrun því lengi vel var Öræfasveit eina sveit landsins sem var laus við mink. Minkurinn var þó ekki lengi að skjótast yfir Skeiðará og sandana og yfir í Öræfasveit eftir að áin var brúuð árið 1974.

Ekki er vitað hvað minkar geta orðið gamlir hér á landi en elsti minkur sem aldursgreindur hefur verið á Íslandi var sjö ára steggur og elsta læðan var sex ára.

### *Minkaeldi á Íslandi*

Þrátt fyrir nokkur vandræði varðandi fóður og frjósemi á fyrstu árum loðdýraræktar hér á landi lofaði í upphafi góðu enda verð hátt. Fljótlega syrti samt í álinn. Skömmu eftir að loðdýraeldi hófst hér skall á heimskreppa og í kjölfarið verðfall á skinnum. Í kjölfar kreppunnar kom seinni heimsstyrjöldin og eftirspurn eftir skinnum engin. Vegna þess var öllum minkum í eldi slátrað fyrir 1940 og bannað með lögum að reisa ný minkabú árið 1951.

Banni við loðdýrarækt var ekki aflétt fyrr en 1969 og í kjölfar þess fluttur inn minkur frá Noregi sem komið var fyrir á fimm búum á Suðvestur- og Norðurlandi. Að nokkrum árum liðnum kom í ljós að dýrin voru langflest sýkt af alvarlegum vírussjúkdómi sem hafði letjandi áhrif á frjósemi og vöxt þeirra. Rekstur þessara fimm búa var því erfiður og flest þeirra hættu rekstri.

Vírussýkingin, sem nefnist Plasmacytoses, er enn viðvarandi í villtum mink á landinu og smitast auðveldlega í búrdýr komist villtur minkur í samneyti við þau.

Á Íslandi hafa verið ræktuð nokkur litaafbrigði minka og veiðst hafa villtir minkar með hvítan, dökkbrúnan og svartan feld.

Skipt var um minkastofn í landinu 1981 og flutt inn dýr frá Danmörku. Minkabúum á landinu fjölgaði hratt á níunda áratug síðustu aldar og þá meira af kappi en forsjá. Verðfall á skinnum um miðjan áratuginn varð til þess að langflest þessara búa lögðu upp laupana um 1990.

Íslenski búrminkastofninn í dag er sá sami og notaður er í flestum öðrum löndum við minkaeldi. Fjöldi litarafbrigða búrminka hér á landi er svipaður og í nágrannalöndunum en í heildina eru yfir 20 litarafbrigði til á íslenskum minkabúum, en öll þessi litarafbrigði eiga sömu forfeður enda teljast þau öll til sömu ættkvíslarinnar. Á minkabúum er oftast stunduð hreinræktun litarafbrigða en einnig er litum blandað saman í ræktunarstarfinu til að færa ákveðna eiginleika milli lita, draga úr skyldleikaræktun eða þegar verið er að fjölga í einhverri tegundinni. Um helmingur minka á minkabúum á Íslandi er svokallaður „standard minkur“ en hann er brúnn að lit. Hinn helmingurinn skiptist á margar litategundir en af þeim fjölda er hvítur fjölmennastur eins og staðan er í dag. Þessi hlutföll innan búanna breytast í takt við aðstæður og kröfur á markaði séð yfir lengri tíma.

Séu gæði íslensku minkaskinnaframleiðslunnar borinn saman við aðrar þjóðir út frá því skinnaverði sem bændur hafa verið að fá að meðaltali á markaði þá hefur íslenska framleiðslan verið í öðru sæti fjórum sinnum síðustu sex árin en danskir minkabændur hafa vermt fyrsta sætið. Síðustu 10 til 15 ár hefur því mjög jákvæð þróun um gæði íslensku skinnanna átt sér stað sem fyrst og fremst má þakka meiri fagmennsku bænda, auknum innflutningi kynbótadýra og betri fóðurframleiðslu.



Nútríur, sem er vatna- eða fenjabjór, er meðal þeirra dýra sem flutt hafa verið til landsins til loðdýraeldis.

### *Refur, melrakki, tófa eða lægja*

Refir eru lítil og meðalstór rándýr af hundaætt. Refir skiptast í 27 tegundir og þá er að finna í flestum heimsálfum og rauðrefir, Vulpes vulpes, algengastir.

Heimskautarefur er sá refur sem hefur lifað villtur hér á landi frá því á ísöld og kallast á latínu Vulpes lagopus. Refir eru einu spendýrin sem fyrir voru á landinu við landnám.

Búsvæði heimskautarefsins er nyrst allra refategunda. Talið er að heimskautarefurinn hafi fært sig norðar með hopandi jöklum við lok ísaldar og að hluti þeirra dýra orðið eftir hér á landi, einnig er líklegt að hann hafi borist til landsins með rekís frá Grænlandi.

Refir fylgja stundum hvítabjörnum á hafís langt út á haf. Í

*– Framhald á næstu síðu.*



Minkar eru mjóslegnir á að líta og með lítið höfuð.



Hansaleiðangrinum 1869 til 1870 fannst refur á rekís miðja vegu milli Íslands og Grænlands.

Fullvaxið karldýr er um 90 sentímetrar að lengd og er skottið um einn þriðji lengdarinnar. Þyngd karldýra eru um sex kíló að hausti en milli þrjú og fjögur kíló á vorin. Læður eru um 20% léttari en karldýrin.

Fengitími lágfótu er í mars og fyrri hluta apríl og meðgöngutíminn er sjö og hálf vika. Að meðaltali eru fimm til sex yrðlingar í goti og eru yrðlingarnir blindir við fæðingu en augun opnast tæpar þrjár vikur eftir got. Yrðlingarnir verða kynþroska á fyrsta ári og er einkvæni algengt meðal refa. Læðurnar sjá að mestu um fæðuöflun en steggirnir verja óðulin að mestu einir.

Refir eru á ferðinni tólf til fjórtán tíma á sólarhring og mest í kringum ljósaskiptin. Þeir sækja sér iðulega fæðu í fjörur á útfallinu. Fæðuvalið fer mikið eftir framboði á hverjum tíma og getur verið hrognkelsi, kræklingur, fuglar, egg, spendýrahræ, rjúpur, þangflugnapúpur, ber, hagamýs og fleira sem að kjafti kemur.

### *Refir á Íslandi*

Ekkert dýr á Íslandi hefur haft eins mörg heiti og refur. Má það hugsanlega rekja til þeirrar trúar að ekki megi nefna nafn hins illa upphátt til þess að kalla hann ekki yfir sig. Auk algengra heita eins og refur og tófa má nefna dratt(h)ali, gortanni, lágfóta, melrakki, skaufhali, skolli og vemma. Refir sem leggjast á fé kallast bítur, dýrbítur og bitvargur. Snoðdýr er tófa sem aldrei fær feld með vindhárum. Refalæða sem lögst er í greni til að gjóta er kölluð grenlægja. Karldýrin eru oft nefnd steggur eða högni en kvendýrin læða, bleyða eða tófa. Afkvæmi refa kallast yrðlingar.

Tvö litaafbrigði villtra refa finnast hér á landi. Annað skiptir litum eftir árstíðum og er mógrátt á sumrin en hvítt á veturna. Hitt afbrigðið er brúnleitt allt árið.

Allt frá komu fyrstu mannanna til landsins hefur verið litið á refi sem ógagnsemisdýr og refaveiðar stundaðar frá landnámi. Samkvæmt lögum Grágásar eru refir réttdræpir hvar sem í þá næst og í Jónsbók segir: „Melrakki er á hvers manns jörðu óheilagur.“

Um tíma var bændum gert skylt að stunda grenjaleit á jörðum sínum og afréttum á eigin kostnað, þótt veiðimönnum væri greitt fyrir bráðina.

Meðal aðferða sem beitt hefur verið við refaveiðar er að hrekja þá úr greninu með reyk, grjótgildrum og dýraboga. Kringum aldamótin 1700 kemur byssan til sögunnar og hefur hún verið algengasta veiðitækið síðan. Um miðja 18. öld var farið að eitra fyrir refi með strykníni, sem var gjarnan sett í kjöt ásamt muldu gleri til að særa meltingarveginn og að eitrið bærist hratt út í blóðið. Eitrið olli miklum skaða meðal annarra dýrategunda og nánast útdauða hafarnarstofnsins.



Minkar eru góðir til sunds og geta verið lengi í kafi og farið langar leiðir eftir botni vatna.

### *Refaeldi á Íslandi*

Eldi á bláref, en það kallast heimskautarefur í eldi, hófst í Kanada um 1890. Í fyrstu var refunum sleppt á afskekktum eyjum og þeir aldir þar. Norðmenn höfðu sama hátt á þegar þeir hófu eldi á bláref skömmu síðar.

Íslendingar reyndu fyrir sér með eyjaeldi á ref 1912 þegar yrðlingum var sleppt í Elliðaey í Borgarfirði. Árið 1927 var stofnað í Borgarfirði hlutafélag sem hafði að markmiði að ala bláref. Keyptir voru nokkrir yrðlingar af grenjum og þeir aldir innan girðingar að Svignaskarði í Borgarfirði þar til þeir náðu þeirri stærð að feldurinn væri söluhæfur.

Fyrstu silfurrefirnir, tvö dýr, læða og steggur, voru fluttir til landsins 1929 og komið fyrir á nýbýlinu Bjarmalandi við Laugalæk í Reykjavík. Silfurrefir eru talsvert stærri en íslenski heimskautarefurinn og hárin ljósari.

Sagt er að fyrstu silfurrefirnir hafi verið fóðraðir á fiski, hrossa-, kinda- og hvalkjöti ásamt fuglum og öllu öðru sem til féll.

1933 voru sex blárefir, sem voru ættaðir frá Kanada, fluttir til landsins frá Noregi, fjórar tófur og tveir steggir.

Í sögu refaræktar í Noregi finnast heimildir um kaup á villtum heimskautaref frá Íslandi, Grænlandi og Svalbarða. Íslensku refirnir þóttu oft góð dýr og sérstaklega brúnu dýrin sem voru með bláan tón í þelinu en þau dýr eru grunnurinn að hinum eiginlega Bláref. Orðrómur var í Noregi um að íslenskir veiðimenn teldu dýrin yfirleitt yngri við sölu en raunin var þegar þau voru metin við komuna til Noregs. Engu að síður var ánægja með þessi viðskipti á sínum tíma.

Bæði silfur- og blárefirnir fjölguðu sér hratt og búum fjölgaði ört og gott verð fékkst fyrir skinnin allt þar til heimskreppan og í framhaldi af henni heimsstyrjöldin síðari skall á. Í stríðinu hrundi markaðurinn og flest búin hættu starfsemi þrátt fyrir að nokkrir refabændur hafi þraukað talsvert lengi en refaeldi lagðist tímabundið af á landinu 1964.

Verð á skinnum byrjaði aftur að hækka á áttunda áratug síðustu aldar og 1978 hófst refaeldi að nýju í landinu. Fluttur var inn bláerefur frá Skotlandi og dýrunum var komið fyrir á nokkrum búum á Norðurlandi til að byrja með og fljótlega víðar um landið. Búum fjölgaði síðan hratt um allt land með tilheyrandi erfiðleikum í fóðurframleiðslu sem fyrst og fremst stafaði af þekkingarleysi. Við þetta bættist mikið verðhrun refaskinna á mörkuðum og ekki leið á löngu áður en flest refabúin fóru í þrot. Refarækt átti eftir þetta mjög erfitt uppdráttar og lognaðist endanlega út af árið 2009 þegar síðasta búið hætti rekstri en það var Hrólfsstaðir á Jökuldal.

Í dag er ekkert refabú starfandi á landinu.

### *Skoffín og skuggabaldur*

Í íslenskri þjóðtrú eru skoffín afkvæmi refs og kattar, þar sem kötturinn er móðirin. Skuggabaldur er hins vegar afkvæmi sömu dýra en þar sem móðirin er refalæða.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir að lítil hætta stafi af skoffínum þar sem þau séu yfirleitt drepin áður en þau komast á legg þar sem móðirin er oftar en ekki heimiliskötttur. Skuggabaldur er hins vegar öllu viðsjárverðara kvikindi sem gerast dýrbítar séu þeir ekki drepnir.

Í lokin er vert að minnast á frægan ref í leikhúsbókmenntunum. Þar er að sjálfsögðu átt við Mikka ref í Dýrunum í Hálsaskógi sem sagði svo réttilega „hvorki gras né garðakál borðar heilbrigð sál.“



Silfurrefir eru talsvert stærri en íslenski heimskautarefurinn og hárin ljósari.

PÖRUNARALMANAK FYRIR REFALÆÐUR

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Febrúar | | | | | | | | | | | |
| | | | 11. | 12. | 13. | 14. | 15. | 16. | 17. | 18. | |
| | 19. | 20. | 21. | 22. | 23. | 24. | 25. | 26. | 27. | 28. | |
| Mars | | | | | | | | | | | |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. | 11. |
| | 12. | 13. | 14. | 15. | 16. | 17. | 18. | 19. | 20. | 21. | 22. |
| | 23. | 24. | 25. | 26. | 27. | 28. | 29. | 30. | 31. | | |
| Apríl | | | | | | | | | | | |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. | 11. |
| | 12. | 13. | 14. | 15. | 16. | 17. | 18. | 19. | 20. | 21. | 22. |
| | 23. | 24. | 25. | 26. | 27. | 28. | 29. | 30. | | | |
| Maí | | | | | | | | | | | |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. | 11. |
| | 12. | 13. | 14. | 15. | 16. | 17. | 18. | 19. | 20. | | |

Pörunaralmanak fyrir refalæður eins og notað var fyrir tíma tölvuskráningar.



Refir eru einu spendýrin sem fyrir voru á landinu við landnám og eru afar duglegir að bjarga sér. Mynd / HKr.



Læknarnir Pétur (t.v.) og Gylfi sem hafa nú látið af störfum sem læknar í uppsveitum Árnessýslu eftir langt og farsælt starf. Þeirra er sárt saknað af íbúum uppsveitanna. Mynd /MHH

Árnessýsla:

## Kveðjuhóf vegna tveggja lækna

**Á milli fjögur og fimm hundruð manns mættu í félagsheimilið Aratungu í Reykholti í Biskupstungum fimmtudagskvöldið 12. janúar til að kveðja læknana sína, eða þá Gylfa Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson sem hafa látið af störfum eftir rúmlega þrjátíu ára starf í Laugarási.**

Þeir hafa verið einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að heilsufari íbúanna með miklum sóma. Fjölbreytt dagskrá var í boði með kaffiveitingum. Veislustjóri var Halldór Páll Halldórsson, skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni. Læknunum voru færðar fjölgar gjafir í tilefni tímamótanna og fengu þeir marga kossa og mörg faðmlög frá skjólstæðingum sínum í salnum.

/MHH

Bændablaðið
Kemur næst út
23. febrúar


ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012



SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Siglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · www.primex.is



JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI

**Járnprýði ehf. vantar fjölhæfan, duglegan og heiðarlegan starfsmann. Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi og reyklaus.**

Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með sterkan hóp viðskiptavina.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ingi@jarnprydi.is

Járnprýði ehf | Akralind 5 | 201 Kópavogi | S: 822 1717



**Til sölu skrifstofugámar**

Upplýsingar í síma: **863 0529.**




Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook


NAUTASTÖÐ
BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

## Auglýsing um starf

Nautastöð Bændasamtaka Íslands óskar eftir að ráða dýralækni til starfa.

***Starfið felst m.a. í eftirfarandi þáttum:***

1. gæðaeftirliti á stöðinni.
2. rannsóknum og skimun á sæði.
3. alhliða frjósemisleiðbeiningum fyrir frjótækna og bændur.
4. námskeiðum fyrir nýja frjótækna.
5. umsjón með heilbrigði og velferð nauta á stöðinni.
6. öðrum verkefnum sem honum eru falin.

***Æskilegt er að viðkomandi hafi:***

- sérmenntun í frjósemi jórturdýra.
- reynslu í kúasæðingum.
- reynslu af starfi við sæðingastöð.
- reynslu af frjósemisleiðbeiningum til bænda.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf í byrjun maí. Umsóknum, ásamt fylgiskjölum, skal skila til Sveinbjörns Eyjólfssonar á Nautastöð BÍ fyrir 1. mars nk. Nánari upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Eyjólfsson í gegnum netfangið ***bull@emax.is*** og Þorsteinn Ólafsson í gegnum netfangið ***steini@bondi.is***





**Tímarit Bændablaðsins 2017 í sjónmáli**

# Tryggðu þér pláss í tíma

Tímarit Bændablaðsins vakti mikla lukku í fyrravetur. Við ætlum að endurtaka leikinn og gefa blaðið út 3. mars nk. Tímaritið verður yfir 100 síður og prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og verða efnistökin fjölbreytt.

Tímarit Bændablaðsins er prentað í 8 þúsund eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

**Verðskrá auglýsinga**
Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
Opna: 230.000 kr. án vsk.
Baksíða: 230.000 kr. án vsk.
Lógó/styrktarlína (hámark 10 lógó á síðu) = 25.000 kr. án vsk.

**Verðskrá kynninga**
Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
Opna: 210.000 kr. án vsk.

Nánari upplýsingar veittar í síma **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Hægt er að skoða* ***Tímarit Bændablaðsins*** *2016 á* **bbl.is**

# Þorrablótin lifa

**Hinn forni mánuður þorri hefst á föstudegi í 13. viku vetrar, á bilinu 19.–25. janúar samkvæmt núverandi tímatali. Merking nafnsins þorri hefur löngum vafist fyrir mönnum og ýmsar skýringar verið nefndar.**

Sem dæmi má nefna að það hefur verið tengt sögninni að þverra og er þá líklega vísað í að á þessum tíma árs fór matarforði búfénaðar þverrandi. Því gat verið erfitt að þreyja þorrann, sbr. þessa vísu úr þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins (ÞÞ):

*Þungir eru þorradagar*
*bylur, helreykur, hörmung og neyð,*
*hraktist hann Barði um fannþakta leið*
*sofðu nú barnungi uns bjartir koma dagar.*
(ÞÞ 3815).

Heitið hefur einnig verið tengt nafni norræna guðsins Þórs og þá álitið að þorri hafi verið eins konar gælunafn hans. Þorri sem mánaðarheiti kemur fyrir í íslensku rímhandriti frá 12. öld, einnig í Staðarhólsbók Grágásar frá 13. öld og í Snorra-Eddu. Heimildir um þorrahald frá fyrri tíð eru af skornum skammti. Engar frásagnir fara af því í Íslendingasögum eða öðrum fornsögum sem eiga að hafa gerst á Íslandi. Í Orkneyinga sögu, skráði á 12. öld og í Flateyjarbók, skráði á 14. öld, eru þorrablót hins vegar nefnd á nafn en ekki lýst hvernig þau fóru fram.

Í Orkneyinga sögu er sagt frá Þorra, afkomanda Fornjóts konungs í Finnlandi, en Þorri blótaði ár hvert á miðjum vetri og kallaðist þorrablót . Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir að í Orkneyinga sögu sé greinilega verið að persónugera höfuðskepnur og fleiri náttúrufyrirbæri og telur að í því ljósi sé eðlilegt að líta á þorrann sem forna vetrarvætti eða vetrarguð. Kona f. 1911, frá Hellissandi (ÞÞ3849), kannast við þorra sem vetrarvætti:

„Í hugum okkar barnanna höfðu þessir mánuðir á sér persónuleg gervi, þorri t.d. stór karl með mikið hvítt skegg, fannbarinn.“ Heimildarmenn þjóðháttasafns Þjóðminjasafnsins (ÞÞ), fæddir á tímabilinu 1882–1932 (Skrá 31. Hátíðir og skemmtanir) þekkja vel kvæði um þorrann sem óvægna vetrarvætti og má hér nefna eitt:

*Nú er ég kominn - náungann að finna*
*nú er best að hann vari sig,*
*mín því élin - mörg ef aldrei linna*
*margir bændur þekkja mig.*
*Ég er þorri, þrekið tröll,*
*og þekki jarðarfylgsnin öll.*
*Ég hef víða um foldu farið,*
*að flestra dyrum einnig barið*
*þó með gust.*
*Ég er tími - ég við glími*
*aldur bæði og ár - og aldrei verð ég sár.*
*Ég er vindur, ég er grimmd*
*og éliþrungin hrönn - já, hrími þakin fönn*
*- já, fönn.*
(ÞÞ3766)

Blót í tengslum við þorrann benda til þess að menn hafi áður fyrr viðhaft einhverja siði eða blót í þeim tilgangi að blíðka þorrann enda var hann enginn aufúsugestur heldur boðberi frosthörku, harðinda og hungurs eins og að framan getur. Þorrinn sem vetraröldungur var algengt yrkisefni á 17.–19. öld. Þar er honum m.a. lýst sem stórskornum öldungi, konungi, fornkappa eða glæsilegum víkingi. Mismunandi er hvort hann er sagður harður og grimmur eða einungis heimtufrekur og geðstirður. Þar er einnig fjallað um mikilvægi þess að taka vel á móti þorra í mat, drykk og klæðum. Konur eiga að stjana við hann og honum er skemmt á ýmsa vegu, með söng, sögum, tafli og spili. Sé gestrisninni ábótavant má búast við grimmilegum hefndum þorra. Karl f. 1895, úr Skagafirði (ÞÞ3646), nefnir eftirfarandi kvæði sem farið var með til að blíðka þorra og bjóða hann velkominn:

*Til veiga, til veiga vér vekjum sérhvern mann*
*kominn er illviðrakonungurinn þorri enn.*
*Kaldur og fokreiður ættjörð vorri*
*með blóti, með blóti vér blíðka þurfum hann.*

*Til friðar, til friðar vér flytjum þorra skál,*
*blótum til árs og gæfta góðra,*
*svo gefi til lands og sjávarróðra!*
*Vér klingjum, vér klingjum og kætum líf og sál.*

Ljóst er af fyrrnefndum heimildum að mannfagnaður nefndur þorrablót, haldinn um miðjan vetur, var þekktur til forna en nánari lýsingar skortir og lítið er vitað um uppruna hans. Árni Björnsson telur að tilvist hugtaksins í fornum heimildum bendi eindregið í þá átt að mannfagnaður kenndur við þorra hafi þekkst áður en kristni var lögtekin hérlendis. Hann telur ólíklegt að viðburður sem þessi hafi getað orðið til í kristnum sið á þeim tímum þegar hart var tekið á „hverslags kukli“ eins og hann nefnir það.



Vegna heimildaskorts um þorrahald til forna hafa hugmyndir manna um siðinn verið á reiki fram eftir öldum og hugmyndir um þorrahald á seinni tímum byggst á óljósum hugmyndum um þorrahald fyrri tíma.

### Bóndadagur, fyrsti dagur þorra

Fyrsti dagur þorra er, sem flestir þekkja, kallaður bóndadagur, einnig nefndur miðsvetrardagur eða fyrsti þorradagur. Fyrstu prentuðu heimildir um daginn koma fram í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar frá 1864. Þar segir að dagurinn sé helgaður húsbóndanum og að það hafi verið skylda bænda að „fagna þorra“ með því að halda veislu fyrir aðra bændur í sveitinni eða „bjóða honum í garð“. Samkvæmt því sem Jón Árnason segir fól það síðarnefnda í sér að bændur áttu að fara á fætur fyrstir allra og „[…] fara ofan og út í skyrtunni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir, en fara í aðra brókarskálmina og láta hina svo lafa eða draga hana á eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum allan bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkominn í garð eða til húsa“.

Þetta er kyndugur siður og ekki er vitað um uppruna hans og tilgang. Árni Björnsson telur hugsanlegt að hér geti verið um að ræða leifar af eldri þorrafagnaði. Kona f. 1903, ættuð af Snæfellsnesi (ÞÞ3721), segir:

### Hljóp berfættur í kringum bæinn

„Þegar faðir minn var ungur áttu bændur að opna bæinn fyrstir manna og bjóða þorra velkominn og einn bóndi í Staðarsveit, gamall og forn í skapi, hljóp berfættur í kringum bæinn, þótt bylur væri, og bauð þorra velkominn.“

Heimildarmenn ÞÞ hafa margir hverjir heyrt um þennan sið en vita almennt ekki til þess að hann hafi verið iðkaður í þeirra tíð. Flestir heimildarmenn nefna að það hafi verið hlutverk bóndans að taka á móti þorranum en ekki eru allir sammála því. Kona f. 1909, úr Staðarsveit á Snæfellsnesi (ÞÞ3631), segir að þá hafi húsfreyjan á bænum átt að „[…] fara fyrst út, signa sig og bjóða hann velkominn. Svo átti hún að færa bónda sínum kaffi og lummur í rúmið og halda til hans í mat“. Karl f. 1895, úr Skagafirði (ÞÞ3646), nefnir einnig að húsfreyjan hafi átt að bjóða þorra velkominn með því að opna bæinn fyrst heimilismanna, fara út og hlaupa þrjá hringi í kringum bæinn. Ekki nefnir heimildarmaður neitt um brækur húsfreyjunnar í þessu sambandi.

### Súr svið, sperðlar, hákarl og magálar

Flestir heimildarmanna ÞÞ nefna að það að hafi almennt tíðkast að gera sér dagamun í mat á bóndadaginn. Hangikjöt, saltkjöt og baunir, súr svið, sperðlar, hákarl, magálar og flatkökur þóttu herramannsmatur við það tækifæri. Kaffi ásamt kleinum, pönnukökum eða lummum þótti líka afar vinsælt. Kona f. 1905, úr Lónssveit (ÞÞ3752), segir:

„Oftast var gefið kaffi með brauði, t.d. kleinur eða pönnukökur um hádegið, síðdegis var svo annaðhvort hangikjöt, kartöflur, brauð og smjör eða saltkjöt með kartöflum og soðbrauði og flot út á. Eftir þessu man ég á mínum bernskuárum.“

Annars staðar var þetta með öðrum hætti en karl f. 1897, úr Hnappadalssýslu (ÞÞ3729), segir: „Í mínu ungdæmi var ekki haldið mikið upp á fyrsta þorradag og þorri ekki boðinn velkominn. Hann vakti frekar ógn og kvíða. Þó man ég til þess, þegar ég var skelfing ungur og svaf hjá pabba og mömmu, að á fyrsta þorradagsmorgun kom mamma með sneið af volgu hveitibrauði og skafið út á hana hvítasykur [toppasykur]. Ég minnist þess að pabbi sagði: Þetta gefur nú þorri okkur.“

Áður en farið var að halda þorrablót í félagsheimilum til sveita og veitingahús og átthagafélög tóku blótin upp á sína arma voru þau oftast haldin í heimahúsum. Elsta heimild um það er bréf frá séra Jóni Halldórssyni í Hítardal (f. 1665) sem hann sendi Árna Magnússyni í Kaupmannahöfn í september 1728. Það var þó ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem aukinn vöxtur varð í þorrablótshaldi landsmanna.



### Þorrahald á Austurlandi og í innanverðum Eyjafirði

Þorrahald í sveitum á Austurlandi og innanverðum Eyjafirði þekktist fyrr en í öðrum sveitum landsins. Kona f. 1902, úr Eyjafirði (ÞÞ3713), segir:

„Fyrsta þorrablótið sem ég hef spurnir af var haldið hér í nágrenninu, á Ytri-Varðgjá, á fyrsta áratug aldarinnar [1900–1910] og stóðu að því nokkrir ungir bændur, þ.á m. faðir minn. Tekið var skilrúm úr skála og tjaldað innan, hefur það orðið fyrirtaks veislusalur og ekki efa ég að þar hefur verið glatt á hjalla, ræðuhöld, söngur og dans fram á morgun,“

Kona f. 1902, af Fljótsdalshéraði (ÞÞ3838), lýsir fyrsta þorrablótinu sem hún minnist að haldið væri í sveitinni og var haldið á heimili hennar árið 1915: Hún lýsir því m.a. svo:

„Flatbrauð, glóðarbakað, í stöflum, smjör í trédollum, þá má víst ekki gleyma hákarli og eitthvað var af súrmat, bringukollar og lundabaggar og ostur. Þá var kaffi til drykkjar með. Mikið var fjör hjá fólkinu þó vínbann væri. Er ég nú þess fullviss að Bakkus var með til að hressa að minnsta kosti margan manninn. Þegar borðað var, var sunginn borðsálmur Jónasar Hallgrímssonar: „Það er svo margt ef að er gáð“. En það sem mestan svip setti á þorrablótið var söngurinn því í sveitinni voru mjög góðir söngmenn og voru æfðir saman og ágætir hljóðfæraleikarar. Sunginn Þorraþræll Kr. Jónssonar […] en líklega mest af öllu sungið „Þórður malakoff“.

Svo var það nú blessaður dansinn sem yngra fólki fannst verða heldur hallloka á þessari nóttu en hún leið eins og aðrar nætur og eins og í lífssögunni, mikill fögnuður hjá einum og öðrum en minni hjá öðrum. En þegar dagur ljómaði á lofti fór hver heim og kvöddust víst með vinsemd þótt einhverjar ýfingar og olnbogaskot ættu sér stað um nóttina.“

### Þorrablótin endurvakin

Sjálfstæðisbarátta og þjóðernishyggja 19. aldar hafa án efa stuðlað að auknum áhuga á þorrablótshaldi og því að endurvekja þann forna sið sem menn töldu þorrablótin vera. Á seinni hluta aldarinnar fóru mennta- og embættismenn í auknum mæli að tíðka samkomur sem þeir kölluðu „þorrablót“ að fornum hætti, matar- og drykkjuveislur þar sem sungin voru ný og gömul kvæði og drukkin minni þorra og heiðinna goða, einkum Þórs.

Fornleifafélagið í Reykjavík stóð t.d. fyrir þorrablótum á seinni hluta 19. aldar. Lýsing á þorrablóti þess frá 21. janúar 1881 sýnir að glæsilega var staðið að því. Veislusalurinn var búinn fornum voðum, skjaldarmerkjum og öndvegissúlum og brunnu langeldar á gólfi. Hinna fornu guða var minnst, drukkið var full Óðins alföður, Þórs og fleiri norrænna goða og ásynja. Einnig var mælt fyrir minni forfeðranna. Fleiri þorrablót voru haldin, með þessu sniði, af félagasamtökum á þessum tíma svo sumum sannkristnum mönnum þótti nóg um.

### Þorrablótin lifa

Eins og flestir landsmenn vita, þá lifa þorrablótin enn góðu lífi. Sumt breytist þó eðlilega í takt við tímann. Menn gera vel við sig í mat og drykk og haldið er í gamla matarhefð líkt og áður þekktist. Gjarnan er þó boðið upp á nútímalegri mat fyrir þá sem ekki líkar súrmetið. Vegan-og grænmetisætum hefur fjölgað töluvert sl. 100 ár. Sem fyrr, er sönghald í fyrirrúmi og gömlu kvæðin sungin, þ. á m. Þorraþrællinn og Fósturlandsins Freyja og minni karla og kvenna drukkin. Enn er talið sjálfsagt að konur geri vel við bændur sína í upphafi þorra en seinni tíma siður, sem kaupmenn hafa fundið upp, er að gefa blóm í tilefni bóndadagsins.

***Hrefna Bjartmars***

***Helstu heimildir:***
*Árni Björnsson, Saga daganna, 1993; Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II, 1961; Þjóðháttasafn Þjóðminjasafnsins. Skrá 31. Hátíðir og merkisdagar.*



Hér er verið að klippa á borðann þegar nýja viðbyggingin var formlega opnuð en á myndinni má sjá f.v. Egil Sigurðsson, oddvita Ásahrepps, Trausta Runólfsson, íbúa á Lundi, Margréti Ýri Sigurgeirsdóttur, hjúkrunarforstjóra Lundar, Óttar Proppé, heilbrigðisráðherra, Drífu Hjartardóttur, stjórnarformann Lundar, Þóru Þorsteinsdóttur, íbúa á Lundi og Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóra Rangárþings ytra. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

# Átta ný herbergi á Lundi á Hellu

**Það ríkti mikil gleði á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu 27. janúar sl., þegar átta vel búnar hjúkrunaríbúðir í nýrri hjúkrunardeild voru formlega teknar í notkun.**

Nýja hjúkrunardeildin er í nýrri 600 fermetra viðbyggingu sem Smíðandi á Selfossi sá um að byggja af miklum myndarskap.

„Við erum í skýjunum með nýju bygginguna en með henni eiga nú allir íbúar hjúkrunarheimilisins kost á einbýli en deildin er hönnuð með þarfir heilabilaðra að leiðarljósi. Skipulag deildarinnar byggist á viðmiðum velferðarráðuneytisins um hjúkrunarheimili þar sem áhersla er lögð á fámennar hjúkrunareiningar og heimilislegar aðstæður,“ segir Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, hjúkrunarforstjóri á Lundi.

Vígslan var afar hátíðleg en auk ávarpa Óttars Proppé heilbrigðisráðherra fluttu tölu Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og Drífa Hjartardóttir, stjórnarformaður Lundar, en vígslunni stýrði Margrét Ýrr og séra Elína Hrund Kristjánsdóttir í Odda blessaði húsið. Karlakór Rangæinga undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar söng tvö lög við góðar viðtökur.

/MHH


BRIGGS&STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Smáauglýsingar 56-30-300









## Umsókn um orlofsdvöl
## Sumarið 2017

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjaltadal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2017. **Það gildir fyrir félaga í búnaðarsamböndum og/eða búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ – Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 31. mars 2017.**

**Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:**

☐ Orlofsdvöl að Hólum - Tímabilið:

☐ Orlofsdvöl á Flúðum - Tímabilið:

Nafn umsækjanda | Kennitala

Heimilisfang | Símanúmer

Póstnúmer og staður

**Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?**

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning

Umsóknina skal senda fyrir 31. mars nk. rafrænt á *netfangið ho@bondi.is* eða á póstfang Bændasamtaka Íslands: *Bændahöllin v/Hagatorg, 107 Reykjavík,* merkt *Orlofsdvöl sumarið 2017*




UTAN ÚR HEIMI



# Aukið landbúnaðarsamstarf Norðmanna við Kínverja

**Síðastliðin sex ár hefur andað köldu í diplómatísku og pólitísku sambandi milli Norðmanna og Kínverja. Nú vona fleiri samtök og fyrirtæki í þessum geira eftir bættari samskiptum við Kínverja eftir að samband ríkjanna varð eðlilegra á ný í lok síðasta árs.**

Rannsóknarfyrirtæki í landbúnaði fagna þessu skrefi og segir framkvæmdastjóri Norsku stofnunarinnar fyrir lífræna hagkerfið (NIBIO), Nils Vagstad, að þetta geti skipt sköpum fyrir þá og að sambandið geti leitt til þess að löndin verði samstiga í skuldbindingum í málaflokkum sem séu áhugaverðir fyrir bæði löndin.

Eitt af markmiðum kínverskra stjórnvalda er að landið verði gildandi í tækni og rannsóknum í landbúnaði.

Nils segir Kínverjana vera viljuga til að fjárfesta þar sem þeir sjá tengslanet og tækifæri. Hann bendir einnig á að Kínverjarnir séu mjög uppteknir af gæðum vörunnar, hafi úr miklu fjármagni að spila og séu áhugasamir um það sem er framandi. Þetta gæti fært norskum matvælaframleiðendum ný og spennandi tækifæri á risamarkaði.

*/ehg - Bondebladet*

# Auknir fjármunir til lífrænnar kornræktar í Noregi

**Verslanakeðjan REMA 1000, bændaverslunin Felleskjøpet, Norgesmøllene AS og Meistarabakararnir hafa nú komið á fót lífrænum sjóði í Noregi og var stofnféð rúmar 100 milljónir íslenskra króna.**

Markmið sjóðsins er að koma til móts við umframkostnað bænda sem skipta úr hefðbundnum landbúnaði yfir í lífræna kornræktun.

Ferlið við að skipta yfir í lífræna ræktun tekur tíma og framleiðslan fer í gegnum breytingarferli og fyrir bóndann leiðir þetta af sér óöryggi og áskoranir í sölu á afurðum meðan á ferlinu stendur. Sjóðurinn á að tryggja þetta breytingarferli fyrir norska bændur. REMA 1000 er eigandi sjóðsins en dreifing fjármuna verður tekin í sameiningu þeirra sem að sjóðnum koma. Markmiðið er að bændur sem skipta yfir í lífræna ræktun fái breytingartryggingu á sinni framleiðslu. Einnig er hugsunin á bakvið að þróa heildarvirðiskeðju fyrir lífræna kornræktun frá bónda til fullunninna vara í verslunum. Að auki mun verðmunur á lífrænum matvælum og úr hefðbundnum landbúnaði minnka án þess að bóndinn, kornmyllan eða kaupmaðurinn tapi á því.

„Við finnum fyrir auknum áhuga á lífrænum matvælum og þess vegna viljum við gera aðgengi neytenda að þeim betri. Með sjóðnum tökum við saman stórt skref í lífræna átt sem við teljum að geti sett frekari kraft í framleiðsluna hér í landi,“ segir Lars Kristian Lindberg, framkvæmdastjóri deilda- og innkaupa hjá REMA 1000.

*/ehg - Samvirket*



Lýðheilsa:

# Alvarleg tilfelli af fuglaflensu á Bretlandseyjum

**Nokkur alvarleg tilfelli af fuglaflensum af völdum H5NB veirusýkingar hafa komið upp á Bretlandseyjum frá síðustu áramótum. Verulegar líkur eru á að fuglaflensan breiðist út til annarra landa í Evrópu með vorinu.**

Ríflega 10.000 fasanar í Lancashire á Bretlandseyjum hafa undanfarna daga greinst með veirusýkingu sem kallast H5NB og veldur fuglaflensu.

Sýkingarinnar varð vart við hefðbundna læknisskoðun fuglanna og hefur þeim öllum verið fargað.

Í janúar síðastliðnum kom upp H5NB veirusýking í kalkúnaeldi í Lincolnshire og þá var ríflega 6.000 fuglum fargað, annað tilfelli í kjúklingi í Welsh og enn annað tilfelli í Doset.

Talið er að veira berist í alifugla með farfuglum og komið hefur til tals að banna útiveru alifugla á þeim árstímum sem far villtra fugla er mest.

*/VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Hvergi í heiminum er hærra hlutfall innveginnar mjólkur frá kúm fengið með aðstoð mjaltaþjóna en á Íslandi. Ekki er annað að sjá en að íslenskar kýr kunni ágætlega að meta þessi furðutæki og eru fljótar að læra að nýta þau.

# Íslensk mjaltaþjónabú setja aftur heimsmet

## - Hlutfall innvigtaðrar mjólkur frá mjólkurþjónabúum komið í 41,8%

**Nú liggur fyrir uppgjör ársins 2016 um mjólkurframleiðslu kúabúa með mjaltaþjóna en uppgjör sem þetta hefur hingað til verið gert annað hvert ár, en nú hefur verið gerð sú breyting á að uppgjörið er gert árlega þar sem útbreiðsla mjaltaþjóna er orðin mjög mikil á Íslandi.**




Alls voru um áramótin 150 kúabú með mjaltaþjóna í notkun, en árið 2015 voru þau 135 og voru þessi 150 kúabú með alls 188 mjaltaþjóna sem er fjölgun um 23 mjaltaþjóna á einu ári. Enn einu sinni var sett nýtt met þegar horft er til innvigtunar mjólkur frá mjaltaþjónabúum en hlutfallið fór úr 37,2% árið 2015 í 41,8% árið 2016 og er þetta hlutfall það hæsta sem vitað er um í heiminum en Ísland hefur setið á þessu heimsmeti nú í tvö ár í röð. Á nýliðnu ári voru þrjár tegundir mjaltaþjóna hér á landi þ.e. GEA, Lely og DeLaval.

### *41,8% mjólkurinnar*

Undanfarin ár hefur hlutfall mjólkur frá mjaltaþjónabúum aukist jafnt og þétt og alls nam innvigtun frá þessum búum 62,8 milljónum lítra á síðasta ári. Það ár var heildarinnvigtunin hér á landi 150,3 milljónir lítra og stóðu mjaltaþjónabúin því undir 41,8% allrar innveginnar mjólkur hér á landi. Þetta hlutfall er einnig það hæsta sem vitað er um í heiminum. Aukningin á innvigtuninni frá mjaltaþjónabúum landsins var alls 6,5 milljónir lítra á síðasta ári eða sem nemur 15,7% á einu ári.

### *Hvert bú með 418 þúsund lítra að jafnaði*

Að jafnaði var hvert mjaltaþjónabú að leggja inn 418 þúsund lítra á síðasta ári en til samanburðar má geta þess að önnur bú á landinu lögðu inn að jafnaði 181 þúsund lítra. Munurinn eru 238 þúsund lítrar sem er töluverð aukning á milli ára.

Bilið í bústærð er því að aukast töluvert og eru mjaltaþjónabúin nú að jafnaði 2,3 sinnum stærri en bú sem nota hefðbundna mjaltatækni. Árið 2015 var þessi munur minni, en þá lögðu mjaltaþjónabúin inn að jafnaði 403 þúsund lítra og önnur bú 190 þúsund lítra.

### *Tvö bú með meira en 500 þúsund lítra*

Árið 2016 var hvert mjaltaþjónabú með að meðaltali 1,25 mjaltaþjóna (118 bú með 1 mjaltaþjón, 27 bú með 2 mjaltaþjóna, 4 bú með 3 mjaltaþjóna og 1 bú með 4 mjaltaþjóna).

Innvigtunin frá hverjum mjaltaþjóni var að jafnaði 334 þúsund lítrar á síðasta ári sem er aukning á milli ára um 5 þúsund lítra.

Þó svo að um aukningu sé að ræða er dagljóst að nýtingu mjaltaþjóna hér á landi má stórbæta enda afar mikill munur á milli búanna þegar horft er til innvigtunar frá hverjum mjaltaþjóni að jafnaði.

Árið 2015 var sett nýtt Íslandsmet þegar mesta mælda innvigtun frá einum DeLaval mjaltaþjóni fór í 541.053 lítra og komst ekki neinn mjaltaþjónn nálægt þessu meti í fyrra.

Afurðahæsti mjaltaþjónn landsins var að þessu sinni Lely mjaltaþjónn með 514 þúsund lítra og næstur honum kom DeLaval mjaltaþjónn með 507 þúsund lítra. Fleiri mjaltaþjónar rufu ekki 500 þúsund lítra múrinn í fyrra en alls voru 14 bú sem lögðu inn meira en 450 þúsund lítra eftir hvern mjaltaþjón og er það nýtt met. Áður höfðu mest 10 bú náð þessum árangri. Þess má geta að öll þessi bú voru með einn mjaltaþjón hvert.

Árið 2015 voru 22,4% mjaltaþjónanna sem skiluðu meira en 400 þúsund lítrum í afurðastöð en síðastliðið ár voru það 26,7% svo ljóst er að nýting mjaltaþjónanna er að batna ár frá ári. Af þeim 40 kúabúum sem lögðu inn meira en 400 þúsund lítra eftir hvern mjaltaþjón voru einungis tvö þeirra með 2 mjaltaþjóna.

### *Enn má auka nýtinguna*

Ef horft er til hámarksframleiðslugetu miðað við innlagða mjólk frá hverjum mjaltaþjóni árið 2016 mætti fræðilega séð auka framleiðslu mjaltaþjónabúanna í 96,7 milljónir lítra án a.m.k. nýfjárfestinga í mjaltatækninni sem slíkri, en auðvitað þyrftu aðrar aðstæður einnig að vera til staðar. Í raun svarar þetta til þess að nýting mjaltatækjanna í dag nemi um 64,4% sé horft til afurðasemi þess mjaltaþjóns sem mestu skilar á landinu öllu. Þetta hlutfall ætti að geta farið í um 70% en auðvitað er óraunhæft að ætla öllum að ná sama árangri við framleiðslu.

### *92,9% innvigtunarhlutfall*

Þegar skoðaðar eru niðurstöður skýrsluhalds Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og þær bornar saman við skráningar búa með mjaltaþjóna

kemur í ljós að af þessum 150 búum taka 141 þeirra þátt í skýrsluhaldinu eða 94% sem er svipað og hefur verið undanfarin ár. Það vekur alltaf furðu þegar þetta hlutfall er skoðað, að allir notfæri sér ekki tölvutæknina betur og taki þátt í hinu sameiginlega skýrsluhald.

Uppbygging mjaltaþjónanna er þannig að öllum skýrsluhaldsupplýsingum þarf hvort sem er að halda til haga, svo það sem á vantar er nánast einungis að taka kýrsýnin.

Sé horft til þeirra búa sem eru með í skýrsluhaldinu þá kemur í ljós að meðalnýtingarhlutfall þessara búa, þ.e. innvegið mjólkurmagn miðað við reiknaða skýrsluhaldsnyt, var 92,9% á liðnu ári. Er það nokkuð undir væntingum um innvigtunarhlutfall mjólkur sem oftar en ekki hefur verið í kringum 94-95% miðað við eðlileg afföll auk heimanota mjólkur bæði til kálfa og heimilis. Á þessu geta þó verið ótal skýringar sem ekki verður reynt að fara nánar út í hér. Á það hefur áður verið bent að svo virðist sem mjaltaþjónarnir mæli ekki alltaf rétt. Eitthvað sem er afar einfalt að kanna með því einfaldlega að bera saman þriggja daga innvigtunina og bæta við frátökumjólk og heimanotum. Samtalan á einfaldlega að passa við þá tölu sem mjaltaþjónninn telur að hafi verið mjólkað á sama tíma.

Nokkur bú víkja verulega frá hinni reiknuðu framleiðslu og alls lögðu t.d. 14 bú inn mun meiri mjólk en þau hefðu getað framleitt samkvæmt skýrsluhaldinu og 20 bú til viðbótar lögðu inn svo hátt hlutfall mjólkurinnar að það bendir til þess að mjólkurmælarnir mæli of lítið, þ.e. raunnyt kúnna er meiri en skýrsluhaldsupplýsingarnar benda til. Rétt er að minna á að það er óhemju mikilvægt að allir kúabændur, óháð þeirri mjaltatækni sem er notuð við mjaltir, fylgist sjálfir vel með því að skýrsluhaldsnytin haldist vel í hendur við






innlagðar afurðir. Enda er fóðurgjöf miðuð við afurðasemi kúnna og séu afurðirnar ranglega metnar, verður t.d. kjarnfóðurskömmtunin kolröng.

### *69 árskýr á hverju mjaltaþjónabúi*

Alls voru 10.342 árskýr á mjaltaþjónabúum landsins árið 2016 eða sem svarar til 69 árskúm að jafnaði á hverju mjaltaþjónabúi og að jafnaði 55 kýr á hvern mjaltaþjón. Þetta eru heldur færri árskýr á hvert mjaltaþjón en árið 2015 þegar þessi fjöldi var 57,1. Bendir þetta til þess að þónokkur fjöldi búa sé að byggja upp bústofn sinn eftir skipti yfir í mjaltaþjónatæknina

### *6.596 kg að meðaltali*

Líkt og vænta má er meðalnyt kúabúa með mjaltaþjóna nokkuð hærri en annarra búa hér á landi en skýringin felst m.a. í tíðari mjöltum og virkara framleiðslustýringarkerfi. Í því uppgjöri sem þessi úttekt nær til var notast við skýrsluhaldsupplýsingar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins fyrir síðastliðið ár.

Þegar búið er að draga skýrsluhaldsafurðir kúa mjaltaþjónabúa frá afurðum kúa á öðrum búum er meðalnyt kúa annarra búa 5.829 kg en meðalnyt kúa mjaltaþjónabúanna 6.596 kg. Munar þarna 11,6% á milli þessara ólíku fjósgerða og ólíku mjaltatækni sem notuð er og sem skýra má sem fyrr segir bæði með tíðari mjöltum og góðri bústjórn.

### *6 bú með frumutölu lægri en 150 þúsund*

Þegar horft er til mjólkurgæða frá búum með mjaltaþjóna eru mun færri bú með lága frumutölu en vænta mætti. Margfeldismeðaltal frumutölu allra 150 búanna var 248.054 sem er því miður veruleg hækkun frá því árið 2015 þegar hún var 242.358. Ekki nema 6 bú voru með frumutölu sem var lægri en 150 þúsund að meðaltali og lögðu 2 af þessum búum inn meira en 400 þúsund lítra. Ekki nema 36 bú af 150 náðu því að vera með frumutöluna að jafnaði undir 200 þúsundum á síðasta ári.

Þá voru 33 bú með hærri frumutölu en 300 þúsund sem er auðvitað allt of há frumutala og óásættanleg fyrir alla kúabændur, enda dregur það úr afurðasemi kúnna auk þess sem mikill kostnaður fylgir hárri frumutölu að jafnaði.

Eins og sjá má af tölunum hér að ofan eru til fjöldamörg bú sem geta framleitt mjólk með mjaltaþjóni og frumutölu sem er lægri en 150 þúsund svo það ætti að vera hvati til þess að gera betur. Svo til enginn munur var á frumutölunni eftir því hvaða tegund mjaltaþjóns var notuð, svo dagljóst er að hægt er að ná góðum árangri óháð því hvaða tegund mjaltaþjóns er notuð.

### *30 bú með meðaltal líftölu lægri en 20 þúsund*

Það hefur lengi loðað við mjaltaþjónatæknina að líftalan eigi það til að vera of há en að vera með líftölu sem er í hærra lagi er þó ekki lögmál og voru t.d. 30 kúabú með líftölu að jafnaði sem var lægri en 20 þúsund/ml á síðasta ári og þar af voru einnig bú með fleiri en einn mjaltaþjón. Þá voru 8 mjaltaþjónabú með lægri líftölu að meðaltali en 15 þúsund/ml og sýnir að það er vel hægt með góðri bústjórn að vera með lága líftölu þrátt fyrir að vera með mjaltaþjón.

Á hinn bóginn voru einnig allt of mörg bú með líftölu sem var hærri en 50 þúsund/ml eða alls 27 bú. Rétt er að minna á að þessi bú nota nákvæmlega sömu tækni og búin sem eru á hinum enda listans og því dagljóst að það eru til bæði tæknilegar og bústjórnarlegar lausnir sem geta komið bændum á of háa líftölu á mjaltaþjónabúi.

*Samantekt þessi byggir á upplýsingum frá Auðhumlu og Mjólkurafurðastöð KS auk þess sem notuð voru gögn sem aflað var hjá Bústólpa, VB landbúnaði, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Bændasamtökum Íslands.*

**Snorri Sigurðsson**
*sns@seges.dk*
*Sviðsstjóri mjólkurgæðasviðs Dýralækninga- og gæðadeild SEGES í Danmörku*

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300 – Næsta blað kemur út 23. febrúar



Á FAGLEGUM NÓTUM

# Einkorna áburður tryggir jafna dreifingu næringarefna


Unnsteinn Snorri Snorrason
Syðstu-Fossum
unsnsn@gmail.com

**Vanda þarf til verka svo að áburðardreifingin verði sem jöfnust. Mikill breytileiki í dreifingunni gerir það að verkum að hluti túnsins fær of lítinn áburð, sem dregur úr uppskeru, og hluti túnsins fær of mikinn áburð. Í þeim tilvikum sem hluti túnsins fær of mikinn áburð getur nýting hans orðið mjög takmörkuð, sérstaklega þegar borinn er á hámarks áburðarskammtur.**

Áburðardreifarinn, gerð hans og stilling ásamt veðurfari ráða miklu um gæði áburðardreifingarinnar. Allt eru þetta þættir sem hægt er að hafa nokkra stjórn á þegar kemur að dreifingunni. Í það minnsta er hægt að velja þá daga sem veðurfar er líklegt til að hafa sem minnst áhrif á dreifinguna og síðan fylgja leiðbeiningum um stillingu áburðardreifarans eins og kostur er.

Það er nokkuð sama hvaða rannsóknir við lesum varðandi dreifigæði áburðar. Dreifigæði einkorna áburðar eru alltaf meiri en fjölkorna áburðar. En hvers virði eru þessi auknu dreifigæði? Sá samanburður er ekki einfaldur. Hér skiptir máli hverskonar uppskeru um ræðir. Bygg er t.d. frekar viðkvæmt fyrir röngum áburðarskömmtum einkum vegna þess að of hár skammtur köfnunarefnis getur tafið fyrir þroska og aukið hættu á því að akurinn fari í legu.

Eftir því sem vinnslubreidd áburðardreifara verður meiri þeim mun ríkari kröfur verður að gera til gæða áburðarins. Hér skiptir mestu máli jöfn kornastærð og styrkleiki korna. Ef áburðargæðin eru mjög léleg þá geta kornin einfaldlega molnað þegar þau kastast af dreifiskýfunni. Þá þyrlast upp ryk fyrir aftan áburðardreifann og engin leið er að segja til um hvernig áburðurinn dreifist eða hvort hann nýtist yfir höfuð.




Virkt upptökusvæði næringarefna hjá grösum er ekki meira en sem nemur 4-8 cm þvermáli hrings út frá plöntunni. Hér er auðvitað hægt að finna nokkurn breytileika sem skýrist af mismunandi eiginleikum grasa, jarðvegsgerð og rakastigi. Það gefur því auga leið að það skiptir öllu máli að dreifing áburðar sé vönduð til að tryggja jafnt aðgengi allra næringarefna.

Efir því sem áburðarskammturinn minnkar þeim mun meiri hætta er á því að ójöfn dreifing næringarefna komi niður á uppskerunni. Einfaldlega vegna þess að það verður lengra á milli áburðarkornanna. Sérstaklega á þetta við um næringarefni sem borið er á í litlu magni, eins og selen. Við hefðbundinn túnskammt þar sem borin eru á 500 kg/ha af áburði, sem inniheldur 0,0015% Se, er selen magnið aðeins 7,5 g/ha. Innan virks upptökusvæðis hverrar plöntu eru því aðeins 0,0021 mg selen. Selen er því nánast ómögulegt að bera á, þannig að viðunandi dreifigæði nást, nema að það sé að finna í öllum áburðarkornum.

Bestu dreifingu næringarefna náum við með einkorna áburði. Einkorna áburður er alltaf dýrari í framleiðslu og innkaupum en fjölkorna áburður. Sá munur skilar sér hins vegar tilbaka með ýmsum hætti. Meðal annars í aukinni og jafnari uppskeru sem næst með jafnari dreifingar næringarefna og ekki síður þeirri staðreynd að gæði einkorna áburðar tryggja það að í honum er minna ryk og kögglar sem síðan gerir það að verkum að auðveldara er að vinna með hann.

***Heimildir:***


- *Anvendelse af mekanisk blandede gødning. 2015. Farmtest maskiner og plantalv nr. 140. SEGES.*
- *Horrell, R., Metherell, A.K., Ford, S., Doscher, C., (1999). Fertiliser evenness - losses and costs: a study on the economic benefits of uniform applications of fertiliser. Proceedings of the New Zealand Grassland Association 61: 215–220.*
- *H. G. Lawrence & I. J. Yule (2007) Estimation of the in field variation in fertiliser application, New Zealand Journal of Agricultural Research, 50:1, 25-32,*
- *Lundin G & Rydberg A. 2010 Jämn fördelning av konstgödsel och kalk JTI-rapport 391*





# Fjallskil

**Umræða um fjallskil og smalanir hefur verið nokkur upp á síðkastið, aðallega á bændasíðum Facebook. Þessi mál hafa þróast mjög á verri veg síðustu ár og er þar sennilega fyrst og fremst um að kenna færra fólki til sveita og bættu tíðarfari.**

Þetta er hins vegar ekki staða sem hægt er að una við og verður að gera átak í að laga.

Það eru fyrst og fremst bændur sem eiga að sjá sjálfir um að þessi mál séu í lagi. Það getur aldrei raunverulega orðið á ábyrgð einnhverra annarra að þessu sé sinnt með viðunandi hætti. Þó svo að sveitarfélögin beri hina lögformlegu ábyrgð þá ætti hún að einskorðast við að grípa inn í þar sem málin eru í algjörum ólestri. Enda er það svo eftir sameiningu sveitarfélaga að það er víða afar takmörkuð þekking á þessum málum hjá stjórnendum sveitarfélaga, og áhuginn oft á tíðum enn minni. Samtök bænda, hverju nafni sem þau nefnast, sinna þessum málum einnig, eftir því sem við á, og má minna á ályktun frá Búnaðarþingi 2016 um málið. Það hefur líka verið reynt að liðsinna mönnum eftir því sem hægt er af starfsmönnum BÍ. Þar er vert að nefna sérstaklega þátt Ólafs Dýrmundssonar, fyrrverandi starfsmanns BÍ, sem sinnti þessu með ýmsum hætti meðan hann var starfandi.

Framkvæmd þessara mála er með nokkuð misjöfnum hætti á milli héraða en þar sem menn eru í þeirri stöðu að vera að fara ferðir til fjalla jafnvel langt fram á þorra eða góu og koma með tugi fjár með sér heim, er nauðsynlegt að staldra við og finna leiðir til úrbóta. Við eigum ekki að una því að fé sé í stórum stíl á útigangi langt fram eftir vetri. Það er dýravelferðarmál.



Einar Ófeigur Björnsson.

Það felst í því ábyrgð að eiga skepnur. Eitt af því sem tilheyrir því að vera fjárbóndi er að menn tryggi sínum bústofni fóður og skjól. Í því felst að kindur eiga að vera undir manna höndum yfir veturinn. Það getur engin yfirtekið þessar skyldur bóndans.

***Einar Ófeigur Björnsson***
*sauðfjárbóndi og stjórnarmaður í BÍ*

DEKKJASALA AKUREYRAR

## Úrval hjólbarða á betra verði

**Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.**



Vinnu- og dráttarvéladekk



Double Star Jeppadekk 35x12,5x15

**20%**

**afsláttur af öllum dekkjum til 15. mars 2017**



Double Star vörbíladekk

MOTUL Smurþjónusta

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350



praxis ...Þegar þú vilt þægindi

Eigum mikið úrval af fatnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir.
Gerum verðtilboð.
Úrval af bómullarbolum.





Nýr vörulisti kominn í hús

Pantið lista á praxis.is eða í síma 568 2870

Gæða-vara

Eftir 20. febrúar verður verður opnunartíminn:
Mán. og mið. kl. 11.00–18.00,
fim. kl. 15.00–18.00.

Vetrarfrí, lokað 13.-17. febrúar

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870
www.friendtex.is • www.praxis.is





## KJÖTVINNSLUVÉLAR

Eigum ennþá nokkrar kjötvinnsluvélar til á lager: Kjötsagir, hakkavélar, hamborgarapressu, bjúgnagerðarvél, og vacumpökkunarvélar.





## Plastgrindur fyrir fjárhús

Eigum til á lager plastgrindur fyrir fjárhús

Allar nánari upplýsingar í síma 897-3290 eða á email: haukur@samleid.is

SAMLEIÐ

**Samleið ehf, Sunnubraut 2, 620 Dalvík**



## Steinullar Yleiningar

**Fjölbreytt litaúrval, stuttur afgreiðslutími**





STRÚKTÚR

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |





VÉLABÁSINN

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Fiat Panda Cross fjórhjóladrifinn smábíll



| Helstu mál og upplýsingar | |
|---|---|
| Þyngd | 1.165 kg |
| Hæð | 1.660 mm |
| Breidd | 1.640 mm |
| Lengd | 3.700mm |
| Bensíntankur | 37 lítrar |

Fiat Panda Cross.

Myndir / HLJ



Léttur bíllinn og fjórhjóladrifinn er hann glettilega góður í snjó.



Margir álitlegir bílar voru á frumsýningunni hjá Ís-Band síðustu helgina í janúar.



Ekkert meira af tökkum en nauðsynlega þarf. Átti það til að klikka á að renna bílnum úr 1 í bakk þegar ég var að skaka í snjónum, en vandist fljótt.



Miðað við mína reynslu þá eru þessir krókar óþarfir, en samt eru þeir á góðum stað þegar þarf að nota þá.

**Laugardaginn 28. janúar var Íslensk-Bandaríska ehf. (oftast nefnt Ís-Band) með stórsýningu á nýjum Fiat og Jeep bílum í Mosfellsbæ.**

Það var fjöldi gesta að prófa bíla hjá þeim og var ég meðal þeirra. Bíllinn sem ég prófaði var fjórhjóladrifinn Fiat Panda Cross, tveggja strokka bíll með 900cc. vél sem skilar 90 hestöflum.

### *Þarf mikið til að festa bílinn í snjó ef farið er rólega*

Prufuaksturinn hjá mér var óvenju stuttur í kílómetrum, en alls ók ég bílnum rétt tæpa 100 km á meðalhraða upp á 37 km á klukkustund (mest innanbæjar og slóðaakstur í þæfingssnjó).

Að keyra svona léttan og fjórhjóladrifinn bíl í snjó er svolítið sérstakt. Mér fannst hreint ótrúlegt hvað hægt var að komast á bílnum í snjó og þrátt fyrir einbeittan brotavilja í að festa mig í snjónum tókst mér alltaf að rugga bílnum lausum og halda áfram. Tveggja strokka 900cc. vélin hefur ekki mikið tog til að lulla sér áfram í snjónum og fyrir vikið stoppaði bíllinn alltaf mátulega þegar maður var við það að festa sig (spurning um hvort þetta sé kostur eða ókostur). Í hvert sinn sem ég stoppaði þurfti bara að bakka aðeins og byrja upp á nýtt og þá komst maður alltaf aðeins lengra.

Eftir snjóæfingarnar prófaði ég bílinn á holóttum malarvegi og þrátt fyrir að bíllinn sé bæði léttur og stuttur fannst mér glettilega gott að keyra hann á holóttum veginum. Fjöðrunin er ekkert rosa löng, en er að skila vel sínu hlutverki þar sem maður finnur lítið fyrir holum inn í bílinn.

### *Sérstakt hljóð í tveggja strokka vélinni*

Uppgefin eyðsla á Fiat Panda Cross í blönduðum akstri er 4,9 lítrar á hundraðið, en sennilega er erfitt að ná þeirri eyðslu á blönduðu eldsneyti með etanóli eins og er á flestum bensínsölustöðum. Næstum allir bensínbílar eyða töluvert meiru eldsneyti á etanólblönduðu eldsneyti og þá sérstaklega litlir mótorar, en eyðslan fer oft upp um 0,5–2 lítra á hverja ekna 100 km á íblönduðu bensíni.



Ekki sáttur, skráður fyrir þrjá aftur í, en hentar bara fyrir tvo meðal Íslendinga eða 3 börn undir 12 ára.

Bíllinn var prófaður á vegslóða í töluverðum snjó, nokkrar brekkur og mikið af beygjum var á slóðanum þannig að ég var mest í fyrsta eða öðrum gír, skakandi bílnum fram og aftur í sköflum. Þegar ég skilaði bílnum hafði ég ekið 97 km og meðaleyðsla mín var 8,4 á hundraðið. Mér fannst það lítil eyðsla miðað við hvað ég hafði verið að gera á bílnum.

Lítil tveggja strokka vélin gefur lítið tog og þarf helst að skipta um gír áður en maður kemur að brekku til að halda ferðinni sem þýðir að vélin þarf helst að vera á góðum snúning og að snúa mikið tveggja strokka vél finnst örugglega mörgum að vélin gefi frá sér sérstakt hljóð. Mín eyðsla var því töluvert langt frá uppgefinni eyðslu, en samt minni en ég hefði haldið að hann hefði átt að eyða við það sem ég var að gera.



Í lítrum talið er farangursrýmið ekki stórt, en virkar stórt fyrir augað og ef teppið er fjarlægt blasir við varadekksaumingin.

### *Vél, drifbúnaður og ýmislegt annað*

Fimm ára ábyrgð er á öllum Fiat bílum, en Fiat Panda 4X4 er á verði frá 2.890.000, en bíllinn sem prófaður var heitir Cross og kostar 2.990.000. Tveggja strokka bensínvélin er 900cc. og á að skila 90 hestöflum, sex gíra beinskiptur.

Í Cross bílnum er takki til að bæta aksturseiginleika í torfærum sem er tregðulæsing, einnig er sérstök stilling til að fara niður mjög brattar brekkur sem virkar eins og bremsa þegar farið er niður. Það hindrar að vélin fari upp á snúning og gefur betra grip á hjólin niður mikinn bratta.

Farangursrými er 225 lítrar með sætin uppi, varadekkið er það sem ég kalla aumingi.

Sætin frammi í bílnum eru góð, en það er óþægilega þröngt fyrir þrjá fullorðna í aftursætunum. Persónulega hefði mér fundist nóg að þessi bíll væri skráður fyrir fjóra en ekki fimm eins og hann er. Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um Fiat á vefsíðunni www.isband.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



## Hversu hreint er íslenskt grænmeti?

# Hugsar fólk almennt um hvað það er að borða?

**Íslendingar geta verið stoltir af nánast öllum mat sem framleiddur er á landinu sökum hreinleika við framleiðslu.**

Miðað við það sem komið hefur fram í fjölmiðlum um lyfjanotkun í kjötframleiðslu erlendis ætti maður ekki að borða neitt annað kjöt en það kjöt sem framleitt er hér á landi. Allavega er ég mikill aðdáandi lambakjöts enda er lambakjöt fyrir mér það kjöt sem næst kemst villibráð, en nánast engin lömb fá nein lyf á lífsleiðinni fyrir utan hluta af töflu strax við fæðingu sem á að styrkja meltinguna.

*Grænmeti og fóður*

Fyrir nokkru heyrði ég á tal manna sem voru að tala um mat á villibráðarkvöldi. Umræðuefnið var gæsir og veltu þeir fyrir sér hvort gæsakjöt væri eins hreint og af er látið. Vetrardvalasvæði gæsa væru akrar og svæði sem hugsanlega hafi verið eitruð með skordýraeitri og hvaða áhrif þetta hefði á kjötið. Ekki veit ég frekar en þeir hvort þetta hefur áhrif á kjötið né hvort gæsir á vetrarstöðum séu að nærast á ökrum sem hafa verið eitraðir. Ekki veit ég til þess að hér á landi sé eitur notað þar sem verið er að rækta skepnufóður, en eitthvað er um að fólk eitri matjurtagarða sína og margir eitra runna og blómagarða sína til að verjast grasmaðki.

Einhver hefur ástæðan verið fyrir breyttri reglugerð í Ameríku.

*Eitthvað lítið um upprunavottorð á fersku innfluttu grænmeti*

Oft má sjá og heyra auglýsingar um nýtt og ferskt innflutt grænmeti. Þegar maður fer í búð er ekkert sem stendur á vörunni um í hvaða ferli grænmetið hefur verið í framleiðslunni né hvort eitrað hafi verið í vöruna við framleiðsluna. Allavega sá ég fyrir nokkru á prenti þar sem verið var að tala um innfluttar paprikur að í rannsókn sem gerð hafi verið á paprikum í Danmörku hafi magn eiturs verið töluvert yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum.

*Ástæða þótti að endurskoða reglugerð í Ameríku*

Frá 1992 hefur verið í gildi nánast óbreytt reglugerð um eitranir á ræktuðu landi í Ameríku, en síðastliðið ár hefur heilbrigðiseftirlitið þar í landi verið að endurskoða alla reglugerðina (United States Environmental Protection Agency). Ekki kemur fram í fréttatilkynningunni um nýju reglurnar, sem tóku gildi nú í janúar 2017, hvers vegna var farið í þessar reglubreytingar, en þegar fyrri reglugerð var skoðuð er greinilegt að þörf var á að skerpa á reglunum.

Sem dæmi er nú í nýju reglunum börnum undir 18 ára aldri bannað að vinna við eitranir, merkingar á nýlega eitruðum ökrum þurfa að vera vel sjáanlegar, hlífðarklæðnaður þarf að vera að vissri gerð og staðli ásamt gleraugum o.fl. Ekkert af þessu ofantöldu var í gömlu reglugerðinni og greinilegt miðað við orðalag að eitthvað hefur gerst sem kallaði á þessar breytingar í löggjöfinni.

Í framhaldi af þessum hugleiðingum og vaxandi fjölda fólks sem borðar mikið grænmeti var mér hugsað til þess hvort einhverjar reglur eru um notkun eiturs við íslenska framleiðslu á grænmeti og hvort samanburður hafi verið gerður neytendum til upplýsinga um muninn á íslensku grænmeti og erlendu.



Við getum verið stolt af íslenskri kjötframleiðslu, en hvernig stöndum við í grænmetinu?

# Hidromek traktorsgrafa

**Í Bændablaðinu fyrir nokkru rak ég augun í auglýsingu um nýja traktorsgröfu frá Þór. Ég renndi við í Þór fyrsta daginn sem smá snjóföl kom á götur Reykjavíkur og var þá Bjarki, sölumaður vinnuvéla hjá Þór, að skafa snjófölina af bílaplaninu á vélinni.**

Í auglýsingunni í Bændablaðinu var m.a. sagt að vélin væri með öflugu vökvakerfi, hraðtengjum að framan og aftan, fjórhjólastýringu, stóru vönduðu húsi og fleiru. Ég fór inn í vélina og var með Bjarka og var í vélinni í smástund á meðan hann var að skafa planið.

Að sjá og finna er þessi vél lipur og þægileg til snjómoksturs, en að vera þarna inni í stýrishúsinu fann ég að ökumannshúsið er ekki bara vandað.

Ég hef unnið við snjómokstur á mörgum gröfum og þetta stýrishús er eitthvert það hljóðlátasta sem ég hef komið inn í. Eftir þessi stuttu kynni af vélinni tel ég að Hidromek sé fullkomlega samkeppnisfær við aðrar vélar sem eru fáanlegar hér á markaði.

Það eina sem mér láðist var að spyrja um verð, en miðað við móttökurnar sem ég hef alltaf fengið hjá Þór h/f er ég viss um að Bjarki sölumaður tekur vel á móti áhugasömum „vélardellumönnum" eins og mér.




# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

## Bærinn okkar



**Við tókum við ábúð á jörðinni 1. febrúar 2011. Föðurbróðir Lindu og fjölskylda hans bjuggu á jörðinni á undan okkur og voru með loðdýr og um 100 kindur.**

Foreldrar Lindu búa á bænum Teigaseli 1 sem er næsti bær innan við Teigasel 2.

Linda Björk er húsasmiður og búfræðingur frá Hvanneyri og Jón Björgvin er þúsundþjalasmiður.

Loðdýrahúsin í heild eru um 3.500 fermetrar. Haustið 2011 innréttuðum við eitt refahúsið sem fjárhús og einungruðum loftið á því húsi 2012. Við nýtum öll húsin eitthvað en nýtingin mætti vera betri. Gömlu fjárhúsin eru eingöngu notuð sem sauðburðarhús.

**Býli:** Teigasel 2.

**Staðsett í sveit:** Jökuldal, Fljótsdalshéraði.

**Ábúendur:** Jón Björgvin Vernharðsson og Linda Björk Kjartansdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum þrjú börn: Heiðdísi Jöklu (5 ára), Snærúnu Hröfnu (3 ára) og Fannar Tind (1 árs) og svo eru hundurinn Tríton og kötturinn Búi.

**Stærð jarðar?** Jörðin er um 1.110 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með rétt rúmlega 500 kindur á vetrarfóðrum og einnig erum við með nokkrar endur.



**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það er nú eiginlega ekki til „hefðbundinn vinnudagur" í sveitinni. En á veturna eru gjafir kvölds og morgna og ýmislegt gert milli gjafa.

Á haustin er Jón Björgvin að vinna í hlutastarfi við fjárkeyrslu í sláturhús og eftir það tekur við rúningur fram í desember og svo snoðrúningur í mars. Linda Björk sér að mestu leyti um gjafir yfir rúningsverktíðina ásamt því að annast börnin og heimilið.

Anna Birna, móðir Jóns, er hjá okkur á sauðburði. Einnig eigum við góða að í göngum og réttum á haustin, sem er alveg ómetanlegt.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemtilegasta sem við gerum er sauðburður og heyskapur, sem er í samvinnu við foreldra Lindu – og svo fjárrag á haustin.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við verðum með svipaðan fjárfjölda og stefnum á að bæta húsakost og aðstöðu ásamt því að laga og stækka girðingar. Einnig að vera búin að bæta tré- og járnsmíðaaðstöðuna í aðstöðuhúsunum.






**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Bændaforystan og félagsmál bænda eru bændum afar mikilvæg.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Á maður ekki að vera bjartsýnn og spá að landbúnaði muni vegna betur en nokkurn tímann áður?

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Góð sala á íslenskum búvörum hér á landi til erlendra ferðamanna er góð auglýsing fyrir erlenda markaði. Ásamt mörgu öðru.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, smjör og pítusósa.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Ærfille, hrísgrjónagrautur og lambalæri.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það sem kemur efst í huga núna er þegar við einangruðum þakið á fjárhúsunum og losnuðum við hélulekann og þegar við fengum afrúllarann.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Linsoðið egg, íslensk rækja og heimalagað majónes

**Egg eru úrvalsfæða og má nýta sem próteingjafa. Þá er sniðugt að gera smurt brauð sem er passleg magafylli án þess að tæma budduna, því brauðið kemur á móti minni skammti af próteini.**

Æskilegt er að nota gott brauð, helst danskt súrdeigs-rúgbrauð.

### Heimalagað majónes

- 70 g eggjarauða
- 20 g Dijon-sinnep
- 7 g salt
- 120 ml hvítvínsedik eða eplaedik
- 3 dl bragðlítil olía
- 400 ml kaldpressuð repjuolía (fæst nú íslensk)

Þessi uppskrift er stór og er passlegt að gera hálfa uppskrift nema fólk vilji eiga alvöru majónes í kælinum, geymist ágætlega við rétta kælingu.

**Aðferð**

Setjið eggjarauður, sinnep, salt og edik í skál og hrærið vel saman í 30 sekúndur. Svo er olíunni hellt í mjórri bunu saman við og þeytt áfram þar til majónesið hefur þykknað. Setjið majónesið í krukku með loki og geymið í ísskáp (og þá eigið þið majónes án aukaefna og með hollri íslenskri fitu).



### Smurbrauð með stökku kjúklingaskinni og rækju

- 100 g kjúklingaskinn
- salt
- 4 egg
- 4 sneiðar af góðu kornrúgbrauði
- smjör fyrir brauðið
- 200 g rækjur
- salt og pipar
- grænar kryddjurtir að eigin vali til skrauts

**Aðferð fyrir stökkt kjúklingaskinn**

Takið kjúklingaskinn af læri, og fjarlægið umfram fitu. Setjið á smjörpappír og kryddið létt með salti. Bakið í ofni við 160 gráður í eina klukkustund. Athugið að skinnið er mjög brothætt.

Sjóðið egg eftir smekk. Eggjarauðan má vera blaut og þá tekur suðan um 5–7 mínútur. Kælið eggin í köldu vatni og skerið í helminga. Setjið smjör á brauðið, svo áleggið (eggið) og því næst majónes þar ofan á. Bætið rækjum við og skreytið með kjúklingaskinni og grænum kryddjurtum að eigin vali.



### Smurt brauð með kartöflum, dilli, smjöri og salti

Nýjar kartöflur á að meðhöndla með virðingu en þær eru líka góðar úr köldum jarðhýsum bænda. Það skiptir vissulega máli hvernig þær eru eldaðar. Hér er einföld uppskrift með dilli og salti.

- 1 kg litlar kartöflur
- 1 búnt dill
- 50 g af smjöri
- salt

**Aðferð**

Skrúbbið kartöflur vel í köldu vatni og setjið þær í pott með vatni og látið vatnið ná yfir kartöflurnar. Bætið ögn af salti við. Það þarf að vera nóg af salti til að kartöflur smakkist ákjósanlega – og setjið dillstiklana með. Sjóðið kartöflurnar varlega með lokið á. Þegar kartöflur sjóða, fjarlægja froðu og önnur óhreinindi með skeið. Lækkið hitann og sjóðið við lágan hita í 5–6 mínútur. Slökkvið þá á hitanum og látið kartöflurnar liggja í vatninu í um 5–7 mínútur. Skolið og hellið vatninu af og framreiðið kartöflur með hökkuðu dilli, köldu smjöri og ögn af sjávarsalti.

Framreiðið með heimalöguðu majónesi og kartöfluflögum á smurbrauðinu.

Þetta er úrvals smurbrauð en það má einnig nota rækju og egg saman á brauðið.

HANNYRÐAHORNIÐ Gallery Spuni

# Slökunarpúði

**Það er svo ótrúlega gaman að fegra heimilið sitt og þá sérstaklega með persónulegum gjöfum sem maður fær eða með einhverju sem maður hefur sjálfur búið til.**

Þessi æðislegi prjónaði púði er fullkomin í slíkt verkefni og eru fleiri mynstur inni á www.garnstudio.com – garnið er allt hægt að fá hjá okkur.



**Slökun með DROPS Design**

Prjónaðir DROPS púðar með 4 þráðum úr „Eskimo" með garðaprjóni og köðlum eða brugðnum lykkjum. Einnig hægt að prjóna þá með 2 þráðum Polaris.

**DROPS Design:** Mynstur nr ee-542.

Garnflokkur E + E + E + E eða F + F.

**PÚÐI MEÐ KÖÐLUM:**

**Mál:** Ummál: Ca 144 cm (með fyllingu). Ummál: Ca 48 cm. Hæð: 25 cm.

**Efni:** DROPS ESKIMO frá Garnstudio 750 gr litur nr 01, natur.

Eða notið:

DROPS POLARIS frá Garnstudio

1000 gr litur nr 01, natur

**PÚÐI MEÐ BRUGÐNUM LYKKJUM SEM FÆRAST TIL:**

**Mál:** Ummál: Ca 150 cm (með fyllingu). Þvermál: Ca 48 cm. Hæð: 25 cm.

**Efni:**

DROPS ESKIMO frá Garnstudio

700 gr litur nr 47, ljós beige

Eða notið:

DROPS POLARIS frá Garnstudio

1000 gr litur nr 06 ljós beige

DROPS HRINGPRJÓNAR (80 cm) NR 15 – eða sú stærð sem þarf til að 7 l og 8 umf með sléttprjóni eða 7 l og 12 umf með garðaprjóni með 4 þráðum Eskimo (eða 2 þræðir Polaris) verði 10 x 10 cm.

1 dúnkoddi (1400 g) eða 2 dúnkoddar (700 g) fyrir fyllingu (best er að nota dún því auðveldast er að forma koddan til). Ódýrasta gerðin hentar vel – við höfum notað sumarkodda sem er ca 1400 gr).

1 koddaver í sama lit og koddinn (til þess að hlífa koddanum og að hann sjáist ekki í gegnum lykkjurnar).

**TVEIR ÞRÆÐIR:**

Notið enda innan úr dokkunni og utan með. Þegar skipt er um dokku er gott að skipta ekki um báða endana í einu – þá verður skiptingin ekki eins þykk.

**GARÐAPRJÓN (prjónað fram og til baka):**

Lykkjurnar prjónast slétt í öllum umf.

Mynstur

□ = sl frá réttu, br frá röngu
⊟ = br frá réttu, sl frá röngu
= setjið 2 l á hjálparprjón fyrir framan stykkið, 2 l sl, 2 l sl af hjálparprjóni




**MYNSTUR:**

Sjá teikningu A.1 og A.2. Teikning sýnir allar umf í mynstri séð frá réttu.

**ÚTAUKNING:**

Aukið út um 1 l með því að slá uppá prjóninn, í næstu umf er uppslátturinn prjónaðar snúinn slétt (þ.e.a.s. prjónið aftan í lykkjubogann í stað framan) til að koma í veg fyrir göt.

**PÚÐI MEÐ KÖÐLUM:**

Púðinn er prjónaður fram og til baka á hringprjóna – *LESIÐ TVEIR ÞRÆÐIR*!

Fitjið upp 6 l á hringprjóna nr 15 með 4 þráðum Eskimo eða 2 þráðum Polaris.

**UMFERÐ 1 (= rétta):** Prjónið * 1 l sl, sláið uppá prjóninn *, endurtakið frá *-* 4 sinnum til viðbótar, prjónið 2 l sl í síðustu l = 12 l.

**UMFERÐ 2:** Prjónið sl yfir allar l. ATH: Uppslátturinn er alltaf prjónaður snúinn slétt í næstu umf (þ.e.a.s. prjónið aftan í lykkjubogann í stað fyrir framan) svo að ekki myndist gat! Setjið eitt prjónamerki í 2., 4., 6., 8., 10. og 12. l.

Haldið síðan áfram með GARÐAPRJÓN – sjá skýringu að ofan, JAFNFRAMT er aukið út um 1 l á undan hverri l með prjónamerki (= 6 l fleiri) – LESIÐ ÚTAUKNING! Endurtakið útaukningu í hverri umf frá réttu 7 sinnum til viðbótar = 60 l.

**ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA!**

Í næstu umf frá réttu er aukið út um 12 l jafnt yfir = 72 l. Prjónið 1 umf br frá röngu. Prjónið nú mynstur þannig: Prjónið A.1 (= 6 l) 12 sinnum á breiddina (ATH: Ekki er prjónuð kantlykkja þar sem l eru svo þykkar). Þegar allt A.1 hefur verið prjónað til loka á hæðina, prjónið fyrstu 5 umf í A.1 (síðasta umf frá réttu). Prjónið nú 1 umf br frá röngu. Haldið nú áfram með garðaprjón til loka. Í næstu umf frá réttu er fækkað um 12 l jafnt yfir með því að prjóna 2 l slétt saman = 60 l.

Setjið nú 6 prjónamerki í stykkið án þess að prjóna: Setjið eitt prjónamerki í 1. L, síðan eru sett 5 prjónamerki til viðbótar með 9 l millibili. Nú eru eftir 9 l eftir síðasta prjónamerki. Í næstu umf frá réttu er fækkað um 1 l á eftir hverju prjónamerki. Endurtakið úrtöku í hverri umf frá réttu 7 sinnum til viðbótar = 12 l. Prjónið nú l 2 og 2 slétt saman = 6 l. Klippið frá, skiljið eftir nægilega langan enda til þess að sauma púðann saman í lokin.

**FRÁGANGUR:**

Dragið endana í gegnum þær l sem eftir eru og herðið vel að, hnýtið hnút og festið bandið vel án þess að klippa frá (= botn á púða). Saumið opið, saumið yst í lykkjubogana með 2 þráðum Eskimo eða 1 þræði Polaris. Púðinn er fylltur þannig (það getur verið kostur að vera tveir í þessu verki til þess að þetta gangi betur): Leggið 1 kodda (ca 1400 gr) eða 2 kodda (ca 700 gr ofan á hvorn annan) og dragið koddaver yfir. Troðið koddunum í púðaverið. Dragið saman toppinn á púðanum. Festið vel.

**PÚÐI MEÐ BRUGÐNUM LYKKJUM SEM FÆRAST TIL:**

Púðinn er prjónaður fram og til baka á hringprjóna – *LESIÐ TVEIR ÞRÆÐIR!*

Fitjið upp 6 l á hringprjóna nr 15 með 4 þráðum Eskomo eða 2 þráðum Polaris.

**UMFERÐ 1 (= rétta):** Prjónið * 1 l sl, sláið uppá prjóninn *, endurtakið frá *-* 4 sinnum til viðbótar, prjónið 2 l sl í síðustu l = 12 l.

**UMFERÐ 2:** Prjónið sl yfir allar l. ATH: Uppslátturinn er alltaf prjónaður snúinn slétt í næstu umf (þ.e.a.s. prjónið aftan í lykkjubogann í stað framan) svo að ekki myndist gat! Setjið eitt prjónamerki í 2., 4., 6., 8., 10. og 12 l.

Haldið síðan áfram með GARÐAPRJÓN – sjá skýringu að ofan, JAFNFRAMT er aukið út um 1 l á undan hverri l með prjónamerki í (= 6 l fleiri) – LESIÐ ÚTAUKNING! Endurtakið útaukningu í hverri umf frá réttu 7 sinnum til viðbótar = 60 l.

**ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA!**

Í næstu umf frá réttu er aukið út um 10 l jafnt yfir = 70 l. Prjónið 1 umf slétt frá röngu. Setjið eitt prjónamerki hér – stykkið er nú mælt héðan!

Prjónið síðan mynstur þannig: Prjónið 2 l garðaprjón, prjónið síðan A.2 (= 6 l) 11 sinnum á breiddina, 2 l garðaprjón. Þegar A.2 hefur verið prjónað til loka 1 sinni á hæðina er haldið áfram með br í mynstri svo að það færist til um 1 l til vinstri (séð frá réttu) í hverri umf.

Þegar stykkið mælist 16 cm frá prjónamerki er haldið áfram þannig: Prjónið síðan garðaprjón til loka, JAFNFRAMT í fyrstu umf frá réttu er fækkað um 10 l jafnt yfir = 60 l. Setjið nú 6 prjónamerki í stykkið án þess að prjóna: Setjið eitt prjónamerki í 1. L, síðan eru sett 5 prjónamerki til viðbótar með 9 l millibili. Nú eru 9 l eftir síðasta prjónamerki. Í næstu umf frá réttu er fækkað um 1 l á eftir hverju prjónamerki. Endurtakið úrtöku í hverri umf frá réttu 7 sinnum til viðbótar = 12 l. Prjónið nú l 2 og 2 slétt saman = 6 l. Klippið frá og látið vera nægilega langan enda til þess að sauma púðann saman í lokin.

**FRÁGANGUR:**

Dragið endana í gegnum þær l sem eftir eru og herðið vel að, hnýtið hnút og festið bandið vel án þess að klippa frá (= botn á púða). Saumið opið, saumið yst í lykkjubogana með 2 þráðum Eskimo eða 1 þræði Polaris. Púðinn er fylltur þannig (það getur verið kostur að vera tveir í þessu verki til þess að þetta gangi betur): Leggið 1 kodda (ca 1400 gr) eða 2 kodda (ca 700 gr ofan á hvorn annan) og dragið koddaver yfir. Troðið koddunum í púðaverið. Dragið saman toppinn á púðanum. Festið vel.

*Bestu prjóna kveðjur, Gallery Spuni.*

Vantar þig íslenskan lopa?
Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn
Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !


Sendum um allt land!
GEFJUN.IS

FELTING FEVER


25% AFSLÁTTUR
Polaris, Big Delight, Eskimo og Alaska garn.
www.galleryspuni.is
gallery spuni

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 8 | 6 | | 3 | 7 | | |
| 3 | | | 2 | | 1 | 9 | | |
| | 4 | | | 8 | | | | 1 |
| | | 6 | | | 9 | | 1 | 7 |
| | | 1 | | 6 | | 8 | | |
| 5 | 3 | | 4 | | | 2 | | |
| 2 | | | | 7 | | | 9 | |
| | | 9 | 8 | | 5 | | | 4 |
| | | 4 | 3 | | 6 | 1 | | 5 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 6 | | 9 | | 7 | |
| 3 | | | | | | | | 5 |
| | | 7 | 8 | | 4 | 1 | | |
| 6 | 8 | | 3 | | 7 | | 1 | 2 |
| | | | | | | | | |
| 7 | 1 | | 2 | | 8 | | 9 | 6 |
| | | 9 | 4 | | 5 | 6 | | |
| 2 | | | | | | | | 4 |
| | 4 | | 1 | | 2 | | 3 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 7 | | 9 | | 3 |
| 5 | 3 | | 1 | | | | | |
| | | | 4 | | | | | 6 |
| 1 | | | | | 7 | | 6 | 4 |
| | 5 | | | | | | 2 | |
| 2 | 6 | | 3 | | | | | 8 |
| 8 | | | | | 6 | | | |
| | | | | | 2 | | 8 | 7 |
| 9 | | 6 | | 3 | | 2 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 3 | | 9 | 4 |
| | | 6 | 8 | | | | 7 | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | | | | 6 | 9 | | 2 | |
| 7 | | | | | | | | 8 |
| | 3 | | 1 | 7 | | | | |
| 9 | | | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | 4 | 2 | | |
| 2 | 8 | | 5 | | | | | 3 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Ætla í veiðiferð í sumar

**Sigurður Darri er sjö ára en alveg að verða átta ára og hlakkar mikið til að halda upp á afmælið sitt.**

Honum finnst rosalega gaman að leika með vinum sínum í Nerf-byssuleikjum.



**Nafn:** Sigurður Darri Tómasson.

**Aldur:** 7 ára.

**Stjörnumerki:** Hrútur.

**Búseta:** Bý í Garðabæ.

**Skóli:** Sjálandsskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Tölvur og íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Ljón .

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari.

**Uppáhaldshljómsveit:** Emmsé Gauti.

**Uppáhaldskvikmynd:** Star Wars.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég heimsótti dýragarðinn í Edinborg og sá litlu mörgæsirnar.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Æfi sund með Stjörnunni.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Ég er ekki búinn að ákveða mig.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Fara í Nerf-stríð með vinum mínum.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Fór í veiðiferð.

**Næst »** Sigurður Darri skorar á vin sinn, Elmar Rafn, að svara næst.

LESENDABÁS

# Hver er framtíðarsýn okkar sem þjóðar varðandi landbúnað og matvælaframleiðslu?

**Ég býst við að flest okkar, ef ekki öll, geti svarað spurningunum á þann veg að við viljum umfram annað innlendan hollan mat að svo miklu leyti sem við getum skaffað hann.**

Á sama hátt er okkur umhugað um náttúruna og viljum að framleiðsla á matnum okkar sé í eins mikilli sátt við náttúruna og hægt er á hverjum tíma. Dýravelferð sé í hávegum höfð. Við viljum líka sjá landið okkar í byggð og að alls staðar sé gengið vel um og búskaparhættir þannig að sómi sé af. En við viljum líka fá ódýran mat eða meiri tekjujöfnuð í samfélagið og betri afkomu þannig að allir hafi efni á að kaupa matinn.

- Ágætt að setja málefnið fyrst fram sem nokkrar spurningar:
- Ætlum við að vera í fremstu röð? Þjóð sem getur státað af náttúrulegum og hollum matvælum?
- Er matvælaöryggi og fæðuöryggi eitthvað meira en fræðileg orð í okkar huga?
- Er dýravelferð raunverulegt markmið, eða á það bara við um okkar innlendu framleiðslu?
- Viljum við bara fá ódýrasta matinn í búðina okkar á hverjum tíma, hvar sem hann hefur verið framleiddur í heiminum og óháð því hvað þeir sem framleitt hafa matinn bera úr býtum?
- Er kolefnisspor bara tískuorð eða viljum við sýna ábyrgð og taka þátt í að vernda náttúruna með vali okkar og ákvörðunum?
- Er frjáls samkeppni okkar eina leiðarljós, eða kann að vera að við stundum þurfi að gera hlutina öðruvísi til að hagsmunir okkar sem þjóðar séu varðir til lengri framtíðar?
- Hvernig metum við starfsöryggi atvinnugreinar. Erum við þar að tala í árum eða áratugum?
- Eru ríkisstyrkir við slíka atvinnugrein eða neytendur tabú eða sjálfsagður hlutur?
- Er samspil landbúnaðar og byggðar í landinu eitthvað sem við sjáum ástæðu til að huga að?
- Hvernig mat viljum við gefa börnunum okkar og hvernig viljum við afhenda þeim landið?



Ef hlutir þróast með eðlilegum hætti þá má búast við að verð á landbúnaðarvörum muni í framtíðinni hækka mikið í Evrópu allri þar sem ekkert land getur til lengdar framleitt undir kostnaðarverði eða styrkt og verndað slíka framleiðslu til langrar framtíðar. Mynd / Áskell Þórisson

### *Við þurfum framtíðarsýn ef við ætlum að ná árangri*

Að mínu mati er engin ein leið sú eina rétta að þessu marki, en eins og um allt annað sem við tökum okkur fyrir hendur þá þarf skýra framtíðarsýn, það þarf festu og skýr mælanleg markmið, og rekstrarumhverfi sem greinin getur þróast innan á hagkvæman hátt á leið sinni að markinu.

Mesta vandamál íslenskс landbúnaðar og matvælavinnslu er einmitt það að við sem þjóð erum alltaf að breyta þessu rekstrarumhverfi þannig að bændur og matvælaframleiðendur vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga þegar kemur að fjárfestingum og breytingum á rekstri sínum sem leitt geta til bættrar framleiðslu eða bættrar afkomu og þar með lægri framleiðslukostnaðar samfélaginu og neytendum til góða.

Við stöndum á tímamótum nú enn einu sinni þar sem háværar kröfur eru uppi um að kollvarpa því rekstrarumhverfi sem landbúnaðurinn hefur búið við síðustu ár.

Ef við förum aðeins til baka í tíma og skoðum rekstrarumhverfi íslenskra mjólkurbænda þá kemur margt fróðlegt í ljós. Bændum landsins hefur fækkað mjög mikið og bú þeirra stækkað. Árið 1986, þegar ég kom heim frá háskólanámi erlendis og hóf störf í mjólkuriðnaði, ráku bændur og samvinnufélög 17 mjólkurbú víðs vegar um landið (Reykjavík, Borgarnes, Búðardalur, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hvammstangi, Blönduós, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafjörður, Egilsstaðir, Neskaupstaður, Djúpivogur, Höfn og Selfoss). Í dag eru mjólkurbúin 5 (Búðardalur, Akureyri, Sauðárkrókur, Egilssstaðir og Selfoss ásamt höfuðstöðvum MS og dreifingu í Reykjavík). Einnig eru komin á fót í dag nokkur lítil einkarekin fyrirtæki.

Þessari þróun var að mestu leyti stýrt af kröfunni um hagræðingu og lækkun verðs á mjólkurvörum. Þannig var ríkisskipuð nefnd látin vinna tillögur að hagræðingu í greininni og gegnum opinbera verðlagningu var séð til þess að greinin yrði að hagræða til að hún gæti lifað af. Til að ná þessum markmiðum komu búvörulögin til sem heimiluðu mjólkurfyrirtækjunum samvinnu og samninga um verkaskiptingu (undanþágur frá samkeppnislögum). Með því móti hefur náðst fram gríðarleg hagræðing í greininni sem skilað hefur verið til neytenda í lægra vöruverði. Heilu mjólkursamlögunum var lokað og vinnsla ákveðinna afurða sameinuð. Sem dæmi af því má nefna að nær öll ostaframleiðsla fer nú fram á tveimur stöðum á landinu, á Sauðárkrók og á Akureyri, en var á 9 eða 10 stöðum áður. Mjólkurpökkun fer nú fram í meginatriðum á tveimur stöðum, á Akureyri og á Selfossi, en fór fram á flestum af mjólkurbúunum áður. Bændur voru þannig knúnir með opinberum aðgerðum til að sameina nær allan rekstur sinn í einu félagi MS, en það félag á í dag alla mjólkurvinnsluna að mjólkurbúinu á Sauðárkrók undanskildu sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.

***– Hvaða áhrif hefði það nú ef ákvæði búvörulaga væru afnumin og greinin heyrði eingöngu undir samkeppnislög?***

Sú samvinna sem leitt hefur til verkaskiptingar, samvinnu og samruna fyrirtækjanna yrði ekki leyfð og bændum líklega einnig gert að skipta MS upp í smærri einingar og jafnvel að selja frá sér hluta rekstrarins. En slíkt er nánast óhugsandi í dag þar sem búið er að sameina vinnslu á örfáa staði og framlegð og afkomumöguleikar yrðu allt aðrir ef slík uppskipti ættu að fara fram nú, svo ekki sé minnst á kostnaðaraukann sem slíku myndi fylgja. Þannig kæmu norðlenskir bændur mjög veikt út þar sem búið er að sameina alla ostaframleiðslu landsins á þeirra svæði, en sú framleiðsla gefur mun minna af sér en flestar af sérvörum og svokölluðum dagvörum, eins og skyr, jógúrt og fleiri vörur.

Þannig yrðu fyrirtæki bændanna á Norðurlandi ekki samkeppnisfær nema þau breyttu á ný sinni vörusamsetningu með óheyrilegum tilkostnaði. Söfnun á mjólk er líka þannig háttað í dag að allir bændur sitja við sama borð og fá líkt verð fyrir sína mjólk hvar sem þeir búa.

Í dag er það Auðhumla, samvinnufélag bændanna, sem safnar og kaupir alla mjólk af bændum og endurselur síðan til MS og annarra sem fást við mjólkurvinnslu. Ekki þarf að eyða á það mörgum orðum að slíkt myndi ekki ganga ef hér ættu samkeppnisöflin ein að ráða för. Þá yrði fljótt skorið á mjólkurvinnslu á jaðarsvæðum sem of dýrt væri að sækja mjólk til. Þar yrðu líklega Vestfirðirnir og Austurlandið í heild þau svæði sem framleiðsla legðist fyrst af.

Það er líka ansi kúnstugt að eftir að hafa stýrt bændum þessa vegferð hagræðingar og samruna félaga með opinberum kröfum allt frá því þeim allt í einu að gera allt til þess að aðrir, nýir og óháðir aðilar geti hafið mjólkurvinnslu hvar sem er á landinu og fengið afhenta mjólk til sinnar vinnslu eftir þörfum frá degi til dags án þess að taka nokkra ábyrgð á því að greinin sem heild sé rekin með hagkvæmum hætti og tryggi neytendum um allt land heilnæmar vörur á sama verði hvar sem þeir búa.

Um leið og ég segi þetta er ég ekki að tala gegn fyrirtækjum eins og Örnu í Bolungarvík eða Mjólkurbúinu KÚ eða öðrum sem fást við mjólkurvinnslu í smærri stíl. Við verðum bara að vera sanngjörn við félag bændanna sem við höfum stýrt á þann stað sem það er í dag.

***– Getur íslensk mjólkurframleiðsla staðist opna og óhefta samkeppni frá innflutningi?***

Svarið við þessari spurningu er NEI.

Það er óhugsandi að okkar mjólkurvinnsla og í raun flest matvælavinnsla í dag geti staðist samkeppni frá óheftum tollfrjálsum innflutningi. Ástæða þess er ekki sú að við séum ekki að framleiða nógu góða vöru eða á réttu verði. Ástæðan er einfaldlega sú að þær vörur sem fluttar yrðu inn, sérstaklega fyrst í stað, eru vörur sem hafa verið niðurgreiddar í framleiðslulöndunum og eru oft ekki af sömu gæðum. Evrópa er í augnablikinu full af umframframleiðslu á vörum sem framleiddar hafa verið og seldar langt undir kostnaðarverði. Við slíkt keppir ekkert land meðan slíkt ástand varir.

Ef hlutir þróast með eðlilegum hætti þá má búast við að verð á landbúnaðarvörum muni í framtíðinni hækka mikið í Evrópu allri þar sem ekkert land getur til lengdar framleitt undir kostnaðarverði eða styrkt og verndað slíka framleiðslu til langrar framtíðar. Afleiðingarnar í Evrópu eru líka hrópandi í dag þar sem bændur í stærstu framleiðslulöndunum eru á barmi fjöldagjaldþrots.

En þegar þessi staða væri komin upp að vörur í Evrópu væru framleiddar og seldar á eðlilegu verði væri okkar viðkvæma framleiðsla hér heima löngu komin á hausinn og of seint að grípa í taumana þá.

Því er mikilvægt að við sem þjóð stöndum nú í lappirnar og tryggjum okkar innlendu matvælaframleiðslu með þeim ráðum sem við höfum og látum ekki skammtíma sjónarmið og hentistefnu ráða för. Þessa sýn þurfum við líka að kynna fólkinu í landinu þannig að við getum sameiginlega tekið skynsamlegar ákvarðanir byggðar á staðreyndum og rökum.

Hér í lokin langar mig svo að svara nokkrum af upphafsspurningunum sem ég setti fram:

***– Ætlum við að vera í fremstu röð. Þjóð sem getur státað af náttúrulegum og hollum matvælum?***

Við erum í fremstu röð meðal þjóða í dag um mjög marga þætti sem gera matvæli að góðum matvælum. Við höfum hreina náttúru og hér er álag á land mjög lítið. Hér er lyfjanotkun með því minnsta sem finnst í landbúnaði og vaxtarhvetjandi hormón hafa aldrei verið notuð svo eitthvað sé nefnt. Sauðfjárrækt á Íslandi sem dæmi er í sérstöðu og er í raun margfalt betri og náttúrulegri en lífræn ræktun getur státað af víða um heim. En ef við ætlum að halda þessu þá þurfa bændur að geta rekið sín bú og haft starfsöryggi til lengri tíma.

***– Er matvælaöryggi og fæðuöryggi eitthvað meira en fræðileg orð í okkar huga?***

Fæðuöryggi er það að við tryggjum að eiga alltaf mat fyrir alla í okkar samfélagi. Allar hugsandi þjóðir setja fæðuöryggi fremst á sinn áherslulista. Matvælaöryggi er aftur á móti mælikvarðinn á heilnæmi matarins. Hér þarf engar málalengingar, hvort tveggja verður ekki tryggt nema við stöndum vörð um okkar matvælavinnslu til langs tíma.

***– Viljum við bara fá ódýrasta matinn í búðina okkar á hverjum tíma, hvar sem hann hefur verið framleiddur í heiminum og óháð því hvað þeir sem framleitt hafa matinn bera úr býtum?***

Ef það er okkar eina markmið þá leyfum við bara frjálsan innflutning á matvælum og gefum verslun og öðrum innflutningsaðilum frítt spil til að færa okkur matinn á því verði sem samkeppni þeirra í milli ákvarðar á hverjum tíma. En þá getum við heldur ekki á sama tíma ætlað bændum landsins að standa undir óskilgreindu hlutverki við að halda landinu í byggð. Við getum heldur ekki ætlað þeim það hlutverk að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og matvælaöryggi.

***– Er kolefnisspor bara tískuorð eða viljum við sýna ábyrgð og taka þátt í að vernda náttúruna með vali okkar og ákvörðunum?***

Þegar við reiknum kolefnisspor eða það álag sem framleiðsla eða einhver aðgerð sem við framkvæmum hefur á náttúruna þarf að taka allt með í reikninginn. Við matvælaframleiðsluna er eitt helsta markmiðið að við neytum fæðu úr okkar nánasta umhverfi sem framleidd er með vistvænum hætti í stað þess að flytja matvæli um langan veg. Þannig er t.d. kolefnisspor heimaræktaðrar kartöflu á Íslandi talsvert annað en hrísgrjónanna sem við höfum flutt yfir hálfan hnöttinn til að setja á diskinn okkar. Þetta gildir líka um kjöt og mjólk með sama hætti.

***– Er frjáls samkeppni okkar eina leiðarljós, eða kann að vera að stundum þurfi að gera hlutina öðruvísi til að hagsmunir okkar sem þjóðar séu varðir til lengri framtíðar?***

Frelsi til ákvarðana og athafna er í eðli sínu göfugt og gott markmið sem við eigum að rækta eins og hægt er, en það á þó ekki við um alla hluti þegar við á sama tíma ætlum saman að reka samfélag sem tryggir allar okkar grunnþarfir og tryggir jöfnuð og aðgang allra að ákveðnum grunnþáttum og grunnþjónustu. Þannig leggjum við mikið upp úr að hafa heilbrigðisþjónustu og menntakerfi sem er eins fyrir alla og því leggjum við samkeppnisöflin og gróðasjónarmiðin þar til hliðar og rekum þessa þætti á samfélagslegum grunni.

Ef við sem þjóð ætlum að vera okkur næg um mat og viljum hafa landbúnað í landinu þá verðum við í það minnsta að verja hann líkt og allar okkar nágrannaþjóðir gera með styrkjum og innflutningshöftum í formi tolla. Ef öll Evrópa legði samtímis af alla styrki og legði niður alla tolla af slíkum vörum og gerði alvöru kröfur um gæði og upprunamerkingar værum við að tala um allt aðra mynd hér. Við getum bara ekki gert þetta ein og látið þannig aðra leggja okkar framleiðslu og vinnslu í rúst á stuttum tíma.

*Janúar 2017*
***Hólmgeir Kalsson,***
*framkvæmdastjóri Bústólpa á Akureyri*

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

KULDAGALLAR MEÐ HETTU Á TILBOÐI
Gallinn er loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum, efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi
Beaver nylon 50% pólýester og 50% bómull.

Gallinn er með rennilás að framan og á skálmum og með vindlistum yfir lásana.
Gallinn fæst í kóngabláum lit og í stærðunum S – 3XL.
Verð 12.900 kr m/vsk.
Hægt er að panta í síma 577 1000 eða senda tölvupóst á: khvinnufot@khvinnnufot.is
Vandaður kuldagalli á góðu verði og við sendum hvert á land sem er.
Tilboðsverð
Kr. 12.900,-
KH Vinnuföt • Tunguhálsi 10
110 Reykjavík • Sími: 577 1000
khvinnufot@khvinnufot.is
www.khvinnufot.is
KH VINNUFÖT
KH Vinnuföt ehf, sérhæfir sig í sölu og þjónustu á öllum tegundum af vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisstigvélum, öryggisvörum og vinnuvettlingum.


Fliegl Afrúllari
Verð áður: 530.000
Nú: 430.000+ vsk

Fliegl Baggakló
Verð áður: 285.000
Nú: 250.000+vsk
RAG import - export
565 2727 - 892 7502

Smáauglýsingasíminn er:
563 0300
Bændablaðið

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.200 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.400 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Skádæla. Með öflugum skera. Frábær hönnun, lítil fyrirferð. Mikil dælu- og hrærugeta. Dæluöxull úr ryðfríu stáli í olíubaði. Burðarvirki úr heitgalf. stáli eða SS stáli. Fáanleg með hræriskrúfu. Vinnulengd allt að 6 m. Framleiðandi : www.doda.com. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is, s. 892-4163.



Til sölu Econoline 150, árg.´91. Bifreiðagjaldalaus. 1/2 innréttaður húsbíll. Einnig er til 6,9 dísil+skipting c6. Hár toppur getur fylgt. Nánari uppl. í síma 897-4800.



Til sölu Linde h20 dísil lyftari. 2006 árgerð. Notkun 5995 vst. Flott dekk með skrúfuðum nöglum. Hliðarfærsla. Nýskoðaður Uppl. í síma 866-5745.



Til sölu salt/sand dreifari á pallbíl, 1,5 rúmmetri og er rafstýrður. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, sími 480-0000.



Eigum til á lager dreifara aftan á traktor með kastdisk, dreifir 2,5 - 6 metra. 1,0 rúmmetra. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, sími 480-0000.



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf., sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Byltingarkennd nýjung í dælingu á mykju!! Hnífadælur með öflugum hræriskrúfum og sprautustútum. Traktorsdrifnar eða með rafmótorum frá 5,5 kw upp í 30 kw. Brunndælur eða skádælur, 100 mm, 120 mm, 150 mm, 200 mm. Mikil dælugeta. Haughrærur í mörgum útfærslum og stærðum. Mykjuskiljur sem framleiða undirburð. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is, s. 8924163.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro--Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir : 10,8 kw – 72 kw. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstislöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8", 1/2", 5/8", 3/4". Bensín / dísil, vatnsflæði allt að:132 l / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 l / min. Hákonarson ehf., netfang : hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is.



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf., www.buvis.is - Sími 465-1332.



Kerra L-4,40, B-1,37. Fín fyrir 2 fjórhjól, hægt að leggja báða gaffla niður. Þá er lengd 6 m góð í sperruflutninga. Góður burður. Verð 350 þúsund. Uppl. í síma 894-0103.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / dísil, glussaknúnar ( mjög háþrýstar ). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmardísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Vorum að fá sendingu af G. Hippe norsku gæðakerrunum. Búvís ehf. Uppl í síma 465-1332.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar: 7,5 kw, 9,2 kw, 11 kw glussadrifnar: 8 kw, 60 l / min., 120 bar. Vinnudýpt: 130 cm skrúfa : 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is.

Hefurðu skoðað Sölutorgið okkar ?
www.kraftvelar.is/solutorg

New Holland T5-115

Alö Q46 ámoksturstæki
Skóflustærð 210
Gírkassi 24+24
Vendigír
Vökvaúttök 3
Verð án vsk: 7.290.000

New Holland TM175

Fjaðrandi hús
Vendigír
16x8 gíra
4 ventlar (8 úttök)
Dráttarvélin er með framlyftubúnaði og aflúttaki
Verð án vsk: 4.990.000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Samasz salt og sandreifarar, vinnslubreidd 1,4 og 2,4 metrar. Búvís ehf 465- 1332.



Lambamerki kr. 29.- án vsk ef pantaðar eru heilar raðir. Töng fylgir fyrstu pöntun. Sendum sýnishorn. Búvís ehf., sími 465-1332, www.buvis.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og YANMAR dísil á lager. Stöðvarnar eru frá ELCOS Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892 4163, netfang: hak@hak.is.



Traustur og ódýr vinnumaður. Búvís. Sími 465-1332.



**Liebherr 63K**
byggingakrani, 1995 árg
43 m bóma, 1100 kg í enda,
6000 kg max, 23 m undir krók
Verð 4,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr 71K**
1998 árg, 45 m bóma
1200 kg hífigeta í 45 m
6000 kg max hífigeta
1 árs ábyrgð
Upplýsingar í síma 660-6051



**Hamm H13i**
valtari, 2014 árg, 950 vst
HCQ-GPS mælikerfi
Verð 11,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr L507**
2007 árg, 4500 vinnustundi
Nýleg dekk, hraðtengi,
skófla og gaflar
Verð 3,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr A900** hjólagrafa
2007 árg, Engcon EC20 rótortilt
3 skóflur
Verð 7,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Weber** jarðvegsþjöppur og
hoppara til á lager
Upplýsingar í síma 660-6051



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali
Upplýsingar í síma 660-6050

**Uppl. í síma 660-6051.**
MERKÚR
merkur.is




JPM rúlluvagnar. Verðdæmi: 9,1x2,54 m pallur, eigin þyngd 5,1 tonn, heildarþyngd 19 tonn. Verð 1.456.000 kr. án vsk. Vallarnaut, s. 841-1200 & 841-7300, vallarnaut.is



JPM 14T sturtuvagn með sliskjum. Verð 1.880.000 kr. án vsk. Vallarnaut, s. 841-1200 & 841-7300, vallarnaut.is



Kane malarvagnar 15T, verð 2.190.000 kr. án vsk. 16T Hardox, verð 2.480.000 kr. án vsk. Vallarnaut, s. 841-1200 & 841-7300, vallarnaut.is



Fjölplógur 3,15 m. Tilboð: 570.000 kr. án vsk. Vallarnaut, s. 841-1200 & 841-7300, vallarnaut.is



Agrional pinnatætarar, 1,68 m - 3,95 m. Verð frá 1.080.000 kr. án vsk. Vallarnaut, s. 841-1200 & 841-7300, vallarnaut.is



Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.




Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is. Verð kr. 9.500:- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s.894-5111. Opið frá kl.13-16.30.




Eigum til á lager flestar stærðir af fjölplógum. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu Sami flaghefill 275 cm. Verð 482.000 með vsk. Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.




Eigum til á lager 2 stærðir af krókheysisvögnum bæði 15 og 21 tonna heildarþyngd. Verð frá kr. 2.140.000 án vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu salt/sand dreifari frá Prónar 0,5 rúmmetra. Verð 280.000 m.vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.




Til sölu Prónar snjóblásari. 1,5 mtr vinnslubreidd. Verð 992.000 m/vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu 3 mtr. skekkjanleg snjótönn með euro festingum. Verð 359.000 m.vsk Aflvélar ehf., Vesturhraun, 3 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu stór snjóskófla með vængjum, stærð 2300-3750. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Þýskir Rauch hágæða áburðardreifarar. Afmælistilboð frá kr. 489.000.- án vsk. Búvís ehf Sími 465-1332.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is




VERDO. Gæða spónakögglar, undirburður fyrir hross í 15 kg pokum. Einnig til sölu spónakögglar í stórsekkjum. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Fluid-bed þurrkari ZLGO.45*6, SS316, afköst 30-50 kg vatn/klst. Með loftsíu, sýklón, 2 blásurum, (5,5/7,5 kW), 2 víbratorum (1,5 kW) og plötuvarmaskipti 316 SS, 150 m² fyrir gufu/vatn. Uppl. í síma 697-5386.



Til sölu 2 Raynor bílsk.hurðir með Chamberlain Motorlift 2000 hurðaopnara. Önnur 308 cm á br. og 208 cm á h. og hin 286 á br. og 248 á h. Hvítar án glugga. Verð per hurð 95 þ. Uppl.gefur Magnús í síma 779-2900.



Framsláttuvél - Rakstrarvél - baggagreip. Kuhn framsláttuvél 802 F. Verð 690 þús. án vsk. Kuhn 6002 - 2ja stjörnu rakstrarvél. Verð 590 þús. án vsk. Trima stórbaggagreip. Verð 125 þús. án vsk. Uppl. í síma 891-8843.



Finnskur snjóblásari til sölu. Staðsettur utan við Akureyri. Verð 170.000. Nánari uppl. í síma 862-3807 Albert.



Flottur bátur á skytteríið og fleira til sölu. Volvo vél 230 hö. með hæl. Gengur 35 míl. Uppl. gefur Gunni í síma 899-2501.




Hugverk kvenna, glæsileg verk um hugverk sunnlenskra, austfirskra og þingeyskra kvenna. Þessi frábæru verk eru núna loksins fáanleg aftur á www.ritskinna.is




Suzuki Grand Vitara, árg. 2005, ekinn 187 þ. Leður. Verð 890 þ. Skoða ýmis skipti. Uppl. í síma 893-1050, unimog@simnet.is



Mercedes Benz Sprinter 519, 16+1+1 manna, árg. 2016, ssk., dísil, 8 gíra, nýr, óekinn og mjög vel útbúinn. Er á staðnum. Einnig til dökkgrár bíll. Lúxusútfærsla. Verð 13.900.00.- m/vsk. Rnr. 240907. Litla bílasalan, Eirhöfða 11, 110 Rvk, s. 587-7777, www.litla.is.



4x4! Ford Transit 350, l2h2, trend, 155 hestöfl, árg. 2016, nýr, dísil, 6 gíra. Verð 5.190.000+vsk. Rnr. 221910. Litla bílasalan, Eirhöfða 11, 110 Rvk, s. 587-7777, www.litla.is.

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
563 0300



Hringstigi til sölu. Lofthæð 2,56, radíus 90 cm. Hefur verið tekinn niður. Er í þremur pörtum. Uppl. í síma 861-5620.



Skoda Octavia, árg.'05, ekinn 150 þ., 4x4, bensín. Gott eintak. Álfelgur, góð nagladekk, dráttarkrókur. Engin skipti. Verð 1090 þ. Uppl. í síma 893-1050.



Til sölu GMC Sierra, árg. '03, ekinn 230 þ., verð 2,5 m. Einnig bílakerra, árg. '16, verð 700 þ.+vsk. Flott lítið fyrirtæki. Uppl. í síma 893-7050.



Toyota Urban Cruiser 4x4. Mjög sparneytinn bíll - árgerð 2010, 6 gíra, beinskiptur, dísil, ekinn 73 þ. km. Eins og nýr - alltaf þjónustaður hjá umboði. Sumar og vetrardekk á felgum fylgja. Verð 2.190.000,- . Uppl. í s. 893-8033.



Til sölu John Deere 6200 dráttarvél, árg. 1999. Hestöfl 89. Trima ámoksturstæki, skófla getur fylgt. Notuð aðeins um 5.200 tíma. Ný framdekk, nýleg afturdekk. Er í Eyjafirði. Góð vél. Verð 2.950 þús. + vsk. Uppl. í síma 867-5678 eða 894-5111.



Mercedes Benz C-250, árg. 2011, ekinn 175 þús. km til sölu. Verð 2.990 þús. Beinskiptur, 6 gíra, AMG style. AMG 18 tommu felgur. Harmon Kardon hljómtæki. Gott viðhald. Verð 2.990 staðgr. Bílasala Selfoss, sími 480-4000.



Til sölu Kia Sorento, árg. 2008, ekin 130 þús. Staðsett á Akureyri. Upplýsingar í síma 899-1011.



Toyota Rav4, 4x4, ekinn 140.000, sjálfskiptur, árg. '04. Vel með farið eintak. Nánari uppl.: Gylfi 866-7632.



Scania r 500, árg. '05, 6x4. Bíllinn er 5,10 m á milli hjóla. Grind mjög góð, er 8,45 m fyrir aftan hús. 30% dekk. Ekinn 950 þús. km. Bíllinn er allur á lofti, bsk. með olíufýringu ritarter, sk. '17. Uppl. í síma 847-1330.



Einbýlishús á Ólafsfirði, 170 fm steinhús. Þarfnast viðhalds. Yfirtaka á 6 millj. og bíll eða hjólhýsi uppí. Allt skoðað. Verð 13,5 millj. Tilboð óskast. Uppl. í síma 842-2727.



Mitsubishi L 200, árg. 2004, ekinn 225 þús. Skoðaður 2017. Vetrar- og sumardekk. Verð 900 þús. eða tilboð. Uppl. í síma 486-6079/895-8079, Sigrún.



Nokkurt magn af hillukerfum frá Ísold til sölu. Hentar fyrir lagera, verkstæði og fleira. Auðvelt í samsetningu, 30 og 60 cm djúpar. Sanngjarnt verð. Uppl. í síma 868-9294.



Til sölu DAF TT48, árg. 1995 með 62 tm Effer krana. Bíllinn er í ágætis ástandi. Uppl. í síma 896-1416.



Til sölu 2 traktorsdekk 520/70R38, 2 traktorsdekk 540/65R34. Búvís ehf., Sími 465-1332.




90 HP Tohatsu utanborðsvél. 2ja ára, notuð 140 tíma. Verð 900. þús. Uppl. í síma 894-5785, snj@vortex.is



Vorum að fá trjábolsklær. Búvís ehf Sími 465-1332.



Búkolla til leigu, sérsmíðuð, renna fyrir göngustígagerð, öflug í torfærur en má keyra á vegum, leiga 48 þús. per dag eða 190 þús. per vika. Uppl. í síma 898-8300 og 822-1717.




HESTAR/KINDUR - heypokar / heynet, fóðrun í net. TILBOÐ - 4 heypokar á 10.000/ 2500 kr. pr.stk. Gæðanet fyrir búfénað. Slow feed net og hefðbundin net, sníðum eftir óskum. Sendum hvert sem er – Velkomin til okkar í Víðidal, Reykjavík. Nánari uppl. á Facebook, www.facebook.com/gjafanet/ Pantanir í síma 860-5558 eða elvadis@mos.is.



Til sölu Commander/ kimpex WSS4, beltin eru ný, má nota bæði í snjó og auðu, hægt að nota undir alla buggy bíla en Polaris festingar fylgja með. Verð 400 þús. stgr. Uppl. 898-8300, Grettir.

Orkutækni ehf. s: 5876065.



3T færanleg skæralyfta hentug í bílskúr með vinnuplássi á milli rammpanna.

Sími : 8920016.

Orkutækni ehf
s: 5876065



RECK hræra með turbo skrúfu.
Á hagstæðu vetrar verði.

Sími : 8920016.

Orkutækni ehf. s: 5876065.
Á hagstæðu vetrar verði.



Maschio C 280 hnífatætar fyrir 80-130 hö, 3ja hraða PTO, HD hnífafestingum og jöfnunarhlera.

Sími : 8920016.

Orkutækni ehf. S:5876065.



Nardi þrískorinn vinnsludýpt 25 - 45 cm. strengbreidd 45 cm. aflþörf 120 - 140 hö.

Sími : 8920016.



KJARAKAUP: VOLVO S40 1,6 dísil. Árgerð 2007, ekinn 170 þ. km., dísil, 5 gírar. Skoðaður 2018. Tilboðsverð 990.000. Rnr.112052. Bílás, Akranesi, 431-2622/bilas.is



Kjarakaup: TOYOTA Avensis wagon sol., árg. 2005, ek. 184, skoðaður 2018, sumar- og vetrad., ssk. Verð 890.000. Rnr.111962. Gott eintak. Bílás, Akranesi, sími 431-2622/bilas.is



Til sölu Comedil byggingakrani, árg. 2000, 32 m bóma með 1000 kg í enda. Verð 3.000.000 án vsk. Uppl. í síma 893-4933.



Suzumar bátur 3,90 m. Sérsmíðuð kerra með mjúkum fjöðrum. Kerran er heitgalvaniseruð. Nýjar legur og ný ljós á kerru. Verð 300.000.- eða skipti á snjósleða eða fjórhjóli. Uppl. í síma 896-2621, Ragnar.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á facebook undir: Suður England sími 499-0588. Haukur. sudurengland@gmail.com



Útvegum kerrur fyrir bændur, verktaka, sveitarfélög eða einstaklinga. Margar stærðir og gerðir í boði. Verð sem koma á óvart. Upp í síma 782-3700.

## Næsta Bændablað kemur út 23. febrúar

Bændablaðið

VÉLATORG.IS



DEUTZ-FAHR 5110C - árg. 2015
kr. 8.950.000- án vsk



KUBOTA M125X - árg. 2012
kr. 7.190.000- án vsk



John Deere 5115M - árg. 2016
kr. 8.150.000- án vsk



DEUTZ-FAHR K110 - árg. 2005
kr. 4.950.000- án vsk



KUBOTA M108S - árg. 2013
kr. 5.975.000- án vsk



JOHN DEERE 6200 SE - árg. 1997
kr. 2.950.000- án vsk



Massey Ferguson 6280 - árg. 1999
kr. 3.650.000- án vsk



McCormick CX105 Xtra-Shift - árg. '05
kr. 3.950.000- án vsk



DOOSAN 450 Plus skidsteer
árg. 2007 - kr. 1.800.000- án vsk

*Allar nánari upplýsingar er að finna á:*

VÉLATORG.IS

Markaðstorg fyrir notaðar búvélar og tæki



**Hitachi ZX38U-5**
Árg 2016, 150 tímar
PAT belti, langur dipper
Hraðtengi og 3 skóflur.
Verð 5,650,000 + vsk



**M.Benz 2635**
Árg 2000, 390,000km
Krókheysi og 1 pallur
Rafmagnsskiptur
Verð 3,750,000 + vsk



**Case WX148**
Árg 2014, 200 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi, 2 skóflur.
Verð 14,000,000 + vsk



**Hamm 3414**
Árg 2009, 1,700 tímar
13 tonn í góðu lagi
Verð 6,900,000 + vsk



**Hyundai HX220L**
Árg 2016, 300 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
900mm spyrnur, flott vél
Verð 16,800,000 + vsk



**Liebherr 934**
Árg 2005, 8,800 tímar
Smurkerfi, hraðtengi fleyglagnir
FRD F35 fleygur, 2 skóflur
Verð 8,250,000 + vsk



**New Holland MH 3,6**
Árg 2007, 3,000 tímar
Rótortilt og 2 skóflur
Verð 6,500,000 + vsk



**Hitachi ZX160W**
Árg 2006, 12,600 tímar
Rótortilt og 2 skóflur
Verð 6,500,000 + vsk

VÉLAFL
**Uppl. í síma**
**893-8424 / set@velafl .is**
**og á 694-3700 / gk@velafl .is**
**www.velafl.is**


## Til sölu

Dísil olíutankur 1100 l með 220 v. dælu og stút, L-1,70, B-1,00, H-1,00. Verð 40 þúsund. Uppl. í síma 894-0103.

Undirburður. Fínkorna og ryklítið sag undir kýr og hross. Mjög róbótavænt. Ókeypis heimkeyrsla á Þingeyjar-og Eyjafjarðarsvæðinu. Tökum þátt í flutningskostnaði til annarra staða á landinu. Uppl. í síma 864-0290 og á sag.is

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7900 kr. Sönnu vestfirsku þjóðsögurnar allar þrjár 1.980 kr. Fín afmælisgjöf. Frítt með póstinum. Ekkert vesen. Vestfirska forlagið jons@snerpa.is sími 456-8181.

HEY til sölu. Efnagreint hey til sölu á góðu verði. Staðsett á Hofi á Höfðaströnd. Nánari uppl. í síma 857-1585, Axel.

Til sölu Novenco innblástursamstæða, ónotuð, reimdrifinn blásari. Afköst eins og hún er uppsett 4000 m³ á klst., er með hitaelimenti, uppblöndunarbúnaði, böfflum á útkasti, síueiningu. Heildarlengd er um 3 m sem skiptist í þrjár einingar, breiddin er 1,42 m, hæðin er 1,017 m. Einnig fylgir með sérsmíðuð eining á inntakshlið með baffli, lengd 1,2 m. Til sýnis í Kópavogi. Uppl. í síma 899-5734.

Til sölu Comenda uppþvottavél, árg. 2001. Búin að vinna vel, en þarfnast athugunar. Verð 50.000. Uppl. í síma 893-5074, Elvar.

Til sölu BRÍÓ 33 kjötsög. Uppl. í síma 849-3860.

Til sölu 500 kg MBB lyfta. Var á Benz sendbíl. Hún er í góðu lagi. Verð 250 þús+vsk. Nánari uppl. í síma 892-2370.

Til sölu varahutir í Patrol i60, árg.´91. Gírkassi og millikassi, startari, intercooler, 1 hliðarspegill, 1 alternator (uppgerður frá Rafstillingu). 4 felgur 15" 4ra gata af Toyota Avensis. Uppl. í síma 863-4687.

Til sölu Land Cruiser, árg.´03, xl 120. Óska eftir tilboði í bílinn. Allar nánari uppl. eru gefnar í síma 454-5270 / 832-6888.

Hestar til sölu. Vel ættuð 4ra vetra brún meri og hestur, frumtamin undan Mídas frá Kaldbak. Móskjóttur, mjög góður barnahestur. Flott rauð meri undan Keilissyni, frumtamin. Fleiri hross eru einnig til sölu. Uppl. í síma 892-4476.

9 manna Renault Trafic, árg. 2006 til sölu. Allt nýtt í bremsum, nýir stýrisendar og spindlar. Búið að skipta um vél. Uppl. í síma 867-4507.

Einangraður flutningakassi á vagni. Vagninn er með lyftu og beygjuhásingu. Tilvalinn í léttari flutninga eða til að innrétta íbúð í. Verð 15000 þús. Uppl í síma 892-9795.

Frímerki til sölu. Nánari upplýsingar í tölvupósti: ho@bondi.is

Til sölu bílskúrshurð, hæð 2,40 m, breidd 3,80 m. Verð kr. 70.000,- eða tilboð. Uppl. gefur Ágúst í síma 695-5740.

## Óska eftir

Vörubílskrani óskast, 20-30 tonnmetra. Uppl. í síma 863-0529.

Gömul handverkfæri. Tré-, járnsmíða, jarðvinnslu: heflar, sporjárn, tangir, löð, skóflur, ljáir, brýni o.s.frv. Fyrir 1940/50. Hannes, sími 694-8108. islenskibaerinn@islenskibaerinn.isr

Óska eftir að kaupa tríma gálga 1220-1490. Uppl. veitir Guðmundur í síma 865-9919.

Í haust auglýsti ég eftir Ford Transit. Þá hringdi í mig maður úr Skagafirði og sagðist eiga góða vél í Transit. Því miður er ég búinn að týna símanúmerinu. Ef hann sér þetta, bið ég hann að hringja í mig í síma 892-5754. Eins aðra sem hafa slíka vél til sölu. Vélin er 2ja lítra.

Óska eftir framdrifi í Suzuki Vitara. Þarf að vera úr árg. 1989-1995, beinskiptum. Uppl. í síma 434-1331. Netfang vifl@simnet.is

Stendur til að rífa? Kúlupanell úr gömlum húsum óskast, málaður eða ómálaður. Byggingatimbur af alls kyns toga, 1x6 o.s.frv. Uppl. í síma 899-6664.

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og aðra tónlist, plötuspilara, gamlar græjur og segulbönd. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

## Atvinna

30 ára karlmaður frá Spáni óskar eftir vinnu við landbúnaðarstörf, hefur verið að vinna s.l. 5 ára í hlutastarfi í vörugeymslu. Er duglegur og fljótur að læra. Nánari uppl.: jsaiz24@hotmail.com

32 ára sænskur karlmaður óskar eftir árstíðarvinnu hvar sem er á landinu frá maí-ágúst. Hefur unnið við viðhaldsvinnu, þrif, akstur, í verksmiðju og farfuglaheimili. Fljótur að læra, skipulagður og hvorki reykir né drekkur. Nánari uppl.: lindmarksimon@gmail.com

Óskum eftir starfsmanni á blandað bú í Mývatnssveit; kýr, kindur og ferðaþjónusta. Looking for an employee on a farm in Lake Myvatn area, north-east of Iceland. Nánari upplýsingar: olof@vogafjos.is. More information: olof@vogafjos.is

Par frá Tékklandi, 27 ára og 24 ára óska eftir starfi á bóndabýli frá apríl/maí til desember. Nánari uppl.: poncikova.e@gmail.com

Búvang ehf., Brúarlandi á Mýrum, vantar starfsmann frá og með 1. maí n.k. í seinasta lagi. Aðalstarf er hirðing svína ásamt öðrum almennum bústörfum. Bílpróf nauðsynlegt. Íbúð til reiðu í Borgarnesi í 17 km fjarlægð. Nánari upplýsingar í síma 844-0429 eða 894-2708. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: buvangur@emax.is

Sýrlensk hjón leita eftir vinnu. Hann er með búvísindamenntun (agricultural engineer) og þau tala ensku. Nánari uppl.: khattabo121@mail.com

## Veiði

Vill greiða fyrir aðgang að landssvæði til andaveiða t.d. tjarnir, ós eða annað hentugt votlendi. Tímabil eitt ár í senn og staðsett á Vestur- eða Suðurlandi. Góðri og hófsamri umgengni heitið. Allar nánari upplýsingar í síma 691-0636 eða icehuntfish@gmail.com

## Þjónusta

Öll alhliða hönnun á byggingum. Sumarhús, íbúðarhús, skemmur, fjós, fjárhús og ferðaþjónustubyggingar. BK Hönnun ehf., s. 865-9277 - birkir@bkhonnun.is

Vantar þig pípara? Pípulagningameistari tekur að sér ýmis konar viðhaldsvinnu og breytingar tengdar pípulögnum. Er á höfuðborgarsvæðinu. Benedikt, sími 899-3464. Vatnshrúturinn ehf.


VINNUKARL



standsafe
Gæða vinnufatnaður frá
Standsafe á góðu verði.
Magnafsláttur í boði.
Sendum frítt um land allt.
**Kíktu á Vinnukarl.is**



**MERCEDES-BENZ Sprinter 519**



**(16+1+1) manna. Árgerð 2016, sjálfskiptur, dísel. 8 gírar, nýr, óekinn og mjög vel útbúinn, er á staðnum, einnig til d.grár bíll. Lúxusútfærsla.**
**Verð 13.900.000.- m/vsk. Rnr.240907.**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777 Eirhöfða 11 • 110 Rvk



**ER KROPPURINN Í LAGI?**

Mörg búverk krefjast þess að bóndinn sé í líkamlega góðu formi. Hann verður að búa yfir styrk, lipurð og þoli til að mæta ólíkum verkefnum dagsins. Þess vegna er mikilvægt að halda sér í formi, gera reglulega æfingar og leggja áherslu á að styrkja alla vöðva líkamans.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

**ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?**



*Kerruvarahlutir á góðu verði*

*Samhliða innflutningi okkar á Indespension kerrum erum við með varahluti og hluti til kerrusmíða fyrir flestar kerrugerðir, t.d. Indespension, Ifor Williams o.fl. Eigum á lager mikið úrval varahluta í helstu gerðir bremsu og hjólabúnaðar fyrir Alko og Knott. Bjóðum einnig sérpantanir.*



Hjólabúnaður



Þrýstibremsur



Nefhjól



Bremsuborðar



Bremsubarkar



Hjólalegur



Læsanlegir og einfaldir beislisendar



Ljós og ljósabúnaður



Hjólnöf

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

# Þarf heimilisfang að koma fram á merkingum matvæla?

**Reglur kveða á um að merkja skuli heimilisfang ábyrgðaraðila á umbúðir matvæla. Deilt hefur verið um hvort merking veffangs í stað heimilisfangs uppfylli ákvæði reglugerðar um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.**

Matvælastofnun álítur að fullt póstfang eigi að koma fram á umbúðum matvæla en gerir ekki athugasemd að svo stöddu við að veffang (heimasíða) matvælafyrirtækis/ábyrgðaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu komi í stað póstfangs að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Allflest ríki innan Evrópusambandsins gera kröfu um fullt póstfang ábyrgðaraðila matvælafyrirtækis (þ.e. götuheiti, húsnúmer, póstnúmer og borg/bær/hérað). Í fáeinum ríkjum á norðlægri slóðum, þar sem aðgangur almennings að veraldarvefnum er mjög almennur, hefur talist fullnægjandi að gefa upp veffang matvælafyrirtækis í stað póstfangs, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er þá gerð krafa um að á viðkomandi heimasíðu megi nálgast á aðgengilegan hátt, nánari upplýsingar um aðsetur fyrirtækisins þannig að neytendur og eftirlitsaðilar geti með auðveldum hætti sett sig í samband við fyrirtækið.

### *Tveggja ára svigrúm*

Samkvæmt eldri merkingarreglum hér á landi var heimilt að gefa upp einungis heimilisfang sem bæ, borg eða hérað. Matvælastofnun álítur að það dugi ekki lengur til, heldur þurfi að gefa upp heimilisfang sem fullt póstfang (þ.e. götuheiti, húsnúmer, póstnúmer og borg/bær/hérað). Stofnunin mun þó beina því til eftirlitsaðila að gefa fyrirtækjum allt að tveggja ára svigrúm til að bæta þessar upplýsingar.

### *Mast mun ekki gera athugasemdir að vissum skilyrðum uppfylltum*

Málhefðir þróast og með tímanum taka ýmis orð breytingum og öðlast jafnvel nýja merkingu. Ekki er útilokað að hugtakið „address“ hafi fengið á sig nútímalegri og víðtækari merkingu (með aðsetur á veraldarvefnum). Á meðan ekki liggur fyrir nánari skilgreining á hugtakinu frá Evrópusambandinu mun Matvælastofnun ekki gera athugasemdir við að veffang matvælafyrirtækis/ábyrgðaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu komi í stað póstfangs að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Mikilvægast er að neytendur og eftirlitsaðilar geti á auðveldan hátt sett sig í samband við fyrirtækið og gerir stofnunin því kröfur um að viðkomandi heimasíða, sem vísað er til, sé aðgengileg, reglulega uppfærð og á henni megi á auðveldan hátt finna upplýsingar um fullt póstfang fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar um merkingar matvæla má finna á vef Matvælastofnunar og á vefsíðunni upprunamerkingar.is.




RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Framhaldsumsókn um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt

**Matvælastofnun hefur auglýst eftir framhaldsumsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt reglugerð nr. 1221/2015, Viðauka IV, verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga. Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu á vef Matvælastofnunar eigi síðar en 1. mars 2017.**



Aðeins þeir sem hafa áður fengið nýliðunarstyrk í sauðfjárrækt skv. fyrrgreindri reglugerð sjaldnar en 5 sinnum geta sótt um styrk að þessu sinni. Ekki er tekið við nýjum umsóknum um nýliðun í sauðfjárrækt skv. fyrrgreindri reglugerð, þar sem nýr samningur um starfsskilyrði í sauðfjárrækt hefur tekið gildi. Úthlutun árið 2017 er í samræmi við 27. gr. bráðabirgðaákvæðis í reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1151/2016 og er þetta í síðasta skipti sem er úthlutað í nýliðunarstyrk í sauðfjárrækt samkvæmt eldri búvörusamningi.


B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 10.500 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

4x4 ! FORD Transit 350



l2h2 trend 155 hestöfl 4x4.
Árgerð 2016, nýr, dísel, 6 gírar.
Verð 5.190.000. + VSK. Rnr.221910.
LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777 Eirhöfða 11 • 110 Rvk

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958



ODDSPARTUR RANGÁRÞINGI YTRA



Til sölu Oddspartur Rangárþingi ytra landnúmer 204612. Á jörðinni sem er samkvæmt fasteignamati 65.711 m2 er einbýlishús á tveimur hæðum er byggt árið 1946 og er 100,2 fm að stærð. Neðri hæðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og herbergi. Efri hæðin skiptist í þrjú svefnherbergi og hol. Lóðin undir íbúðrhúsinu er 1.529 m2 að stærð.

Ennig eru fyrrverandi fjárhús, 88,7 fm og hlaða 114,9 m2 og tvær fyrrverandi garðávaxtageymslur annars vegar 146,2 fm frá árinu 1963 og 49 fm frá árinu 1956. Einnig 77,5 fm bogaskemma frá árinu 1959. Á jörðinni hefur verið útbúið tjaldsvæði og hlöðunni og fjárhúsinu hefur verið breytt þannig að nú er hægt að taka á móti þarna nokkuð stórum hópum fólks. Einnig er hús við tjaldstæðið með klósettum og sturtu. Garðávaxtageymslunum hefur verið breytt töluvert og eru í dag nýttar sem vinnuaðstaða og geymslur. Oddspartur er örstutt frá Þykkvabæ og stutt er á Hellu. Glæsilegt útsýni.

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

**Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.**





Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:




Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

# Framúrskarandi fyrirtæki 6. árið í röð!

**Sjötta árið í röð hefur Bústólpi ehf. verið valið í hóp framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi af Creditinfo, en í ár hlutu 1,7% íslenskra fyrirtækja slíka viðurkenningu.**

**Bústólpi gegnir mikilvægu hlutverki sem ein af grunnstoðum íslensks landbúnaðar.**

**Við gerum okkur fulla grein fyrir þeirri ábyrgð að standa okkur í starfi alla daga.**

**Við erum því stolt af viðurkenningunni, en umfram allt þakklát.**

**Okkur er annt um íslenskan landbúnað og stöndum því vörð um hagsmuni bændasamfélagsins.**

2011 -2016 Framúrskarandi fyrirtæki

**Við þökkum tryggum viðskiptavinum okkar og stafsfólki þennan glæsilega og eftirsótta árangur.**

